


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Kassakerfi
& sjóðsvélar




Holta KJÚKLINGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
21. júní 2012
144. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



## Ellin er bara dulargervi

*Rithöfundurinn Huldar Breiðfjörð fagnar fertugsafmæli sínu í dag.*

**tímamót** 26

## Fjársjóðsleit með GPS

*Eysteinn Guðni Guðnason felur „fjársjóði“ á íslenskum kvikmyndatökustöðum.*

**popp** 50



## Toppliðin töpuðu stigum

*Heil umferð fór fram í Pepsi-deild karla í gærkvöldi.*

**sport** 44

## veðrið í dag




**HÆGUR VINDUR** Í dag má búast við hægviðri eða hafgolu. Nokkuð bjart á norðanverðu landinu, annars bjart með köflum og skúrir, til fram eftir degi en NA- og NV-lands síðdegis. Hiti víða 10-15°C.

VEÐUR 4

# IPA-styrkir bylta kortagerð

**Nákvæm náttúrufarskort og hæðarlíkan af landinu verða gerð fyrir fé úr IPA-styrkjum ESB. Stærsta skrefið í íslenskri kortagerð, segir forstjóri Náttúrufræðistofnunar. Sjö verkefni fá IPA-styrki fyrir tæpa tvo milljarða.**

**UMHVERFISMÁL** Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar fá um 585 milljónir króna í IPA-styrki til að kortleggja náttúrufar á Íslandi. Styrkurinn er til þriggja ára og hærri en sem nemur öllum framlögum til Náttúrufræðistofnunar frá ríkinu á einu ári. IPA-styrkirnir eru veittir vegna aðildarumsóknar Íslands að ESB og eru hugsaðir sem fjárhagsaðstoð til Íslands vegna umsóknarferlisins.

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar, segir að með verkefninu verði stigið stærra skref í einu í kortagerð á Íslandi en nokkurn tímann hefur áður verið stigið. „Það er búið að vera í bígerð að vistgerðarkortleggja landið í um 13 ár og hefur alltaf notið mikils skilnings, en aldrei hefur komið peningur í verkefnið sem skiptir einhverju máli. Við erum orðin langt á eftir öðrum þjóðum hvað þetta snertir,“ segir Jón Gunnar.

Með verkefninu verða uppfylltar skyldur Íslendinga varðandi Bernarsamninginn, um verndun villtra planta og dýra og lífssvæða.

Styrkurinn verður nýttur til að byggja upp NATURA 2000-samstarfsnet á Íslandi, en samkvæmt því verður allt vistkerfi og fuglalíf á Íslandi skráð með það fyrir augum að auðkenna svæði sem þarfnast verndar. Það mun einnig nýtast í skipulagsvinnu. Teknar verða gervihnattamyndir af landinu og unnið hæðarlíkan, auk náttúrufarskortsins. Þá verða fuglastofnar landsins endurmetnir.

> Það er búið að vera í bígerð að vistgerðarkortleggja landið í um 13 ár og hefur alltaf notið mikils skilnings, en aldrei hefur komið peningur í verkefnið sem skiptir einhverju máli.
>
> JÓN GUNNAR OTTÓSSON
> FORSTJÓRI NÁTTÚRFRÆÐISTOFNUNAR

„Þarna fáum við gögn sem skipta verulegu máli, ekki bara fyrir náttúruverndarþáttinn, heldur skipulagsvinnu sveitarfélaganna og ýmislegt fleira. Ávinningurinn verður svakalega mikill bæði þjóðhagslega og fjárhagslega.“

Alþingi veitti ríkisstjórninni á mánudag heimild til að undirrita rammasamning um IPA-styrkina. Jón Gunnar vonast til að skrifað verði undir samninginn hvað þetta verkefni varðar í næstu viku. Sá samningur mun gilda hvað sem líður aðildarviðræðum við ESB og jafnvel þótt rammasamningnum sjálfum verði sagt upp. „Burtséð frá öllu Evrópusambandstali þá er þetta alveg gríðarlega stórt mál sem þá er komið í höfn.“ Alls fá sjö verkefni samtals tæpa tvo milljarða í IPA-styrki.

**- kóp /** **sjá síðu 4**



**MARÍULAXINN** Jón Gnarr var greinilega hrifinn af maríulaxi Theodóru sem hún setti í eftir að hafa opnað Elliðaárnar formlega ásamt borgarstjóra. Hún hefur starfað að gróðursetningu og fegrun skóglendisins í Breiðholtshvarfi og Arnarbakka með vinnuhópi ungmenna með skerta starfsgetu í tugi ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Theodóru Rafnsdóttur, Reykvíkingi ársins 2012, er lýst sem óvenju jákvæðri:

# Setti í maríulaxinn í Elliðaám

**FÓLK** Theodóra Guðrún Rafnsdóttir var útnefnd Reykvíkingur ársins 2012. Af því tilefni opnaði hún Elliðaárnar í gærmorgun með Jóni Gnarr borgarstjóra og veiddi maríulaxinn sinn. Hún kvaðst hins vegar ekki hafa getað hugsað sér að bíta í uggann á laxinum, líkt og hefð er fyrir. „Ég kyssti hann í staðinn.“

Theodóru er lýst sem kraftaverkakonu sem unnið hefur ómetanlegt starf í þágu ungmenna með skerta starfsgetu. Hún þykir óvenju jákvæð manneskja, mannþekkjari og forkur til allra verka. Hún hefur starfað sem flokksstjóri með vinnuhópi ungmenna með skerta starfsgetu í meira en tvo áratugi. Auk þess hefur Theodóra starfað sem grunnskólakennari í Seljaskóla.

„Þetta byrjaði upp úr 1980, þá fór að koma einn og einn með skerta starfsgetu inn í hóp krakka úr tíunda bekk,“ segir Theodóra. „Það reyndist vel að blanda þessu svona saman. Þróunin varð sú að nú eru 15 starfsskertir einstaklingar sem vinna með krökkum úr vinnuskóla Reykjavíkur.“

Theodóra segir að krakkarnir komi í hópa sína vinafáir en kynnist þar mörgum sem séu stórvinir þeirra í dag. „Þarna myndast vinatengsl og það finnst mér skipta mjög miklu máli.“

**- bþh**

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Mál Wikileaks tekið fyrir í dag

**DÓMSMÁL** Fyrsta dómsmál Wikileaks gegn kreditkortafyrirtækjum verður flutt í héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Wikileaks hefur undirbúið málssóknir víða um heim vegna þeirrar ákvörðunar VISA, Mastercard, Bank of America, Western Union og Paypal að setja Wikileaks í viðskiptabannn. Frá þessu segir Kristinn Hrafnsson blaðamaður í grein í Fréttablaðinu í dag.



**KRISTINN HRAFNSSON**

Samstarfsaðili Wikileaks, fyrirtækið Data Cell, höfðaði málið hér á landi gegn Valitor. Fyrirtækin gerðu samning um að Valitor tæki við stuðningsframlögum fyrir Wikileaks, en það var aðeins hægt í nokkrar klukkustundir.

**- þeb /** **sjá síðu 19**

Tilvalin útskriftargjöf




Fæst í bókabúðum
www.sogufelag.is




www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

SIGRAR ÁSTIN ALLT?



## SPURNING DAGSINS



*María, ertu ekki bara að teygja lopann?*

„Það er hægt að þæfa fleira en mál.“

María Guðmundsdóttir í Kringlumýri í Blönduhlíð í Skagafirði er afkastamikil handverkakona sem vinnur aðallega með ull.

Meðalgöngustefnu framkvæmdastjórnar ESB í Icesave-málinu svarað:

# Stjórnvöld svara stefnu ESB af krafti

**DÓMSMÁL** Röksemdir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) og eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í Icesave-málinu halda engu vatni og sú leið sem ESB vill fara hefði fáránlegar afleiðingar. Þetta kemur fram í harðorðu svari Íslands við meðalgöngustefnu framkvæmdastjórnar ESB sem sent var til Brussel í gær.

Í svarinu, sem Vísir fjallaði um í gær, segir að sömu grundvallargallar séu á röksemdum og greiningu framkvæmdastjórnar ESB og sé að finna í greinargerð ESA. Væri það ábyrgð ríkissjóðs að tryggja að nægir peningar væru í Tryggingasjóði innistæðueigenda til að greiða Icesave-skuldina myndi það setja fordæmi í öðrum tilvikum þar sem slíka ábyrgð sé tæplega að finna.



**EFTA-DÓMSTÓLINN** Icesave-málið verður flutt fyrir EFTA-dómstólnum 18. september næstkomandi.

Sem fyrr leggur Ísland áherslu á að eina skylda íslenska ríkisins hafi verið að koma á fót innistæðutryggingarkerfi og hafa eftirlit með því. Hins vegar hafi það ekki verið skylda íslenska ríkisins að tryggja greiðslur í þeim tilvikum þar sem peningar í sjóðnum nægja ekki til að greiða kröfur innistæðueigenda vegna falls banka.

Icesave-málið verður flutt fyrir EFTA-dómstólnum 18. september næstkomandi. **- þþ**

Tveir fluttir á slysadeild:

# Fjórir bílar skullu saman

**SLYS** Tveir voru fluttir á slysadeild í gærkvöldi eftir fjögurra bíla árekstur sem varð á gatnamótum Grensásvegar og Miklubrautar. Loka þurfti Grensásvegi frá Miklubraut að Fellsmúla um stund eftir áreksturinn.

Bílarnir sem rákust saman eru allir fólksbílar en beita þurfti klippum til að ná ökumanni einnar bifreiðarinnar út úr henni.

Tildrög slyssins eru óljós en þau er til rannsóknar hjá lögreglu. **- mþl**



**SUÐURSKAUTIÐ** Nú gæti aftur hlýnað hjá mörgæsunum. NORDICPHOTOS/AFP

Hlýskeið fyrir 15 milljónum ára:

# Suðurskautið líktist Íslandi

**NÁTTÚRA** Strendur Suðurskautslandsins voru grónar fyrir fimmtán milljónum ára en þá hlýnaði vegna aukins koltvísýrings í andrúmsloftinu. Vísindamenn telja þessar niðurstöður rannsókna á plöntuleifum á hafsbotni geta gefið vísbendingu um þróun mála þegar loftslag hlýnar á ný.

Í grein í vísindatímaritinu *Nature Geoscience* kemur fram að bæði hafi verið hlýrra og vætusamara á Suðurskautslandinu en nú. „Þegar plánetan hlýnar verða mestu breytingarnar við heimskautin. Þegar úrkoman færðist suður á bóginn urðu strendur Suðurskautslandsins líkari Íslandi dagsins í dag en frosnu heimskautalandslagi,“ segir vísindamaðurinn Jun-Eun Lee í samtali við sænska ríkisútvarpið. **- óþs**





**HÉRAÐSDÓMI REYKJANESS Í GÆR** Einar „boom“ Marteinsson var sýknaður af ákæru um að hafa skipulagt grófa líkamsárás. Andrea Unnarsdóttir fékk hins vegar þyngstan dóm fjögurra sem voru sakfelldir, fjögurra og hálfs árs fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þungir dómar vegna grófrar líkamsárásar

**Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær fjóra einstaklinga í tveggja til fjögurra og hálfs árs fangelsi vegna hrottalegrar líkamsárásar í heimahúsi á höfuðborgarsvæðinu stuttu fyrir jól. Fyrrum leiðtogi Vítisengla var hins vegar sýknaður.**

**DÓMSMÁL** Einar „boom“ Marteinsson, fyrrum leiðtogi Vítisengla, var í gær sýknaður af ákæru um að hafa skipulagt hrottalega líkamsárás á konu í lok síðasta árs. Að því er fram kemur á Vísi voru fjórir aðrir sakfelldir í málinu, þar á meðal Andrea Unnarsdóttir sem fékk fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm, þann þyngsta í málinu. Það var Héraðsdómur Reykjaness sem kvað upp dóminn en fórnarlambinu voru dæmdar tvær milljónir króna í skaðabætur.

Samkvæmt heimildum Vísis hlutu dóm auk Andreu Jón Ólafsson, kærasti hennar, sem var dæmdur í fjögurra ára fangelsi, Elías Jónsson, sem fékk einnig fjögurra ára fangelsisdóm, og Óttar Gunnarsson, sem var dæmdur í tveggja ára fangelsi. Auk Einars var sjötti einstaklingurinn sem var sýknaður í málinu.

Sakborningarnir voru ákærðir fyrir hrottafengna líkamsárás og nauðgun á konu á heimili hennar á höfuðborgarsvæðinu skömmu fyrir jól. Einari var gefið að sök að hafa skipulagt verknaðinn og gefið fyrirmæli en þeim Andreu, Jóni og Elíasi að hafa framkvæmt árásina. Óttari var gefið að sök að hafa ekki komið fórnarlambinu til bjargar og þá var sjötti maðurinn ákærður fyrir að hafa tekið á móti poka eftir árásina sem innihélt kylfu og grímu.

Einn ákæruliðanna varðaði þáttöku sakborninganna í skipulagðri glæpastarfsemi en enginn þeirra var dæmdur fyrir þann lið ákærunnar. Allir voru sakborningarnir taldir tengjast Vítisenglum með einum eða öðrum hætti.

Jón Egilsson, verjandi Elíasar, sagði við Vísi eftir að dómur féll að hann hygðist áfrýja málinu en saksóknari sagði að ekki hefði verið tekin ákvörðun um áfrýjun.

Einar, sem Héraðsdómur sýknaði, hefur setið í gæsluvarðhaldi í rúma sex mánuði vegna málsins. Oddgeir Einarsson verjandi hans sagði í samtali við Vísi mjög líklegt að höfðað yrði skaðabótamál vegna gæsluvarðhaldsins, staðfesti Hæstiréttur dóminn.

**magnusl@frettabladid.is**

Dómkirkjuprestur ósáttur:

# Messunni lauk á tilsettum tíma

**HÁTÍÐARHÖLD Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur vísar ásökunum á bug um að dagskrá á Austurvelli á 17. júní hafi riðlast vegna þess hversu snemma guðsþjónustu í Dómkirkjunni lauk. Henni hafi aðeins lokið fjórum mínútum fyrr en áætlað var.**



**HJÁLMAR JÓNSSON**

**Greint frá því á mánudag að einhverjir hefðu einfaldlega misst af hátíðarhöldunum vegna hnökra á dagskrá.**

**Dómkirkjan er aðili að undirbúningi hátíðarhaldanna að morgni 17. júní. Hjálmar segir að einfalt hefði verið að tímajafna dagskrána ef ástæða hefði þótt til.**

**„Hafi eitthvað farið úrskeiðis við framkvæmd hátíðarhaldanna þarf að leita skýringa annars staðar,“ segir Hjálmar. - bþh**

Vígslubiskup á Hólum kjörinn:

# Solveig kjörin vígslubiskup

**ÞJÓÐKIRKJAN** Solveig Lára Guðmundsdóttir hefur verið valin vígslubiskup á Hólum. Atkvæði voru talin í síðari umferð kosninga til embættisins í gær.



**SOLVEIG LÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR**

Kristján Björnsson og Solveig Lára voru tvö í kjöri í seinni umferð kosninganna. Solveig Lára hlaut 96 atkvæði þeirra 174 sem greiddu atkvæði. Kristján fékk 70 atkvæði. Á kjörskrá var 181 og kjörsókn því 96 prósent. **-bþh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hraðakstur minnkar

Brot 21 ökumanns voru mynduð á Korpúlfsstaðavegi í Reykjavík í gær. Á einni klukkustund óku 102 ökutæki þessa leið og voru rúm 20 prósent á of miklum hraða. Við fyrri hraðamælingar lögreglunnar á þessum stað hefur brotahlutfallið verið 31 til 39 prósent.

## STRÆTÓFERÐIR

### Verðlækkun á Akranesleið

Strætó lækkar verð á fari frá Reykjavík til Akraness. Almennt gjald verður 600 krónur fyrir fullorðna, 230 fyrir unglinga og 90 krónur fyrir börn.




Þingsalur Alþingis var rýmdur svo sinna mætti viðhaldi og setja forseta í embætti:

# Þingsalur Alþingis rýmdur

**ALÞINGI** Þingsalur Alþingishússins hefur nú verið rýmdur í kjölfar þingloka á þriðjudag. Húsgögn, borð og ræðustóll voru flutt í gám fyrir utan húsið í gær. Salurinn er tæmdur á fjögurra ára fresti því þar fer fram formleg innsetningarathöfn forseta í embætti. Sá frambjóðandi sem verður hlutskarpastur í forsetakjörinu í lok þessa mánaðar verður settur í embætti í þingsalnum þann 1. ágúst.

Það eru því hátt í sex vikur þar til sú athöfn verður en sá tími verður nýttur í endurbætur á þingsalnum. Bera þarf á gólf og sinna ýmsu mikilvægu viðhaldi. Salurinn verður þó ekki í hers höndum allan þann tíma því þann 8. júlí koma saman allar þær konur sem kosnar hafa verið á Alþingi í tilefni 90 ára kosningarafmælis Ingibjargar H. Bjarnason. Hún var fyrst íslenskra kvenna til að gegna þingmennsku árið 1922. **- bþh**



**ÚT Í GÁM** Innréttingar þingsalarins í Alþingishúsinu voru bornar út í gám til geymslu þar til þing kemur saman á ný í september. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

husa.is

# ÁVÍSUN FYRIR ÞIG

## SUMARAUKI HÚSASMIÐJUNNAR OG BLÓMAVALS




## Nýttu ávísunina strax!

Ávísun á sumarauka kemur inn á öll heimili landsins í vikunni. Ávísunin gildir sem 3.000 kr. innborgun í verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals um land allt, ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira.

**Nýttu ávísunina strax, því hún gildir aðeins til 1. júlí.**







## Trjáplöntuveisla í Blómavali!

**Allir toppar, allir kvistir, rifsber, ýmsar sígrænar tegundir.**

**Aðeins 999 kr.**

**Loðvíðir, gljámispill, alparifs**

**Aðeins 690 kr.**

**Fjöldi annarra tilboða!**









## Sumaraukinn 2012 er kominn út í glæsilegri og skemmtilegri vefútgáfu.

Flettu blaðinu á **husa.is**, skoðaðu úrvalið og verðið, fáðu hugmyndir og gerðu sumarið enn skemmtilegra. Sumaraukinn er á **husa.is** og þar finnur þú allt fyrir ferðalagið, sumarhúsið og garðinn.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI**
**SÍÐAN 1956**

DYNAMO REYKJAVÍK

## GENGIÐ 20.06.2016

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,38 | 124,98 |
| Sterlingspund | 195,63 | 196,59 |
| Evra | 157,8 | 158,68 |
| Dönsk króna | 21,227 | 21,351 |
| Norsk króna | 20,978 | 21,102 |
| Sænsk króna | 17,852 | 17,956 |
| Japanskt jen | 1,5746 | 1,5838 |
| SDR | 189,54 | 190,66 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,3935

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**FERÐAMENN** Gjaldeyrisflæði frá erlendum ferðamönnum skýrir hluta styrkingar krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Styrkst um 5% frá botni:

## Krónan styrkst síðustu daga

**EFNAHAGSMÁL Gengi íslensku krónunnar hefur styrkst nokkuð síðustu daga eftir að hafa staðið nokkurn veginn í stað síðan í byrjun maí. Hefur krónan ekki verið jafn sterk og um þessar mundir frá miðjum janúar.**

**Gengisvísitalan stóð í 219,04 stigum í lok dags í gær og hefur styrkst um 2,2 prósent á einni viku. Þess má geta að gengi krónunnar styrkist þegar vísitalan lækkar.**

**Lægst hefur gengið mælst í rúmum 229 stigum á árinu og hefur krónan því styrkst um tæp 5% frá botni í lok mars.** - mþl

### LEIÐRÉTT

Suðurstrandarvegur verður opnaður formlega í dag en ekki í gær eins og ranghermt var í blaði gærdagsins.

### HALDIÐ TIL HAGA

Vegna fréttar af Esjugöngu Gunnlaugs Júlíussonar, sem birtist í blaðinu í gær, skal áréttað að gangan verður næstkomandi laugardag. Áætlað er að gangan taki 15 stundir og er framtakið liður í baráttu Rótarý-hreyfingarinnar í baráttunni gegn lömunarveiki.

Gosdrykkurinn Kók mun fáanlegur á Kúbu en þarlendir munu flytja drykkinn inn frá ríkjum S-Ameríku þótt gosdrykkjaframleiðandinn Coca-Cola eigi ekki í beinum viðskiptum við landið.

Engar sumarlokanir í fiskiðjuverum HB Granda í Reykjavík og á Akranesi:

# Unga fólkið heldur uppi vinnslu

**SJÁVARÚTVEGUR** Full starfsemi verður í fiskiðjuverum HB Granda í Reykjavík og á Akranesi í sumar. Á meðan starfsfólk fiskiðjuveranna er í sumarleyfum standa skólanemar vaktina.

Á Vopnafirði hefur vinnsla á uppsjávarfiski legið niðri frá því að vinnslu á loðnu lauk þann 4. mars og hefur starfsfólkið verið í sumarfríi að undanförnu. Stefnt er að því að hefja veiðar á síld og makríl í lok mánaðarins og vinnsla ætti því að hefjast þar að nýju í byrjun næsta mánaðar, að því er fram kemur á vef fyrirtækisins.

**40** ungmenni hið minnsta starfa við vinnslu á síld og makríl á Vopnafirði í sumar.

Að sögn Torfa Þorsteinssonar, framleiðslustjóra HB Granda, hafa um 60 ungmenni verið ráðin til starfa í fiskiðjuverinu á Norðurgarði í Reykjavík í sumar og á Akranesi er fjöldinn um tuttugu og fimm. Líkt og í fyrra verður ekki gert hlé á starfseminni á þessum stöðum.

Magnús Róbertsson, vinnslustjóri HB Granda á Vopnafirði, segir að vinnsla í uppsjávarfrystihúsinu hefjist í byrjun júlí en flestir starfsmanna í vinnslunni nýttu hléið, sem verið hefur frá því að loðnuvertíðinni lauk, til að fara í sumarleyfi.

Þrátt fyrir vinnsluhlé munu um 40 til 45 ungmenni starfa við vinnslu á síld og makríl á Vopnafirði í sumar þannig að þegar á heildina er litið munu allt að 130 skólanemar starfa við sumarafleysingar hjá félaginu í sumar. - shá

ESA segir lög ekki nógu skýr:

## Styrkja þarf jafnréttisreglur

**UTANRÍKISMÁL** Ísland þarf að styrkja reglur um jafnrétti á vinnumarkaði, að áliti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA. Stofnunin hefur sent frá sér rökstutt álit, sem telst lokaviðvörun í málinu. ESA getur vísað málinu til EFTA-dómstólsins fari Ísland ekki að álitinu.

ESA telur að Íslendingar hafi ekki hrint tilskipun um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna á vinnumarkaði nægilega vel í framkvæmd og að íslensk lög endurspegli ekki nægilega vel orðalag í tilskipuninni. - kóp

# Tveir milljarðar í IPA-styrki

**Sjö verkefni eru í startholunum eftir að Alþingi samþykkti frumvarp um IPA-styrki frá Evrópusambandinu. Alls koma tæpir 2 milljarðar króna inn í hagkerfið. Matvælaeftirlit og jarðvangur á meðal verkefna.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað fæst fyrir IPA-styrkina?

Tæplega tveir milljarðar króna af IPA-styrkjum Evrópusambandsins verða nýttir á næstu þremur árum í sjö ólík verkefni. Ljóst er að styrkirnir munu gerbreyta landslaginu hjá þeim stofnunum sem fá þá. Á meðal verkefna sem verða að veruleika er jarðvangur á Eyjafjallajökulssvæðinu.

Alþingi samþykkti á mánudag heimild fyrir ríkisstjórnina um að undirrita rammasamning um styrkina. Búist var við þeirri samþykkt í vor, en drátturinn hefur þó ekki afgerandi áhrif á starfsemina. Alls er um 12 milljónir evra að ræða, eða rúmlega 1,9 milljarða króna á núverandi gengi.

Styrkirnir eru óafturkræfir. Þó upp úr viðræðum við ESB slitni eða aðild verði felld í þjóðaratkvæðagreiðslu, standa greiðslurnar. Skiptir þá engu þótt sjálfum rammasamningnum verði sagt upp, samningur hvers verkefnis stendur.

Fréttablaðið leit yfir þau verkefni sem fá styrk.



**EYJAFJALLAJÖKULL** Meðal verkefna sem IPA-styrkirnir verða nýttir í er að koma upp jarðvangi og þekkingarsetri á Eyjafjallasvæðinu. Vonast er til að það efli ferðamennsku á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Náttúrufræðistofnun**

Fær 3 milljónir, 685 þúsund evrur, ásamt Landmælingum og fleiri, til að kortleggja vistkerfi og fuglalíf á Íslandi. Auðkennd verða svæði sem þarfnast verndar.

**Skrifstofa landtengiliðs**

1,5 milljón evra fara í landtengilið sem annast samræmingu, stjórn og eftirlit með stuðningi ESB á sviði byggðamála og atvinnuuppbyggingar.

**Háskólafélag Suðurlands**

Fær 560 þúsund evrur til að vinna að verkefninu Katla jarðvangur. Ætlunin er að vinna þróunaráætlun fyrir Eyjafjallajökulssvæðið og uppbyggingu á þekkingarsetri fyrir svæðið.

**Óákveðið (Matís)**

1,9 milljónir evra fara til að framfylgja reglugerðum um matvælaöryggi sem þegar hafa verið innleiddar í gegnum EES. Markmiðið er að tryggja matvælaöryggi og styrkja neytendavernd. Bæta þarf tækjabúnað og þjálfun starfsfólks. Styrkurinn var eyrnamerktur Matís en andstaða þáverandi ráðherra, Jóns Bjarnasonar, veldur því að nú er hann óskilgreindur.

**Þýðingarmiðstöð**

Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins og Háskóli Íslands fá 1,5 milljóna evra styrk til að þýða regluverk ESB á íslensku. Hluti fer í tækjakaup við nýja námsbraut fyrir ráðstefnutúlka í HÍ.

**Hagstofan**

Fær 825 þúsund evrur til að endurbæta gerð þjóðhagsreikninga, en skortur á mikilvægum hagtölum er talinn valda erfiðleikum við að meta stöðu einstakra atvinnugreina. Styrkurinn gerir Hagstofunni kleift að fjölga starfsmönnum sem er forsenda verkefnisins.

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**

Fær 1.875 þúsund evrur til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun. Þróað verður raunfærnimat sem nýtist við mat í framhaldsskóla.

### Styrkurinn forsenda verkefnisins



Háskólafélag Suðurlands fær 90 milljóna króna IPA-styrk til að koma upp Kötlu-jarðvangi og vinna þróunaráætlun fyrir Eyjafjallajökulssvæðið. Hafist verður handa í sumar, verkefnisstjóri ráðinn og einn til tveir starfsmenn til að sinna gerð fræðsluverkefnis. Heimamenn verða síðan ráðnir í uppsetningu fræðsluskilta og fleira. Til að setja 90 milljóna króna styrkinn í samhengi fékk háskólafélagið hálfa milljón króna í ríkisstjóði árið 2012.

„Þessi styrkur er algjör forsenda þess að við getum farið í þessar framkvæmdir og gerð fræðsluefnisins. Við vonumst til þess að ferðamennskan eflist við þetta, sérstaklega utan hins hefðbundna ferðamannatíma," segir **Sigurður Sigursveinsson**, framkvæmdastjóri háskólafélagsins.

### Hækkar menntunarstig þjóðarinnar



Verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins byggir á að þróa raunfærnimat, en sem er leið til að meta þekking fólks. Um þriðjungur fólks á vinnumarkaði hefur ekki lokið framhaldsskóla. Með matinu er raunveruleg þekking metin sem þýðir styttra nám, snúi það aftur í skóla. Alls fara 300 milljónir króna af IPA-styrkjum í verkefnið, en til að setja það í samhengi fær Fræðslumiðstöðin sem sér um verkefnið 110 milljónir árlega á fjárlögum.

„Þetta er mjög mikilvægt verkefni," segir **Ingibjörg E. Guðmundsdóttir**, framkvæmdastjóri fræðslumiðstöðvarinnar. „Fólk finnur að það hefur lært eitthvað í atvinnulífinu og þróað styrkleika sína. Þetta eflir atvinnulíf í landinu og einstaklingana og stuðlar að hærra menntunarstigi."






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝNAR** Spá næstu daga er ljómandi góð. Horfur eru á hægum vindi eða hafgolu og sú gula lætur sjá sig í öllum landshlutum. Úrkoma verður með minnsta móti en þó horfur á stöku skúrum, einkum inn til landsins síðdegis. Heldur hlýnar í veðri.




Á MORGUN Hægur vindur eða hafgola.

LAUGARDAGUR Hæglætisveður, skúrir síðdegis

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 21° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 34° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 21° |
| París | 25° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



Vertu snjallari með Nova!
Hver tróð alfræðiorðabók í símann minn?
2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir með Samsung Galaxy S III!
SAMSUNG
12:45
Thu. 3 May
Samsung GALAXY S III
8.690 kr. í 18 mán.
139.990 kr. stgr.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter
Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú ánægð(ur) með að þingmenn hafi komist að samkomulagi um þinglok?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 37,1% |
| NEI | 62,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú gengið á Esjuna?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Julian Assange dvelur nú í sendiráði Ekvadors í Lundúnum og verður handtekinn ef hann fer þaðan:

# Óttast að verða framseldur til Bandaríkjanna

**BRETLAND, AP** Julian Assange, forsprakki Wikileaks, verður handtekinn ef hann yfirgefur sendiráð Ekvadors í Lundúnum, þar sem hann dvelur. Meðan hann heldur sig þar inni getur breska lögreglan hins vegar ekkert aðhafst.

Assange kom í sendiráðið á þriðjudag og óskaði eftir pólitísku hæli í Ekvador. Verið er að fara yfir beiðni hans í Ekvador og á meðan fær hann að dvelja í sendiráðinu í Lundúnum.

Framselja á Assange til Svíþjóðar þann 28. júní þar sem hann á yfir höfði sér kærur vegna kynferðisbrota. Með því að dvelja yfir nótt í sendiráðinu braut hann skilorð, og verður því handtekinn ef hann yfirgefur sendiráðið. Lögreglumenn bíða þar fyrir utan.

Stuðningsmenn Assange segja hann óttast að hann verði framseldur til Bandaríkjanna og að þar verði hann dæmdur til langrar fangelsisvistar. Þá er hann sagður óttast um líf sitt.

Einn fyrrverandi lögmanna hans sagði hann mögulega vera að reyna að semja við sænsk stjórnvöld um að þau lofi að hann verði ekki framseldur frá Svíþjóð til Bandaríkjanna. Ef það gangi eftir muni hann mögulega fara sjálfviljugur til Svíþjóðar. **- þeb**



**SENDIRÁÐIÐ Í LUNDÚNUM** Lögreglumenn vakta nú sendiráð Ekvadors í Lundúnum. Auk þeirra hefur fjöldi blaðamanna og ljósmyndara tekið sér stöðu fyrir utan. NORDICPHOTOS/AFP





**AUÐLINDASTEFNU**

Nefnd forsætisráðherra um auðlindastefnu boðar til málþings í **Hörpu,** föstudaginn **22. júní frá kl. 9 til 12 í salnum Rímu.** Á málþinginu verða kynnt drög að skýrslu auðlindastefnunefndarinnar.

**Dagskrá málþingsins í Hörpu, föstudaginn 22. júní**

9:00 **Arnar Guðmundsson,** *form. auðlindastefnunefndar kynnir skýrsluna og helstu tillögur nefndarinnar.*

9:30 **Dr. Daði Már Kristófersson,** *dósent í auðlindahagfræði við hagfræðideild Háskóla Íslands mun gefa yfirlit yfir helstu sjónarmið sem taka þarf tillit til við gerð auðlindastefnu og rýna í tillögur auðlindastefnunefndarinnar.*

10:00 **Kaffihlé**

10:15 **Philip J. Daniel** *fjallar um leiðir við skattlagningu auðlinda. Philip er yfirmaður skattastefnusviðs Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og sérfræðingur í skattlagningu auðlinda.*

10:55 **Fulltrúar þingflokka**
*Eygló Harðardóttir, Framsóknarflokki*
*Birgitta Jónsdóttir, Hreyfingunni*
*Tryggvi Þór Herbertsson, Sjálfstæðisflokki*
*Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Samfylkingunni*
*Bergur Sigurðsson, framkvæmdastj. þingflokks VG*

11:30 **Spurningar og pallborðsumræður**

Fundarstjóri er dr. Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

**MÁLÞINGIÐ ER ÖLLUM OPIÐ**

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ


# Jóhanna dæmd fyrir brot á jafnréttislögum

**Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í máli Önnu Kristínar Ólafsdóttur gegn íslenska ríkinu í gær. Jóhanna Sigurðardóttir braut jafnréttislög þegar hún veitti Arnari Þór Mássyni starf skrifstofustjóra í ráðuneytinu fram yfir Önnu Kristínu.**

**DÓMSMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra braut lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þegar Arnar Þór Másson var ráðinn í stöðu skrifstofustjóra skrifstofu stjórnsýslu- og samfélagsþróunar og tekinn fram yfir Önnu Kristínu Ólafsdóttur. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp í gær.

Forsætisráðuneytið var í Héraðsdómi dæmt til að greiða Önnu Kristínu 500 þúsund krónur í miskabætur. Forsætisráðuneytið hafði boðið Önnu Kristínu sömu upphæð í kjölfar úrskurðar kærunefndar jafnréttismála.

Anna Kristín höfðaði skaðabótamál á hendur ríkinu eftir að ráðuneytið hafnaði kröfu hennar um fimm milljóna króna miska- og skaðabætur. Kærunefnd jafnréttismála hafði úrskurðað að með ráðningu Arnars Þórs hefði forsætisráðherra brotið ákvæði laga um jafna stöðu kynjanna. Þar kom fram að ekki hefði verið sýnt fram á að annað en kynferði hefði ráðið því að Arnar Þór var ráðinn fram yfir Önnu Kristínu. Hún hefði verið að minnsta kosti jafnhæf í stöðuna.

Anna Kristín krafðist tæplega 16 milljóna króna í skaðabætur, auk vaxta. Byggði hún kröfu sína á því að starfsveitingin hefði verið ólögmæt og að með skipuninni hefðu jafnréttislög verið brotin.

Forsætisráðuneytið var sýknað af skaðabótakröfum því ekki var sannað að Önnu Kristínu hefði borið að fá starfið umfram þá sem raðað var ofar en henni í hæfismati ráðuneytisins. Önnu var raðað í fimmta sæti við hæfismatið.

## Kallaði sjálf eftir afsögn ráðherra

Jóhanna Sigurðardóttir kallaði eftir afsögn Björns Bjarnasonar úr embætti dómsmálaráðherra eftir að kærunefnd jafnréttismála úrskurðaði að hann hefði brotið jafnréttislög með því að ráða karlmann í stöðu hæstaréttardómara. Kona sem sótti um sama starf var ekki ráðin þrátt fyrir að vera talin hæfari en sá sem ráðinn var. Þá var svipuð staða uppi því karlkyns hæstaréttardómarar voru fleiri en kvenkyns. Nefndin úrskurðaði einnig um lögmæti ráðningar í stöðu skrifstofustjóra skrifstofu stjórnsýslu- og samfélagsþróunar. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að kvenkyns skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu hafi verið mun færri en karlkyns.

Árið 2004, þegar mál Björns Bjarnasonar kom upp, sagði Jóhanna í ræðustól á Alþingi: „Hjá öðrum lýðræðisþjóðum hefði ráðherra sem brýtur svo gróflega lög og reglur verið látinn fjúka. En hér á landi er allt leyfilegt hjá ráðherrum og þeir komast upp með allt. Ef ráðherrar eru ósáttir við lög eiga lögin bara að víkja en ekki þeir að þeirra mati."

Síðar í sömu ræðu spurði hún: „Hver er pólitísk ábyrgð ráðherrans? Er henni fullnægt að mati ráðherra með því að brotaþola verði dæmdar skaðabætur eða á ráðherra að segja af sér?"



**JAFNRÉTTISLÖG BROTIN** Dómurinn telur Jóhönnu hafa með stjórnvaldsákvörðun sinni brotið jafnréttislög.

Í dómnum kemur fram að krafa Önnu Kristínar um miskabætur hafi byggst á að henni hafi verið af hálfu forsætisráðherra sýnd lítilsvirðing, hún hafi verið niðurlægð á opinberum vettvangi og vegið hafi verið að starfsheiðri hennar, reynslu og hæfni. Dómurinn féllst á miskabótakröfu hennar að upphæð 500 þúsund krónur. Einnig fær Anna Kristín greiddar 1.600 þúsund krónur í málskostnað.

Anna Kristín byggði meðal annars mál sitt á því að þegar forsætisráðherra ákvað að nýta ekki heimild sína til frestunar réttaráhrifa hafi hún viðurkennt brot sitt.

Í yfirlýsingu á vef forsætisráðuneytisins um málið kemur fram að „í dóminum er hvorki lagt sjálfstætt né efnislegt mat á það hvort jafnréttislög hafi verið brotin við skipun í embættið". Í dóminum er þó fullyrt að forsætisráðherra hafi brotið lög númer 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. **birgirh@frettabladid.is**

Áfram er grafið og rannsakað á Alþingisreitnum í miðbæ Reykjavíkur:

# Samfélag frá víkingaöld fundið

**MENNING** „Við sjáum allavega eina smiðju ef ekki tvær, en einnig kolagrafir og járnbræðsluofna," segir Vala Garðarsdóttir, uppgraftarstjóri á Alþingisreitnum sem er á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis. Þar hefur frá árinu 2008 verið grafið eftir fornminjum á sumrin.

„Svo virðast vera þarna byggingar þar sem annars konar verk hafa verið unnin, svo sem gripasmíðar úr viði og grjóti. Sennilega líka ullarvinnsla og brugggerð, þar sem fólk hefur bruggað og bakað." Vala segir uppgröftinn nokkuð sérstakan.

„Við erum að fá umfangsmikið svæði sem tilheyrir ekki bara húshaldi eða bæjarstæði frá fjölskyldu. Þetta er vísir að stærra samfélagi en við erum vön að sjá frá víkingaöld á Íslandi."

Uppgröfturinn hófst 1. júní og áætluð verklok eru um miðjan september. **- ktg**



**UNNIÐ Á ALÞINGISREITNUM** Vala Garðarsdóttir og hennar fólk að störfum við uppgröft fornleifa á Alþingisreitnum svonefnda í miðbæ Reykjavíkur í gær. Reiturinn er á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# TAX FREE

## ALLIR SKÓR ÁN VIRÐISAUKASKATTS

fimmtudag til sunnudags



# SKÓAÐU ÞIG UPP!

## skór á alla fjölskylduna

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 24. júní 2012.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða sveitarfélag vill fá niðurfellingu skulda á félagslegu húsnæði?*
2. *Hver vill fá hæli í Ekvador?*
3. *Hvað heitir ríkisskattstjóri?*

**SVÖRIN**

*1. Bolungarvíkurkaupstaður. 2. Julian Assange. 3. Skúli Eggert Þórðarson.*

Þriggja flokka ríkisstjórn verður mynduð í Grikklandi í dag:

# Samaras orðinn forsætisráðherra

**GRIKKLAND, AP** Antonis Samaras sór í gær embættiseið sem forsætisráðherra Grikklands. Flokkur hans, Nýi lýðræðisflokkurinn, myndaði stjórn með sósíalistaflokknum Pakos og Lýðræðislega vinstriflokknum. „Ég bið nýja ríkisstjórn, sem verður mynduð á morgun [í dag], að leggja hart að sér svo við getum veitt fólkinu okkar áþreifanlega von," sagði Samaras í gær. Hann er fjórði forsætisráðherra Grikkja á 8 mánuðum.

Flokkarnir þrír styðja allir björgunaráætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Evrópusambandsins, sem felur í sér mikinn niðurskurð á mörgum sviðum. Flokkarnir hafa þó lýst því yfir að þeir vilji semja við AGS og ESB á nýjan leik um skilmálana. Samaras hefur til dæmis sagst vilja lækka skatta og koma hagkerfinu af stað á ný.

Hinir flokkarnir tveir hafa talað fyrir tveggja ára framlengingu á frestum sem ríkið hefur fengið til að skera niður. Fotis Kouvelis, leiðtogi Lýðræðislega vinstriflokksins, segir Grikki á endanum eiga að losa sig undan skuldbindingunum. Búist er við að markaðir taki fagnandi myndun ríkisstjórnar. **- þeb**



**Í AÞENU** Antonis Samaras sór embættiseið í forsetahöllinni í Aþenu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heildarafli eykst um 37,5%:

## Miklu meiri uppsjávarafli

**SJÁVARÚTVEGUR Heildarafli íslenska flotans í lok þriðja ársfjórðungs fiskveiðiársins var 1.180 þúsund tonn. Á sama tíma í fyrra var aflinn 858 þúsund tonn. Aukning í heildarafla nemur samkvæmt því um 37,5%.**

**Munurinn liggur einkum í um 306 þúsund tonna aukningu á uppsjávarafla. Botnfiskaflinn er um 22 þúsund tonnum meiri en á sama tíma í fyrra eða tæp 362 þúsund tonn samanborið við 345 þúsund tonn á fyrra ári. Aflaaukningin í botnfiski er um 4,9%.** **- shá**


Vísir spyr
í Reykjavík
Hver yrðu fyrstu viðbrögð þín, ef hingað til lands flyttust skyndilega 10 þúsund svertingjar?

**SVAR HERDÍSAR FYRIR 35 ÁRUM**

Gömul ummæli rifjuð upp:

## Segir að ummæli séu röng

**FORSETAKOSNINGAR** Herdís Þorgeirsdóttir forsetaframbjóðandi segir að ummæli hennar í Vísi árið 1977 séu ekki rétt eftir henni höfð. Svar hennar við því hver hennar fyrstu viðbrögð yrðu ef hingað til lands flyttust 10 þúsund svertingjar má sjá hér fyrir ofan.

Herdís segir að blaðamaður Vísis hafi afbakað ummæli hennar. „Ég man vel eftir þessu. Svar mitt var: „Fáránleg spurning. Ég ætla ekki að svara eins og ríkisstjóri Alabama, George Wallace, ku hafa sagt: „Ég mundi senda þá á lekum bát aftur út á haf."," segir Herdís.

Hún segist hafa kvartað yfir þessu við blaðamann á sínum tíma enda sé áhugi hennar á mannréttindum ekki nýtilkominn. **- kóp**

# Þrír opnaðir en engum lokað

**Formlegar viðræður hefjast um þrjá samningskafla á fimmtu ríkjaráðstefnu Íslands og ESB á föstudag. 15 kaflar hafa þegar verið opnaðir. Ólíklegt að köflum verði lokað. Átta kaflar opnir eftir ríkjaráðstefnuna.**

**EVRÓPUMÁL:**

Hvað verður efst á baugi á ríkjaráðstefnu Íslands og ESB?

Fimmta ríkjaráðstefnan í aðildarviðræðum Íslands við ESB verður haldin í Brussel á föstudag. Þessar ráðstefnur eru vettvangur formlegra viðræðna milli íslensku samninganefndarinnar og ESB og á þeim hefjast eiginlegar viðræður í hinum 33 málaflokkum tengdum löggjöf ESB, svokölluðum samningsköflum, en þar er samningsköflum einnig lokað ef samkomulag hefur náðst.

Í millitíðinni hefur mikil vinna farið fram þar sem ESB útlistar annars vegar hvernig íslensk löggjöf samræmist ESB, og Ísland leggur fram samningsafstöðu sem í mörgum tilfellum inniheldur, eftir atvikum, óskir um sérlausnir eða aðlögunartíma. Mislangur tími getur liðið milli þess sem samningskafli er „opnaður" þar til honum er lokað með samkomulagi, enda eru málaflokkar misjafnlega samrýmanlegir. Til dæmis heyra um tveir þriðju samningskafla að öllu eða nokkru leyti undir EES-samninginn, en það er þó ekki ávísun á skjótari afgreiðslu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu viðræður um þrjá samningskafla hefjast á föstudag. Það eru kaflarnir um flutningastarfsemi, félags- og vinnumál og fjárhagslegt eftirlit. Ekki er þó útlit fyrir að neinum köflum verði lokað að þessu sinni.

Ef svo fer, hafa átján af samningsköflunum 33 verið opnaðir frá fyrstu ríkjaráðstefnunni í júní 2011 þegar efnislegar samningaviðræður hófust formlega. Þar af hefur tíu köflum verið lokað.

Í samningsafstöðu Íslands um kaflann um flutningastarfsemi er beðið um undanþágur vegna hvíldartíma ökumanna hópbifreiða og einnig er þess óskað að Ísland þurfi ekki að taka upp sumartíma. Í kaflanum um félags- og vinnumál er ekki farið fram á sérlausnir eða undanþágur og einnig er fallist á að taka yfir regluverk ESB um fjárhagslegt eftirlit eins og það stóð á síðasta ári.

Ekkert launungarmál er að þetta ferli hefur tekið lengri tíma en vonir íslenskra ráðamanna stóðu til. Fleiri kaflar standa út af og munar þá sérstaklega um veigamestu málaflokkana, til dæmis landbúnað, sjávarútveg og matvælaöryggi. Tafirnar má rekja til ýmissa þátta beggja vegna borðs.

Til dæmis er enn beðið rýniskýrslu frá ESB um íslenskan sjávarútveg og þá er áætlun um breytingar á íslensku landbúnaðarkerfi, ef til aðildar kemur og með tilliti til niðurstöðu samninga, í vinnslu í íslensku stjórnsýslunni.

Áætlunin ætti að liggja fyrir áður en langt um líður, en óljóst er hvenær rýniskýrslan um sjávarútveg verður tilbúin. Því er ekki ljóst hvenær hægt verður að hefja viðræður um þá kafla, en sjötta ríkjaráðstefnan verður haldin undir lok þessa árs. **thorgils@frettabladid.is**



**SAMNINGAVIÐRÆÐUR** Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands, og hans fólk við samningsborðið í Brussel. MYND/RÁÐHERRARÁÐ EVRÓPU

**18** samningskaflar af 33 hafa í lok vikunnar verið opnaðir, fari svo að þrír kaflar til viðbótar verði opnaðir á fimmtu ríkjaráðstefnu Íslands og Evrópusambandsins á morgun, föstudag.






Búist er við fjölmennari skákhátíð en nokkru sinni fyrr í sögu hennar:

# Fastur punktur í mann- og skáklífi

**MENNING** Árleg skákhátíð á Ströndum hefst klukkan fjögur síðdegis á morgun þegar Róbert Lagerman, heiðursgestur hátíðarinnar í ár, teflir fjöltefli við gesti á Hólmavík.

Um helgina verða Strandirnar svo undirlagðar margvíslegum skákviðburðum sem skákmeistarar, áhugamenn jafnt og heimamenn, taka þátt í.

„Þetta er í fimmta sinn sem þessi hátíð er haldin og hún er að festast í sessi sem fastur punktur, bæði í íslensku skáklífi og mannlífinu á Ströndum," segir Hrafn Jökulsson sem er einn aðstandenda hátíðarinnar.

„Á þessum árum hefur hún vaxið jafnt og þétt og er eiginlega orðin ómissandi, bæði fyrir skáklífið og svo fyrir vini Stranda sem hafa þarna kærkomið tilefni til að koma saman," bætir hann við.

Það er skákfélagið Hrókurinn sem hefur staðið að hátíðinni frá upphafi en meðal viðburða í ár má nefna fjöltefli á Hólmavík og skákmót í Djúpuvík, Trékyllisvík og Norðurfirði.

Stórmeistararnir Helgi Ólafsson, Jóhann Hjartarson og Þröstur Þórhallsson hafa boðað þátttöku sína á Ströndum í ár auk þess sem skákáhugamenn víða að munu taka þátt í hátíðinni. Þá munu mörg af efnilegustu börnum landsins í skák taka þátt í hátíðinni en hún er öllum opin.

Alls munu því tugir einstaklinga setjast við skákborðið. Að sögn aðstandenda skákhátíðarinnar á Hólmavík er búist við því að hátíðin í ár verði sú fjölmennasta sem hingað til hefur verið haldin. **- mþl**



**SETIÐ AÐ TAFLI** Jóhann Hjartarson stórmeistari er meðal keppenda á mótinu en þessi mynd er tekin á mótinu árið 2010 þar sem Jóhann sigraði.




# BRAGÐGOTT SUMAR MEÐ SANTA MARIA

Grill marineringarnar frá Santa Maria eru einfaldar og bragðgóðar lausnir fyrir grillið.

Þær innihalda ekkert MSG.

Gerðu engar málamiðlanir – Notaðu Santa Maria marineringar næst þegar þú grillar.



1. OPNAÐU



2. SETTU KJÖTIÐ Í POKANN



3. LOKAÐU POKANUM OG LÁTTU KJÖTIÐ MARINERAST Í A.M.K. KLUKKUSTUND

BÓNUS HAGKAUP Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus

**FRÉTTASKÝRING:** Fjárhagsstaða sveitarfélaga

# Betri staða en enn of miklar skuldir

**Skuldir sveitarfélaga lækkuðu á milli áranna 2009 og 2010, en eru þó enn of háar. Tuttugu sveitarfélög fara yfir viðmið eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga þegar kemur að skuldum A-hluta og 29 þegar kemur að allri samstæðunni. Nefndin átelur Íbúðalánasjóð harðlega.**

Heildarskuldbindingar sveitarfélaga hafa lækkað og staða þeirra batnað sem því nemur. Þegar litið er til A-hlutans, aðalsjóðs sveitarfélaga sem rekstur þeirra grundvallast á, hafa heildarskuldir og skuldbindingar lækkað úr 154% af heildartekjum árið 2009 í 146% árið 2010. Það er lækkun um 8 milljarða, úr 262 milljörðum árið 2009 í 254 árið eftir.

Þegar B-hlutanum er bætt við, en inni í honum eru meðal annars fyrirtæki í eigu sveitarfélaga, er það sama uppi á teningnum. A- og B-hluti eru oft nefndir samstæða sveitarfélaga og heildarskuldir hennar lækkuðu úr 269% af heildartekjum árið 2009 í 255% árið 2010. Það er lækkun upp á 13 milljarða, úr 599 milljörðum í 586 milljarða.

Þetta má sjá í nýrri skýrslu sem eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga hefur sent frá sér.

### Enn of skuldsett

Þrátt fyrir batnandi rekstrarafkomu eru enn tuttugu sveitarfélög sem fara yfir viðmið eftirlitsnefndarinnar þegar kemur að A-hlutanum. Samkvæmt þeim mega heildarskuldir og skuldbindingar þess hluta ekki fara yfir 150% af heildartekjum sveitarfélaganna. Þegar litið er til samstæðunnar eru 29 sveitarfélög yfir viðmiðunum.

Sé horft til nettóskulda sveitarfélaganna eru fjórtán þeirra með skuldir umfram viðmið nefndarinnar í A-hlutanum en 22 í samstæðunni. Á árinu 2010 var rekstrartap á A-hluta hjá 38 sveitarfélögum.

Viðmiðin voru sett í nýjum sveitarfélögum, en þau tóku ekki gildi fyrr en 1. janúar 2012. Samkvæmt þeim mega samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum þeirra. Ekki er komin reynsla á það ákvæði.



**HAFNARFJÖRÐUR** Gjaldfallin lán Hafnarfjarðar hjá þýska bankanum DEPFA námu árið 2011 12,3 milljörðum íslenskra króna, en samið hefur verið um endurfjármögnun til fjögurra ára. Skuldir sveitarfélaga fara lækkandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Heimildir til inngripa

Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga hefur ýmsar leiðir til að grípa inn í þegar í óefni virðist stefna. Sveitarstjórn skal tilkynna nefndinni sjái hún fram á að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar eða ef ekki staðið í skilum. Telji nefndin að sveitarfélög geti ekki staðið undir lögboðnum útgjöldum, eða öðrum skuldbindingum, er henni heimilt að meta ýmsar aðgerðir í stöðunni.

Meðal þeirra er að leggja fyrir sveitarstjórn að leggja á útsvar og fasteignaskatt sem nemur allt að 25%. Ef ljóst er að greiðslubyrði umfram greiðslugetu sé svo mikil að ekki leysist úr í bráð, getur ráðherra, að tillögu nefndarinnar, svipt sveitarstjórn fjárforráðum og skipað sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn.

Ráðuneytið hefur nú sett nýjar viðmiðunarreglur þar sem þetta kemur fram.

### Tekjur lækka, útgjöld hækka

Í skýrslunni kemur fram að í áætlun um heildartekjur árið 2011 er gert ráð fyrir hækkun um 1,6% frá árinu 2010. Sú hækkun kemur hins vegar eingöngu til vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, en henni fylgja 10,7 milljarðar króna.

Ef ekki kæmi til þeirra tekna gerðu áætlanir ráð fyrir 4,6% lækkun á tekjum A-hluta.

„Þegar horft er til þróunar á heildartekjum og verðlagsþróunar á tímabilinu 2007-2010 er ljóst að rauntekjur sveitarfélaganna hafa lækkað verulega.

Á sama tíma hafa rekstrarútgjöld sveitarfélaganna aukist. Á tímabilinu 2007 til 2010 jukust útgjöld A-hluta úr 137 milljörðum króna í áætlaða 162 milljarða króna og samstæðunnar allrar úr 158 milljörðum í 191 milljarð. Það er 18,2% hækkun á rekstrarútgjöldum A-hluta og 20,4% hjá samstæðunni. Ítrekað skal að hér er um áætlun fyrir árið 2011 að ræða.

Standist kostnaðarmat við yfirfærslu málefna fatlaðra er gert ráð fyrir nær óbreyttum rekstrarútgjöldum A-hluta á milli áranna 2010 til 2011.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is


## 20 sveitarfélög yfir mörkum árið 2010

| | |
|---|---|
| **Kópavogsbær** | **201*** |
| Hafnarfjörður | 243 |
| Svf. Álftanes | 399 |
| Mosfellsbær | 183 |
| Reykjanesbær | 395 |
| Grindavík | 154 |
| Sandgerðisbær | 411 |
| Svf. Vogar | 334 |
| Grundarfjarðarbær | 236 |
| Stykkishólmsbær | 179 |
| Blönduósbær | 157 |
| Norðurþing | 178 |
| Fjarðabyggð | 275 |
| Djúpavogshreppur | 173 |
| Fljótsdalshérað | 257 |
| Vestmannaeyjabær | 197 |
| Svf. Árborg | 205 |
| Rangárþing ytra | 153 |
| Hveragerðisbær | 165 |
| Svf. Ölfus | 195 |

**2010 Skuldir og skuldbindingar í prósentum*

Samkvæmt viðmiðum eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga mega skuldir og skuldbindingar A-hluta sveitarfélaga, aðalsjóðs sveitarfélaganna, vera yfir 150% af heildartekjum þeirra.

## Þróun heildartekna




## Sérstakar aðgerðir vegna sveitarfélaga

*Eftirlitsnefndin greip ekki til sérstakra aðgerða vegna slæmrar fjárhagsstöðu neins sveitarfélags árið 2011. Hún gerði þó samninga við þrjú sveitarfélög um fjárhagslegar úttektir sem unnið var að, auk þess að vinna áfram með samning við eitt sveitarfélag.*

**Svalbarðshreppur**
Sveitarstjórn óskaði formlega eftir aðstoð nefndarinnar við úrlausn á fjárhagsvanda sveitarfélagsins með bréfi dagsettu 27. janúar 2011. Óháður ráðgjafi var fenginn til að gera fjárhagslega úttekt. Í skýrslu hans kom fram að fjárhagsstaða sveitarfélagsins væri viðunandi að teknu tilliti til leiðréttinga á uppgjöri vegna samrekstrar sveitarfélaganna. Nauðsynlegt þykir að því uppgjöri ljúki sem fyrst.

**Vesturbyggð**
Samningur var gerður 15. ágúst 2011 um úttekt á fjármálum sveitarfélagsins og möguleika á hagræðingu í rekstri. Óháður aðili vann úttektina og bæjarstjórnin lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árin 2012 til 2015 á grundvelli hennar. Ekki var talin ástæða til frekari aðkomu að fjármálum Vesturbyggðar að svo stöddu.

**Álftanes**
Sveitarfélaginu var skipuð fjárhaldsstjórn árið 2010 og er hún enn að störfum. Unnið er að endurskipulagningu fjármála sveitarfélagsins. Í skýrslu eftirlitsnefndarinnar segir að samningar við lánardrottna hafi reynst tímafrekari en gert hafði verið ráð fyrir.

**Bolungarvíkurkaupstaður**
Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær átelur eftirlitsnefndin Íbúðalánasjóð harðlega fyrir að hafa ekki staðið við samkomulag við kaupstaðinn um niðurfærslu skulda.


GOTT ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐABÍLUM



**Audi A6 2,0 TFSi**
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 115.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð
**3.150.000,-**



**Lexus** RX400H
Árgerð 2007, hybrid
Ekinn 139.000 km, sjálfsk.
Ásett verð 5.690.000
Tilboðsverð
**4.790.000,-**



**Audi A5** Coupe 3,2
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 54.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**6.290.000,-**



**Porsche** Cayenne Turbo
Árg. 2003, bensín
Ekinn 145.000 km, sjálfsk.
Ásett verð 3.990.000
Tilboðsverð
**2.990.000,-**



**VW Sharan** TDi 1,9
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 79.000 km, beinsk.
Ásett verð
**3.390.000,-**

Komdu og skoðaðu úrvalið!
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

# LAGERHREINSUN

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

**DÚNDURTILBOÐ!**




Royal Queen

Pokagormar | Svampur | Pægindasvæði | Yfirdýna | Miðlungs | 20 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð

**ROYAL QUEEN AMERÍSK DÝNA**
Vönduð og góð, miðlungsstíf dýna með fallegu áklæði. Í efra lagi er áföst 14 sm. þykk yfirdýna. Í neðra lagi eru u.þ.b. 200 LFK pokagormar pr. m². Tvöfalt gormalag sem eykur endingu og þægindi. Fætur fylgja með. Stærð: 153 x 203 sm. fullt verð: **159.950** nú **109.950**

SPARIÐ 50.000

153 X 203 SM. FULLT VERÐ: 159.950

# 109.950



HERÐATRÉ 1 STK.

# 499

**HERÐATRÉ**
Sniðug herðatré á frábæru verði!



U.Þ.B. 50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 299

# 149

**HUNDAPOKAR**
4 rúllur í pakka. Alls 80 pokar.




KRONBORG® OF DENMARK

SPARIÐ 10.000

FULLT VERÐ: 19.950

# 9.950

**NORDKAPP SÆNG**
Vönduð og góð sæng fyrir þá sem eru með astma eða ofnæmi.
Sængin er fyllt með 100% náttúrulegu móberjasilki sem kemur í veg fyrir svita- og rakamyndun. Mjúkt og gott áklæði. Þyngd: 945 gr. Stærð: 135 x 200 sm.



57%

FULLT VERÐ: 6.995

# 3.000

**CLOÉ SNYRTIBORÐ**
Ævintýralegt snyrtiborð með ljósi, tónlist, kolli, hárblásara, bursta og snyrtidóti.
Stærð: B45 x H72 x D25 sm.



50%

FULLT VERÐ FRÁ: 2.995

# 1.495

**POKABUXUR**
Flottar, svartar pokabuxur.
Barnastærð: 116 - 164 sm.
Fullt verð: **2.995** nú: **1.495**
Dömustærð: S-XXL.
Fullt verð: **3.995** nú: **1.995**



50%

FULLT VERÐ FRÁ: 1.995

# 995

**REGNJAKKI**
Regnjakki með hettu og vösum.
Tilvalin í útileguna.
Stærðir: M - XL.



50%

FULLT VERÐ: 5.995

# 2.995

**MOLDE BEKKUR**
Stærð: B174 x H47 x D28 sm.



41%

9 PÖR

FULLT VERÐ: 1.695

# 1.000

**UNGBARNASOKKAR Í TÖSKU**
Flottir ungbarnasokkar í tösku á frábæru verði!
9 pör saman í tösku.



58%

FULLT VERÐ: 1.695

# 695

**FLÍSPEYSUR**
Nokkrir mismunandi litir og stærðir fáanlegar.

# neytendur
*hagur heimilanna*

**6,93%** **ER SÚ HÆKKUN** sem hefur orðið á vísitölu kaupmáttar launa frá botni í maí 2010 til apríl síðastliðins.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Bjórdósunum safnað saman

*Svartir ruslapokar og bjórdósir*



Að lokinni góðri veislu tekur iðulega við það leiðigjarna verkefni að safna saman bjórdósum, óhreinum diskum og glösum og öðru því sem gestirnir kunna að hafa skilið eftir sig. Vilji veisluhaldari auðvelda sér verkefnið getur verið góð regla að láta gestina sjá um að safna saman þeim bjórdósum sem þeir hafa tæmt. Þannig má koma fyrir svörtum ruslapoka við ísskáp, kæli eða þann stað annan þar sem bjórinn er geymdur þannig að gestirnir geti auðveldlega losað sig við tómu bjórdósina um leið og þeir sækja sér næsta bjór. Margar hendur vinna létt verk.

■ Tæknivæðing

## Flugfélagið nú í farsímanum



Vefsíður Flugfélags Íslands eru nú virkar í snjallsímum. Á síðunum er hægt að bóka flug, sjá komur og brottfarir flugvéla og áætlun flugfélagsins. Einnig er hægt að skoða allar upplýsingar um vörur og þjónustu. Farsímaútgáfan hentar vel fyrir flestar gerðir snjallsíma, Android, Iphone, Ipad og nýrri gerðir af Nokia og Blackberry. Vefslóðir Flugfélags Íslands í snjallsímum eru: m.flugfelag.is, m.airiceland.is og m.airiceland.dk.



**KARTÖFLURÆKT** Kartöflubændur á Norður- og Suðurlandi upplifðu mikinn uppskerubrest í ræktun sinni á síðasta ári.

Uppskerubrestur í fyrra orsakar kartöfluleysi nú:

# Nýjar íslenskar koma í verslanir 10. júlí

Íslenskar kartöflur hafa verið ófáanlegar í búðum landsins síðan í apríl. Orsökin er gríðarlegur uppskerubrestur síðasta sumar, þegar kartöflubændur í Eyjafirði og Þykkvabæ töpuðu um 30 til 40 prósentum af uppskeru sinni.



Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, segir ljóst að bændur hafi orðið fyrir tugmilljóna króna tapi vegna uppskerubrestsins sem orsakaðist af miklu kuldatímabili frá maí í fyrra.

„Það skiptir mjög miklu máli að veðurlag sé gott á vaxtartíma. Kuldatíðin varð til þess að kartöflurnar dugðu ekki nema fram í apríl.“ Bjarni segir afar sjaldgæft að varan sé ófáanleg á síðustu mánuðum áður en ný uppskera kemur í verslanir. Einhverjir bændur hafa kannað hvort ekki sé hægt að fá bætur úr ríkissjóði vegna brestsins.

„Á sama tíma var eldgos svo það var ekki hægt að fá neitt,“ segir Bjarni. „Þrátt fyrir að þetta væru auðvitað líka náttúruhamfarir. Öll útiræktun grænmetis er svo háð veðri.“

Fyrsta kartöfluuppskeran í ár verður 10. júlí. „Þá verða allir rosalega glaðir því þetta er alveg gríðarlega góð vara þegar hún er svona ný,“ segir Bjarni. **- sv**

## Samsetning ruslsins í svörtu ruslatunnunum

**Málmar 3%** Sorpa flokkar nú þegar málma frá blandaða sorpinu, bæði með segli og með aðferð sem tekur ósegulmagnaðan málm.

**Bleiur 6%** Eru niðurbrjótanlegar og munu fara í jarð- og gasgerðarstöðina sem verður reist 2014.

**Fatnaður 4%** Allan fatnað má setja í gám Rauða Krossins, líka gjörónýt föt, því þau eru tætt niður og endurnýtt.

**Gler 3%** Má skila til Endurvinnslunnar. Gler er 100 prósent endurvinnanlegt og tapar ekki gæðum við endurvinnslu.

**Matarleifar 25%** Má setja í moltukassa en einnig mun jarð- og gasgerðarstöðin taka á móti matarleifum.



### Hvað er í ruslatunnunni?




**Pappír og pappírsefni 25%** Má setja í bláa grenndargáma og bláar ruslatunnur sem hægt er að panta hjá sveitarfélagi.

**Plast 15%** Þarf að hreinsa vel og setja í græna grenndargáma.

**Annað 19%** 11 prósent eru rusl sem ekki er hægt að greina. 8 prósent skiptast í mismunandi endurvinnanleg efni, svo sem timbur og garðaúrgang.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# 90 prósent af ruslinu má endurvinna

**Yfirgnæfandi meirihluta af hinu almenna rusli í svörtu ruslatunnunum má endurvinna, eða hátt í 90 prósent. Þetta hefur komið fram í stikkprufum sem gerðar hafa verið á ruslatunnum Reykvíkinga. Reykjavíkurborg vinnur nú að því að breyta þessu hlutfalli, fyrst með því að skikka Reykvíkinga til að flokka pappír og síðan er stefnan tekin á að bæta við endurvinnslu á lífrænum eldhúsúrgangi.**



**RUSL** Mikil gerjun er í ruslmálum en gera má ráð fyrir frekari endurvinnslu á plasti og lífrænum afgöngum næstu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Helmingurinn af innihaldi svörtu ruslatunnanna í Reykjavík samanstendur af matarleifum og pappír eða pappírsefnum. Strax í haust munu Reykvíkingar verða að flokka pappír og pappírsefni.

„Ég held að við getum alveg náð 80 til 90 prósentum af pappírnum til endurvinnslu, það er samt alltaf eitthvað sem slysast með í almenna heimilissorpið. En erlendis eru menn að ná jafnvel 95 prósentum af dagblöðum og tímaritum. Það er aðeins meira mál með pappann af því að þetta eru oft umbúðir sem fólk hendir frekar í almenna sorpið,“ segir Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar.

Næst á aðgerðalista borgarinnar er að reisa jarð- og gasgerðarstöð til að endurvinna lífrænan og niðurbrjótanlegan úrgang eins og matarafganga. Stefnt er að því að sú stöð verði komin í gagnið árið 2014.

Einnig er á stefnuskrá Reykjavíkurborgar að endurvinna plast. Það er þó mikið flóknara ferli en endurvinnsla á pappír eða matarafgöngum. Þá eru einnig nokkrar leiðir færar í endurvinnslunni.

„Plastið er vandræðaflokkur, því í heimilissorpinu eru sex mismunandi tegundir af plasti. Ef við þvingum íbúa til að flokka plast myndu margir ekki þrífa umbúðirnar nógu vel,“ segir Guðmundur. Hann segir farm með skítugu plasti ekki hægt að endurvinna og fer hann því til brennslu.

„Þá er spurning hvort plastið fari ekki bara í jarðgerðina. Við náum öllu því lífræna efni sem er á plastinu í jarðgerðinni, þá fengjum við meira af metangasi og orku. Við flokkum svo plastið frá eftir á og nýtum sem orkugjafa,“ segir Guðmundur.

Hvenær slík endurvinnsla gæti orðið að veruleika er óvíst en Guðmundur gerir ráð fyrir að það yrði að minnsta kosti fyrir árið 2015.

**katrin@frettabladid.is**






ENNEMM / A / NM50586


12 HÓTEL ALLAN HRINGINN
Veitingastaðir á öllum hótelum • Alltaf stutt í sund
Vingjarnleg þjónusta • Gjafabréf fáanleg • Eddubiti í ferðalagið
Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000.
1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir • 8 Stórutjarnir • 9 Akureyri • 10 Laugarbakki • 11 Ísafjörður • 12 Laugar í Sælingsdal



**NEYTANDINN: ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR ÚTVARPSSTJÓRI**

# *Tapaði tugum þúsunda á því að tippa á Lengjunni*



„Ég er alltaf að kaupa eitthvað sem ég á ekki að koma nálægt. Nýjasta dæmið er að ég hélt að ég hefði vit á fótbolta og fór að tippa á Lengjunni. En hef ekki hundsvit á neinu,“ segir Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri á Útvarpi Sögu, um verstu kaup sem hún hefur gert. „Svo er ég að tippa á fullu og tapa auðvitað stórfé.“ Arnþrúði fannst sjálfsagt að vegna þess hversu mikið fólk í kring um hana var að tippa, þyrfti hún vitaskuld að gera það líka. „Svo fékk ég bara fullt af miðum og fyllti út og tapaði tugum þúsunda. Nú verður ekki farið meira í kassann.“

Bestu kaup Arnþrúðar gerði hún einungis örfáum klukkustundum áður en Fréttablaðið hafði samband við hana. Það voru sumarskór, fóðraðir með indverskri bómull sem hún keypti á Laugaveginum á 2.500 krónur. „Þeir eru æðislegir, alveg ekta sumarskór,“ segir hún. „Orange á litinn og alveg svakalega fínir. Fólk getur gert góð kaup ef maður gefur þessu aðeins gaum. Maður þarf ekki alltaf að ganga í fimmtíu þúsund króna stígvélum.“

# VERKFÆRI FYRIR FAGMENN

TOPTUL
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

TILBOÐ

IBTGCAI2802
**TOPPLYKLASETT 28 STK.**
1/2"
Toppar 4 - 32 mm
Sterk plasttaska
Framlenging með LED ljósi



**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.900

IBTJGAI4001
**SNITTTAPPA OG BAKKASETT 40 STK.**
3 - 12mm



**9.900** m/vsk
Frábært verð

IBTGCAI130B
**VERKFÆRASETT 130 STK.**
Toppar, lyklar og bitar

TILBOÐ



**26.900** m/vsk
Fullt verð 37.900

IBTGCAI9402
**TOPPLYKLA OG BITASETT 94 STK.**
Toppar og bitar



TILBOÐ

**16.900** m/vsk
Fullt verð 28.007

IBTGCAI6001
**TOPPLYKLA OG BITASETT 60 STK.**



**11.900** m/vsk
Fullt verð 16.900

IBTGAAI0605
**SKÓTÖNG 5 STK.**
5 skiptanlegir kjaftar fylgja



**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.668

TILBOÐ

IBTGCAI106B
**VERKFÆRASETT 106 STK.**
Toppar, lyklar og bitar

TILBOÐ



**23.900** m/vsk
Fullt verð 31.433

IBTGAAI5801
**SKRÚFJÁRNS, OG BITASETT 58 STK.**



TILBOÐ

**11.900** m/vsk
Fullt verð 14.038

IBTGCAI5102
**TOPPLYKLA, OG BITASETT 51 STK.**
Sexkantsett fylgir



**6.900** m/vsk
Fullt verð 10.350

IBTDJAC0106
**SKRÚFSTYKKI6"**
Með 180° snúningi



**16.900** m/vsk
Fullt verð 28.007

TILBOÐ




LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

## VERKFÆRAVAGN 7 SKÚFFUR - 283 STK.

1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett,
slaghamar, splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás





**179.900** m/vsk
Fullt verð 231.490

IBTGT-28305

SINDRI



# Frumsýning




Bíll á mynd er Boxster S

**Nýr Porsche Boxster - verð kr. 10.950 þús.**

## Meðalmennskan er ofmetin

Tilveran væri harla litlaus og óspennandi ef allir væru steyptir í sama mót. Lífið snýst um að eiga val og fá að njóta sín. Porsche framleiðir bíla sem ögra skilningarvitunum og gefa fólki frelsi til að upplifa drauma sína. Boxster er nýjasti sportbíllinn frá Porsche. Hann sver sig í ættina og verður frumsýndur hjá okkur í dag innan um allt það glæsilegasta í Porsche línunni.

## Við frumsýnum Porsche Boxster í dag - opið til kl. 19:00

PORSCHE

**1,7%** **VAR HÆKKUN** á vísitölu leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu í maí. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitalan hækkað um 6,2%.

Kaup á Sparisjóði Svarfdæla tryggðu stöðugleika:

# ESA samþykkir kaup Landsbanka á sjóði

Kaup Landsbankans á eignum og rekstri Sparisjóðs Svarfdæla voru nauðsynleg aðgerð og til þess fallin að tryggja fjármálastöðugleika. Þetta kemur fram í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem birt var í gær. Landsbankinn gekk frá kaupunum í janúar síðastliðnum og greiddi sjóðnum 165 milljónir króna fyrir. Sparisjóðurinn hafði þá verið rekinn á undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu (FME) þar sem hann uppfyllti ekki lágmarkskröfur þess um eigið fé. Hann rekur starfsemi á Dalvík og afgreiðslu í Hrísey.

Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki ESA þar sem Landsbankanum hafði verið veitt ríkisaðstoð í kjölfar fjármálakreppunnar. Bönkum sem þegið hafa slíka aðstoð er ekki heimilt að kaupa samkeppnisaðila nema í undantekningartilvikum.



**LANDSBANKI ÍSLANDS** Gengið var í janúar frá kaupum Landsbankans á Sparisjóði Svarfdæla. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Í ákvörðun ESA segir að „ekki varð séð að aðrar betri leiðir væru færar til þess að tryggja að Sparisjóður Svarfdæla uppfyllti skilyrði un eiginfjárhlutfall“. Þess vegna voru kaup Landsbankans nauðsynleg aðgerð til að tryggja fjármálastöðugleika. - þsj

Gengið á bilinu 245 til 246 krónur fyrir evru:

# Gjaldeyrisútboð í gær

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands stóð í gær fyrir tveimur gjaldeyrisútboðum. Í fyrra útboðinu bauðst bankinn til að kaupa evrur fyrir krónur eða ríkisskuldabréf en í því seinna að kaupa krónur fyrir evrur.

Alls 49 tilboð, að fjárhæð 43,8 milljónir evra, bárust í fyrra útboðinu. Var tilboðum að fjárhæð 23,7 milljónir evra tekið og var samþykkt verð 245 krónur fyrir evru. Í seinna útboðinu bárust 42 tilboð að fjárhæð 29,0 milljarðar króna. Var tilboðum tekið fyrir 7,5 milljarða á genginu 246 krónur fyrir evru.

Útboð Seðlabankans eru liður í áætlun stjórnvalda um losun gjaldeyrishafta. Markmið þeirra var annars vegar að selja krónur fyrir



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Gjaldeyrisútboðið í gær var hið þriðja á þessu ári. Tvö til viðbótar eru ráðgerð í ágúst og september. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

gjaldeyri til aðila sem ákveðið hafa að fjárfesta í íslensku atvinnulífi eða ríkisskuldabréfaum sem verða í vörslu í 5 ár. Hins vegar að stuðla að því að fjárfestar geti selt krónueignir sínar með skipulögðum hætti ef þeir svo kjósa. - mþl

# FSÍ verður stærsti eigandi Icelandair

**Íslandsbanki ætlar að selja fimm prósenta hlut í Icelandair Group. Markaðsvirði hlutarins um 1,6 milljarðar. Gæti selt meira ef tilboð eru viðunandi. Gengi bréfa í Icelandair lækkaði umtalsvert í gær eftir að tilkynnt var um söluna.**

Íslandsbanki tilkynnti í gærmorgun að hann ætlaði sér að selja fimm prósenta hlut í Icelandair Group í lokuðu útboði sem fram fer í dag og á morgun. Til greina kemur að selja enn stærri hlut verði verðtilboð fjárfesta viðunandi. Eftir söluna verður Íslandsbanki ekki lengur stærsti eigandi Icelandair Group heldur Framtakssjóður Íslands (FSÍ) með 19 prósenta hlut. Gengi hlutabréfa í Icelandair Group lækkaði umtalsvert þegar tilkynnt var um söluna. Heildarmarkaðsvirði félagsins er samt sem áður hátt, eða tæplega 32 milljarðar.

Íslandsbanki á sem stendur 20,3 prósenta hlut í Icelandair sem bankinn eignaðist að mestu í maí 2009 þegar hann leysti til sín eignarhluti stórra eigenda sem gátu ekki staðið skil á lánum sínum. Eftir það átti bankinn 47 prósenta hlut í félaginu. Í kjölfarið var ráðist í fjárhagslega endurskipulagningu á Icelandair Group sem Íslandsbanki leiddi. Nánar er greint frá henni hér til hliðar.

FSÍ keypti upprunalega í Icelandair í hlutafjárútboði sumarið 2010 fyrir 3,6 milljarða króna og eignaðist við það 29 prósenta eignarhlut. Sjóðurinn seldi tíu prósenta hlut í nóvember í fyrra á 2,7 milljarða króna.

Eftir þá sölu var Íslandsbanki aftur orðinn stærsti eigandi Icelandair Group. Bankinn afhendir nú FSÍ aftur þann kyndil. Í tilkynningu vegna sölunnar á fimm prósenta hlut Íslandsbanka í Icelandair Group segir að „endanleg stærð þess eignarhlutar sem verður seldur mun ráðast af verðtilboðum fjárfesta“. Aðspurð um hvað hvað sé átt við með þessu segir Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi bankans, að „í skilmálum útboðsins er heimilt að hækka eða lækka útboðsfjárhæðina en við stefnum á sölu á 5% hluta og í raun liggur ekki annað fyrir í dag“.

Verð á hlutabréfum Icelandair lækkaði skarpt í gær eftir að tilkynnt var um söluna, eða um 3,05 prósent. Það stendur nú í um 6,35 krónum á hlut. Það þýðir að þeir sem keyptu bréf í hlutafjárútboðunum árið 2010 á genginu 2,5 hafa ávaxtað fé sitt um rúmlega 150 prósent á einu og hálfu ári. Icelandair Group greiddi 800 milljóna króna arð til hluthafa sinna nýverið vegna frammistöðu félagsins á árinu 2011. Félagið hagnaðist um 4,4 milljarða króna á því ári.

thordur@frettabladid.is




**RISI** Stærsta eign Icelandair Group er millilandaflugfélagið Icelandair. Stóraukinn ferðamannastraumur til landsins á undanförnum árum hefur aukið arðsemi þess til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## 150 prósenta ávöxtun frá útboðum

Hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu Icelandair Group var að gefa út nýtt hlutafé upp á 3,3 milljarða króna að nafnvirði. Það var selt á genginu 2,5 krónur á hlut í tveimur útboðum á árinu 2010. Á meðal þeirra sem keyptu þetta hlutafé var FSÍ og Lífeyrissjóður verzlunarmanna auk þess sem um þriðjungur þess var seldur í almennu hlutafjárútboði í desember 2010. Samhliða þessu þynntist hlutur Íslandsbanka út.

Til viðbótar breyttu kröfuhafar Icelandair skuldum upp á 3,6 milljarða króna í hlutafé á genginu 5 krónur á hlut auk þess sem kröfuhafar keyptu eignir sem tengdust ekki kjarnastarfsemi félagsins fyrir 7,6 milljarða króna. Við endurskipulagninguna lækkuðu vaxtaberandi skuldir Icelandair alls um tæpa fjórtán milljarða króna.

Verð á hlutabréfum Icelandair lækkaði skarpt í gær eftir að tilkynnt var um söluna, eða um 3,05 prósent. Verðið stendur nú í um 6,35 krónum á hlut. Það þýðir að þeir sem keyptu bréf í hlutafjárútboðunum árið 2010 á genginu 2,5 hafa ávaxtað fé sitt um rúmlega 150 prósent á einu og hálfu ári.

Umframeftirspurn eftir hlutum í Regin sem fer á markað 2. júlí:

# Útboðsgengi Regins við neðri mörk

Umframeftirspurn var eftir hlutabréfum í fasteignafélaginu Regin hf. í almennu hlutafjárútboði sem lauk á þriðjudag. Þar bauð Landsbanki Íslands allt að 75 prósenta hlutafjár í félaginu til sölu. Heildareftirspurn nam 10,3 milljörðum króna og er heildarsöluverðmæti þess 7,9 milljarðar króna. Landsbankinn ákvað að halda eftir tæplega eins prósents hlut til að selja til viðskiptavaka. Bankinn mun auk þess sjálfur halda eftir 25 prósenta hlut þegar Reginn verður skráður á hlutabréfamarkað. Búist er við að fyrsti viðskiptadagur með hlutabréfin í Kauphöll Íslands verði 2. júlí næstkomandi.

Verðbilið í hlutafjárútboðinu var 8,1 til 11,9 krónur á hlut. Miðað við það var markaðsvirði alls hlutafjár í Regin áætlað 10,5 til 15,5 milljarðar króna. Útboðsgengi hefur verið ákveðið 8,2 krónur á hlut. Miðað við það er heildarmarkaðsvirði Regins 10,7 milljarðar króna, eða mjög nálægt lægri mörkum þess bils. Allir sem buðu verð á eða yfir útboðsgengi og tilgreindu hámarksverð á eða yfir útboðsgengi fá úthlutað hlutum.

Helstu eignir Regins eru Smáralind og Egilshöll. Reginn verður annað félagið sem nýskráð verður á markað eftir bankahrun og fyrsta fasteignafélagið. - þsj



**Á MARKAÐ** Reginn á meðal annars Smáralind og Egilshöll. Helgi S. Gunnarsson er forstjóri félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.




Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

vísir

# Electrolux

**EWF-146310W Þvottavél**
**Mest selda** þvottavélin okkar. Ótrúlega **lág bilanatíðni.** Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Býður uppá sveigjanlegan þvottatíma.
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- **1400 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og **handþvottakerfi**
- **Seinkun** á gangsetningu 0-23 klst.
- **Tímaskjár**
  Ofnæmisskolun möguleg
- **A+/A/B einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu

1400 SNÚNINGA
HRAÐVAL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**94.900**
ÓTRÚLEGT VERÐ

# Electrolux

**EDC-47100C Þurrkari barkalaus**
**Barkalaus** þurrkari með rakaskynjara og 8 mismunandi þurrkkerfum fyrir nær allar gerðir af fatnaði.
- Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara. Stoppar þegar þvotturinn er orðinn þurr
- Hljóðlátur
- Sérkerfi fyrir viðkvæman fatnað og ull
- Stór 43x33 cm **stór lúga**
- **Krumpuvörn** og niðurkæling á taui
- **Hljóðmerki** í lok þurrks (valkvætt)
- Auðveld vatnslosun í niðurfall eða tank
- Tekur allt að 7 kg. af taui
- Fullt verð kr **109.900**

BARKALAUS
RAKASKYNJARI

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**87.900**
SPARAÐU 22.000

# AEG

**F-45010WO uppþvottavél**
Hljóðlát og vel búin uppþvottavél með sjálfvirku aðalkerfi sem stýrir tíma, vatnsnotkun og hitastigi sjálfkrafa
- **5 þvottakerfi** þ.á.m. pottakerfi, **sjálfvirkt kerfi** 45-70°C og 30 mín. 60°C hraðkerfi ásamt skolun
- **Sveigjanleg innrétting** sem hentar öllu uppvaski með niðurfellanlegum diskastoðum fyrir stóra hluti s.s. potta og skálar.
- Seinkun á gangsetningu möguleg 0-19 klst.
- **A/A/A toppeinkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun. Ath. án topplötu.
- Verð áður kr **129.900**

AAA EINKUNN
HLJÓÐLÁT 49 dB
FINGRAFÖR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**89.900**
SPARAÐU 20.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**99.900**
SPARAÐU 30.000

AAA EINKUNN
HLJÓÐLÁT 47 dB
AQUA STOP

# Electrolux

**ESF-63020X uppþvottavél stál**
Vönduð uppþvottavél með **5 þvottakerfum** og góðri innréttingu
- **5 þvottakerfi** þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- Framstillt ræsing möguleg
- Hægt að þvo hálfa vél í einu
- **A/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- Fingrafarafrítt stál
- Verð áður kr **109.900**

# VIFTUR & HÁFAR

VERÐ FRÁ KR.
Eldhúsviftur............**9.995,-**
Háfar....................**19.900,-**

**ALLT AÐ 50% AFSL.**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**59.900**
SPARAÐU 20.000

FINGRAFÖR
BLÁSTUR

# ZANUSSI

**ZOB-342X Blástursofn stál**
Stílhreinn ofn með blæstri, grilli ásamt undir- og yfirhita
- AirControl blásturstækni
- Clean'N'Clear létthreinsiglerjungur
- Orkuflokkur A
- Tvöfalt gler í ofnhurð
- Verð áður kr **79.900**

# exquisit

**KGC-300/70 Kæli- og frystiskápur**
- Kælir 205 lítrar og frystir 68 lítrar
- Orkuflokkur A+ - 3 skúffur í frysti
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 177x55x58,6 cm
- Verð áður kr **84.900**

HÆÐ 177 CM

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**74.900**
SPARAÐU 10.000

# RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM!
# LAGER HREINSUN

# Electrolux

**ESB-4400 PowerMix SilenT blandari**
Hljóðlátasti blandarinn sem um getur.
Sérhannaður hljóðdempaður mótor og öflug hljóðeinangrun gerir að verkum að þessi blandari er einungis 72 dB(A).
Þríhyrningslöguð kannan gerir að verkum að allt kastast betur til og sogast hnífnum svo að blöndunin er hröð og öflug.
- 600W hljóðdeyfður mótor
- 1,75 lítra glerkanna
- 6 hraðastillingar + flýtihraðainngjöf
- Auðveldur í þrifum

HLJÓÐLÁTUR
MALAR ÍS
600 WÖTT

Aðeins **130 stk** á þessu verði!

Powermix SILENT
The quietest blender ever by Electrolux

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**13.990**
ÓTRÚLEGT VERÐ!

# 10-50%
## AFSLÁTTUR AF SMÁTÆKJUM

**7.990**
27% AFSLÁTTUR
Flott mínútugrill með riffluðum grillfleti.
Verð áður kr. **10.990**

**3.990**
33% AFSLÁTTUR
Hrísgrjónapottur 0,6 l
Verð áður kr. **5.990**

**1.794**
40% AFSLÁTTUR
Eldhúsvog digital með skál.Verð áður kr. **2.990**

**9.995**
50% AFSLÁTTUR
iPod / iPhone vekjari / hleðsla
Verð áður kr. **19.990** (takmarkað magn)

**4.995**
50% AFSLÁTTUR
Stór viðloðunarfrí WOK panna
Verð áður kr. **9.990**

**7.992**
27% AFSLÁTTUR

# TRISTAR

SZ-1910 Ryksuga
Nett og kraftmikil. Verð áður kr. **9.990**

ALLAR RYKSUGUR
**20%**
AFSLÁTTUR

**15.992**
20% AFSLÁTTUR

# AEG

CE-1400 Ryksuga Energy Saver
Ný mótortækni sem notar einungis 1400W en skilar afli á við 2200W ryksugu.
Verð áður kr. **19.990**

# Rafha ehf

**Opið alla helgina!**
**virka daga 10-18**
**laugardag 23. jún 11-17**
**sunnudag 24. jún 13-17**

**Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík**
**Sími 5880500**
**www.rafha.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað þýðir niðurstaðan í sjávarútvegsmálunum?

# Sigrar og sættir

Einhverra hluta vegna finnst mörgum liðsmönnum og stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar að hún hafi beðið ósigur vegna þeirrar málamiðlunar sem gerð var við stjórnarandstöðuna um afgreiðslu frumvarpanna um stjórn fiskveiða. Frumvarpið um veiðigjald var samþykkt, þó með talsvert lægra gjaldi en upphaflega var lagt upp með, en frumvarpið um ýmsar breytingar á sjálfu fiskveiðistjórnunarkerfinu var lagt til hliðar.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Nú gæti verið ástæða til að staldra við og líta um öxl, kannski svona eins og tuttugu ár aftur í tímann. Þá voru harðar deilur um fiskveiðistjórnarkerfið og margir búnir að átta sig á því óréttlæti sem fólst í því að afhenda tiltölulega litlum hópi fólks afnotarétt yfir fiskveiðiauðlindinni án nokkurs endurgjalds.

Þá hefðu margir þurft að láta segja sér það þrem sinnum (eins og Njáll forðum) að árið 2012 yrði þverpólitísk samstaða um að fiskveiðiauðlindin væri sameign þjóðarinnar, að kvótinn væri aðeins afnotaréttur og að innheimta ætti auðlindagjald fyrir þau afnot. Landssamband íslenzkra útvegsmanna væri meira að segja búið að fallast á þessar grundvallarkröfur, en að ágreiningurinn væri fyrst og fremst um upphæð gjaldsins. Þetta hefðu þeir, sem þá voru að byrja að berjast fyrir veiðileyfagjaldi, talið stórsigur.

Þeir hefðu sennilega ekki einu sinni leyft sér að láta sig dreyma um að veiðileyfagjaldið myndi árið 2017 skila í ríkissjóð upphæð, sem gæti dugað fyrir rekstri allra framhaldsskóla í landinu.

Þegar málinu er stillt upp með þessum hætti, verður ekki annað séð en að þeir, sem vildu leiðrétta ranglætið í fiskveiðistjórnunarkerfinu og koma á veiðileyfagjaldi, hafi unnið stórsigur. Hin stóru mistök ríkisstjórnarinnar voru að fara af stað með alltof öfgafullar kröfur; hugmyndir um alltof hátt veiðigjald og alls konar misráðnar breytingar á fiskveiðistjórnuninni, sem hefðu dregið úr hagkvæmni sjávarútvegsins og komið niður á getu hans til að borga veiðigjald. Niðurstaðan á Alþingi er þess vegna líka umtalsverður sigur þeirra sem hafa barizt gegn þeim vitlausu hugmyndum.

Veiðigjaldið er að líkindum of hátt, þrátt fyrir málamiðlunina. Engin úttekt var gerð áður en Alþingi samþykkti frumvarpið á því hvað það myndi þýða fyrir einstakar útgerðir. Slík úttekt þarf að fara fram og hún gefur sennilega tilefni til að endurskoða löggjöfina að ári. Það er engum í hag að kyrkja gullgæsina, sem stendur undir svo mikilli verðmætasköpun í landinu.

Frumvarpið um aðrar breytingar á fiskveiðistjórnuninni á aldrei að koma aftur inn í þingið. Hugmyndirnar sem rötuðu inn í það frumvarp, um pólitískar kvótaúthlutanir, takmarkanir á framsali og fleira, eru aðallega sprottnar af þröngum byggðahagsmunum og myndu skerða almannahag ef þær yrðu að lögum.

Þetta þrennt; samstaða um þjóðareign og afnotarétt, veiðigjald sem er lagað að greiðslugetu útgerðarinnar og fiskveiðistjórnunarkerfi, sem áfram byggist á því að láta frjálsan markað búa til handa okkur sem mesta hagkvæmni og verðmæti, getur verið grunnurinn að þeirri margumtöluðu sátt um sjávarútveginn sem lengi hefur verið leitað að.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einstaklega óheppilegt

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur nú kveðið upp úr um að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hafi brotið jafnréttislög. Kona sem sótti um skrifstofustjórastarf hjá forsætisráðuneytinu var, að mati dómsins, jafnhæf og maður sem var ráðinn. Þetta hafði kærunefnd jafnréttismála áður úrskurðað, en ráðuneytið brást við með yfirlýsingu um málið sem héraðsdómur hefur nú staðfest að sé þess eðlis að greiða þurfi Önnu miskabætur vegna hennar. Það er einstaklega óheppilegt, svo ekki sé meira sagt, að forsætisráðherra sé í slíkri stöðu og ekki óeðlilegt að spurningar um ábyrgð ráðherra vakni.



### Ekki bindandi úrskurðir

Jóhanna hefur verið ötull talsmaður jafnréttismála allan sinn stjórnmálaferil. Í því skyni hefur hún, eins og Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins hefur bent á, ámálgað það að úrskurðir kærunefndar skuli vera bindandi. Hvernig það fer heim og saman við viðbrögð ráðuneytis Jóhönnu er vandséð, en þau brutu enn frekar á konunni sem ekki fékk starfið.



### Skýrslan gleymd

Björgólfur Thor Björgólfsson skrifaði í gær pistil um að sorglegt væri að Alþingi hefði ekki samþykkt rannsókn á einkavæðingu bankanna. Það má taka heilshugar undir það. Rannsóknarskýrsla Alþingis kemur sérstaklega inn á þennan þátt og veltir upp ýmsum spurningum. Það eitt hefði átt að duga þingmönnum til að setja af stað rannsókn. Það var ekki gert, hverju sem um er að kenna. Raunar virðist eins og rannsóknarskýrslan sé flestum gleymd í dag, plagg sem hampað var sem bjarghring sökkvandi þjóðar.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Virðingarvert framtak Kiwanis

Samfélagsmál



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Á miðnætti í lok þjóðhátíðardagsins sló ég fyrsta höggið í maraþon-golfleik sem Kiwanishreyfingin efnir til hringinn um landið til að afla fjár til góðra málefna.

Ég mætti til leiks – ekki sem sérstaklega glæsilegur fulltrúi golfíþróttarinnar – enda tókst höggið ekki vel – heldur sem fulltrúi samfélagsins. Átakið þarf einmitt á velvilja okkar allra að halda ef það á að skila árangri í fjársöfnuninni.

Ekki er það svo að ég vilji halda út á þá braut að fjármagna velferðarkerfi okkar með söfnunum, fjarri því. Hins vegar hafa safnanir tvíþætt gildi.

Í fyrsta lagi þá getur viðbótarfjármagn sem safnað er í samfélaginu skipt sköpum fyrir þá starfsemi sem nýtur góðs af, hvort takist að kaupa tiltekið tæki sem ella hefði ekki verið keypt eða aðstaða bætt sem ella hefði ekki orðið. Í öðru lagi er samfélagslegt átak til góðra verka ætíð félagslega styrkjandi. Ég fékk rækilega að kynnast því á sínum tíma þegar ég gegndi stöðu heilbrigðisráðherra og ferðaðist um landið, hve víða velferðarstofnanir eiga trausta bakhjarla í héraði sem stóðu vaktina fyrir þær öllum stundum. Þessum samfélagslega stuðningi og ræktarsemi á að sýna virðingu. Hann treystir innviði samfélagsins.

> Ég leyfi mér að hvetja alla til að sýna þessu frábæra framtaki athygli og velvilja. Tilgangurinn er góður.

Kiwanismenn ætla sér með þessu söfnunarátaki að styrkja annars vegar alþjóðlegt átak Kiwanis International og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna til að stöðva stífkrampa. Stífkrampi er óþekktur á Vesturlöndum en landlægur í 34 fátækustu ríkjum heims. Hins vegar á að styrkja viðurkennd sambýli í bæjarfélögum hér þar sem Kiwanisklúbbar starfa en margar óskir um aðstoð við slík sambýli hafa borist Kiwanishreyfingunni.

Ég leyfi mér að hvetja alla til að sýna þessu frábæra framtaki athygli og velvilja. Tilgangurinn er góður. Og bara góður.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# WikiLeaks gegn misbeitingu VISA

Dómsmál

Kristinn Hrafnsson
talsmaður Wikileaks



Það er nánast útilokað á tímum nútímaviðskipta að komast af án greiðslukorta. Það er metið að þriðjungur allra viðskipta í heiminum sé nú gerður upp rafrænt, hlutfallið vex dag frá degi en bandaríska fyrirtækið VISA hefur ráðandi markaðsstöðu. Lengst af hafa kortafyrirtækin látið að því liggja að þau séu hlutlaus milliliður viðskipta en í desember 2010 felldu þau grímuna og settu WikiLeaks í viðskiptabann. Þetta voru samstilltar aðgerðir VISA, MasterCard, Bank of America, Western Union og PayPal. Með þessari aðgerð þurrkaðist nánast upp tekjulind WikiLeaks sem hafði alfarið verið rekið með frjálsum framlögum hundruð þúsunda einstaklinga um allan heim.

Þetta var í fyrsta sinn sem kortafyrirtækin reiddu til höggs með þessum hætti og gerðust dómarar og böðlar gegn samtökum sem hafa hvergi í heiminum verið lögsótt, þrátt fyrir digurbarkaleg ummæli. Þetta er í fyrsta sinn sem samtök sem berjast fyrir gagnsæi og heilbrigðu lýðræði með birtingu upplýsinga á grundvelli grunngilda blaðamennskunnar verða fyrir barðinu á ægivaldi þessara fjármálastofnana. Engum getur dulist að pólitískur þrýstingur býr að baki og með þessum aðgerðum sjáum við tilraun til einkavæðingar ritskoðunar.

Málið hefur víðtæka tilvísun og hefur gerræðið enda sætt gagnrýni Amnesty International, það sama hefur talsmaður mannréttindamála hjá Sameinuðu þjóðunum gert sem og utanríkisráðherrar aðildarríkja Evrópuráðsins. Ef þessu er ekki hrundið hefur skapast fordæmi og þá er endirinn ekki ljós. Munu kortafyrirtækin straffa Amnesty eða Greenpeace? Munu þau ákveða að loka á einstaka fjölmiðla sem selja innihald sitt á netinu?

Undirliggjandi er einnig sú alvarlega spurning hvort kortafyrirtækin geti tekið sér það vald að hindra hvern og einn einstakling í að styðja málstað með fjárframlagi. Í heimi alvalds plastkortanna er þetta aðför að tjáningarfrelsinu. VISA telur í lagi að þú styðjir Ku Klux Klan eða hægri öfgasamtök sem Andreas Breivik var í nánu samstarfi við. Þú getur notað kortið þitt til að kaupa riffil sömu gerðar og hann notaði í sínu viðurstyggilega ódæðisverki í Útey. VISA er heldur ekki að amast við því að kortin þeirra séu notuð til klámkaupa á netinu. VISA hefur hins vegar ákveðið að þú megir ekki nota kortið þitt til að styðja við bakið á WikiLeaks.

Samtökin hafa undirbúið málssóknir gegn þessari aðför víða um heim auk þess sem á næstu vikum er að vænta niðurstöðu í kvörtun til Samkeppnisstofnunar Evrópusambandsins en VISA og MasterCard hafa sameiginlega yfir 95% markaðshlutdeild í Evrópu.

Fyrsta dómsmálið sem fer í málflutning verður flutt í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Þar er samstarfsaðili WikiLeaks á Íslandi, fyrirtækið DataCell að stefna Valitor. DataCell er gagnahýsingar- og þjónustufyrirtæki sem sá um að taka á móti stuðningsframlögum fyrir WikiLeaks. Félagið gerði samning við Valitor í fyrra og í kjölfarið var greiðslugáttin opnuð í nokkrar klukkustundir áður en henni var skellt aftur án nokkurra fullnægjandi skýringa.

> Undirliggjandi er þó grundvallarspurning um mannréttindi og tjáningarfrelsi.

Í dómsal er lögð fram sú einfalda krafa að Valitor standi við gerða samninga. Undirliggjandi er þó grundvallarspurning um mannréttindi og tjáningarfrelsi. Niðurstaðan verður bautasteinn í baráttunni fyrir þá sem telja ótækt að örfá fjármálafyrirtæki, með VISA í broddi fylkingar, taki sér það ofurvald að ráða örlögum fyrirtækja eða félagasamtaka sem reiða sig á styrktarframlög.

Ég ber þá von í brjósti að geta vísað til dómsniðurstöðu í minni heimabyggð þar sem réttlætið nái fram að ganga. Það yrði við hæfi að slík skilaboð kæmu frá landi sem hefur séð framan í skefjalausa misbeitingu valds af hálfu fjármálastofnana. Víða um heim verður horft til Héraðsdóms Reykjavíkur.

# Hvort vilt þú?

Heilbrigðismál

Auður Guðjónsdóttir
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands



Ef barnið þitt, ágæti lesandi, lenti í umferðarslysi, dytti á skíðum eða af hestbaki og lamaðist, hvað væri það þá helst sem þú vildir heyra lækninn segja?

Vildir þú heyra hann segja að barnið þitt væri varanlega lamað og myndi sitja í hjólastól það sem eftir væri lífs þess? Vildir þú heyra að barnið þitt gæti ekki framar klætt sig og matast sjálft eða þrifið sig vegna máttleysis í höndum? Vildir þú heyra að barnið þitt þyrfti um alla framtíð að takast á við öndunarörðugleika, miklar þvagfærasýkingar, þrýstingssár með tilheyrandi magalegum á spítala vikum saman, lágan blóðþrýsting og beinþynningu?

Satt að segja er ég viss um að þú vildir ekki heyra neitt af þessu. Umfram allt vildir þú heyra lækninn segja þau gullnu orð að hann geti læknað barnið þitt. En, því miður. Þau orð munt þú ekki heyra, því hvorki er til lækning né lækningastefna fyrir mænuskaða.

Í þeim tilgangi að fá hrundið af stokkunum skipulagðri leit að lækningu á mænuskaða undir merkjum Norðurlandanna lögðu þingmenn Íslandsdeildar Norðurlandaráðs fram tillögu á þingi ráðsins 2010. Aðalinntak tillögunnar var að Norðurlandaráð setti á fót starfshóp lækna og vísindamanna með það hlutverk að rýna í þá vísindaþekkingu á mænunni sem nú er til staðar og skoða hvort samþætta mætti hana og leggja fram sem grunn til þróunar lækningastefnu fyrir þá sem mænuskaða hljóta. Íslensku þingmennirnir, með Siv Friðleifsdóttur í broddi fylkingar, unnu ötullega að því að tillagan hlyti samþykki Norðurlandaþingsins og varð sú raunin 2011.

Gangur mála hjá Norðurlandaráði er sá að þegar þingið hefur samþykkt tillögu þá tekur við embættismannanefnd Norðurlandaráðs. Hennar hlutverk er að vinna samþykktar tillögur til ráðherranefndar ráðsins. Ekki fór þó betur fyrir okkar tillögu en svo að embættismannanefndin afgreiddi hana út af borðinu. Ástæðan var að hún passaði ekki í pakkakerfi sem Norðurlandaráð hefur nú tekið upp. Til allrar lukku mótmælti fulltrúi Íslands í embættismannanefndinni. Tillagan er því ekki dauð og ómerk en halda þarf fastar á málum en reiknað hafði verið með til að fá hana í framkvæmd. Á fundi velferðarráðherra Norðurlanda sem haldinn var fyrir skömmu tók velferðarráðherra Íslands málið upp. Enn er ekki ljóst hvort eða hvaða árangur það mun bera.

Frá dýpstu rótum hjarta míns bið ég nú velferðar-, utanríkis- og forsætisráðherra að sameinast um að beita ráðherranefnd Norðurlandaráðs ómældum þrýstingi svo mögulegt verði að hrinda af stokkunum skipulagðri leit að lækningu á mænuskaða í nánustu framtíð. Heimurinn þarf svo mjög á því að halda.


SUMARPLAN BÍLALANDS



Hér sjáum við aðeins brot af þeim bílum sem við erum með á sölu. Endilega kynntu þér fjölbreytt úrval á **www.bilaland.is**

BÍLALAND
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



SUBARU Impreza 2.0R
Nýskr. 11/07, ekinn 48 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 200725
VERÐ
2.100 þús. kr.

BÍLALAND
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



MAZDA Tribute I 4wd
Nýskr. 07/05, ekinn 80 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 101930
VERÐ
2.050 þús. kr.

BÍLALAND
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



CITROEN C3 SX
Nýskr. 07/06, ekinn 46 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 101933
VERÐ
1.090 þús. kr.

BÍLALAND
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



M.Benz E 220 CDI
Nýskr. 02/07, ekinn 236 þús.
Dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.990 þús. kr. Rnr. 200146
TILBOÐSVERÐ
3.290 þús. kr.

BÍLALAND
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



Bmw X5 3.0D
Nýskr. 08/07, ekinn 67 þús.
Dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 190494
VERÐ
7.690 þús. kr.

BÍLALAND
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



Skoda Octavia Ambiente
Nýskr. 10/07, ekinn aðeins 41 þús.
Bensín, beinskiptur.
Rnr. 101921
VERÐ
1.690 þús. kr.

VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:
KLETTHÁLSI 11 og BREIÐHÖFÐA (Bílakjarninn)

bílaland

**Breiðhöfða og Kletthálsi 11 - 525 8000 - www.bilaland.is**
**Afgreiðslutími:** Mánudaga kl. 10.00 til 18.00 – Þriðjudaga til föstudaga kl. 9.00 til 18.00

ENNEMM / SÍA / NM53127

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

# LAMBALÆRI Á FRÁBÆ





1398 kr. kg
Trönuberja og eplamarinerað



1398 kr. kg
Lambalæri, ferskt

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

1398 kr. kg
Hvítlauks og rósmarín marinerað




FRÁBÆRT á grillið



100% hreint kjöt!




2298 kr. kg
Krónu kjúklingabringur

1198 kr. kg
Kjúklingur með lime og rósmarín

2398 kr. kg
Ferskir, úrbeinaðir og ósprautaðir kjúklingaleggir




6 í pk.

1198 kr. pk.
Goða hamborgarar, 6x120 g




10 í pk.

1098 kr. pk.
Goða hamborgarar, 10x80 g



4 í pk.

698 kr. pk.
Grillborgarar með brauði, 4 stk.




Goða salat
Hrásalat, 350 g 249 kr.
Kartöflusalat, 350 g 289 kr.


Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO · www.expo.is





**Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum Krónunnar**


SKEMMTILEGT AÐ GRILLA!
RU VERÐI FYRIR ALLA!
1398 kr. kg
Grillkryddað
1398 kr. kg
New York marinerað
1398 kr. kg
Lambalæri, piparmarinerað
30% afsláttur
1598 kr. kg
Verð áður 2298 kr. kg
Grísalundir, erlendar
30% afsláttur
979 kr. kg
Verð áður 1398 kr. kg
Grísakótilettur
40% afsláttur
2721 kr. kg
Verð áður 4598 kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent
10 í pk.
KRÓNAN
Pylsur
398 kr. pk.
Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g
Þykkvabæjar
Grillkartöflur
330 kr. pk.
Þykkvabæjar forsoðnar grillkartöflur, 600 g
Egils
APPELSÍN
7UP
pepsi
MAX
Mountain Dew
79 kr. stk.
Pepsi, Pepsi Max, appelsín, 7 Up, Mix og Mountain Dew, 33 cl dósir
KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is




# Lýðræðinu til dýrðar

Lýðræði

**Bjarni Snæbjörn Jónsson**
stjórnunarráðgjafi og áhugamaður um meðvitaða samfélagsþróun



Öll mannanna verk endurspegla hugarfar og áherslur. Gjarnan má merkja áherslur í hugarfari á opinberum byggingum sem byggðar hafa verið í aldanna rás. Því stærri og glæsilegri, því skýrari vottur um ríkjandi áherslur.

Við sjáum víða merki þess að mannskepnan hefur byggt glæsileg hús til dýrðar einhverju sem kalla má æðri mátt. Þessi mannvirki eru gjarnan sérhæfð til þess að stunda og iðka það sem krafist er, allt eftir því hvaða mætti er þjónað. Glæsilegar kirkjur og musteri hafa verið reist Guði til dýrðar þar sem almenningur fær tækifæri til þess að iðka trú sína og taka þátt í helgiathöfnum í viðeigandi umgjörð og eftir þar til gerðu rítúali. Glæsilegar hallir stjórnvalda á hverjum tíma hafa verið byggðar hinu veraldlega valdi til dýrðar þar sem útvaldir iðka völd og áhrif, sömuleiðis eftir ákveðnu rítúali. Hin síðari ár hafa verið byggðar glæsilegar skrifstofubyggingar fyrirtækja, þekkingarmiðstöðvar og íþróttamannvirki þar sem stundum er margs konar peningasýslan og atgervisiðkun til hugar og handa. Öll eru þau byggð beinlínis með það fyrir augum að skapa nauðsynlega umgjörð um það rítúal sem liggur að baki athöfnunum, hvort sem þær lúta að trú, völdum, peningum eða atgervi.

Undanfarin misseri hefur verið um fátt meira rætt en fátæklega og frumstæða umræðu- og lýðræðishefð í íslensku samfélagi. Helstu stofnanir lýðræðisins eiga mjög undir högg að sækja og njóta minnkandi trausts. Alþingi, forsetaembættið, stjórnmálaflokkar og hagsmunasamtök eru öll meira og minna í tilvistarkreppu og stressi vegna minnkandi trausts almennings og minni áhrifa í samfélaginu. Hugarástand þeirra sem þar iðka völd og áhrif hefur markast af þessu stressi og magnað upp ýmsar óæskilegar birtingarmyndir sem hafa verið til þess fallnar að rýra enn frekar traustið. Það er kallað eftir breytingum bæði á umræðunni og ekki síður stofnunum sjálfum.

Stórfelldar framfarir í tækni og samskiptum hafa rutt af stað víðtækri þróun sem opnar möguleika á mun almennari þátttöku og áhrifum almennings á stefnumarkandi ákvarðanir í samfélaginu. Jafnframt því hefur verið að þróast hröðum skrefum aðferðafræði sem tryggir vandaða og þroskaða umræðu. Hér á landi er skemmst að minnast frumkvæðis Mauraþúfunnar svokölluðu sem reið á vaðið með nýjung í almennri umræðu um framtíðarsýn lands og þjóðar í nóvember 2009. Að mati allra þeirra hundraða sem stóðu að því framtaki og þeirra 1.200 eða svo sem tóku þátt, heppnaðist atburðurinn mjög vel. Stjórnarskrárferlið, sem að hluta byggði á þessari tilraun Mauraþúfunnar, gaf kost á enn frekari þróun á þessu formi og bætti við nýrri vídd í úrvinnslu og eftirfylgni með ráðgjafanefnd og stjórnlagaráði. Alþingi Íslendinga tók þá tímamótaákvörðun sem gaf færi á dýrmætri reynslu varðandi nýja aðferðafræði í lýðræðinu. Eftir því var tekið víða um heim.

> Alþingi, forsetaembættið, stjórnmálaflokkar og hagsmunasamtök eru öll meira og minna í tilvistarkreppu og stressi.

Eins og við höfum byggt sérhæfða aðstöðu m.a. Guði til dýrðar, stjórnarherrum til dýrðar, peningum til dýrðar og íþróttum og atgervi til dýrðar liggur beint við að spyrja hvort ekki sé komin röðin að lýðræðinu? Hvort lýðræðið sé það mikilvægt að við teljum ekki eftir okkur að verja fé og kröftum til að byggja mannvirki og aðstöðu sem eru sérstaklega til þess gerð að skapa viðeigandi og nauðsynlega umgjörð um athafnir og rítúal sem uppbyggileg og þroskandi almannaumræða krefst í þágu lýðræðisins? Það þarf að iðka lýðræðið allt eins og við iðkum trúna og atgervið til dæmis.

Það er umhendis að þurfa í hvert skipti að fá aðgang að og græja sali sem að jafnaði eru ætlaðir til annarra nota og þar að auki að safna liði, þjálfa og undirbúa. Það dytti engum í hug að byggja til dæmis íþróttastarf á því að fá inni hér og þar eftir atvikum og þurfa að umbreyta aðstöðunni í hvert sinn sem hún er notuð til þess arna. Það er löngu liðin tíð.

Mikilvægt er að koma upp húsnæði (á fleiri en einum stað) sem er sérhönnuð vinnuaðstaða fyrir fjölmenna samræðu og skoðanaskipti sem byggir á góðu aðgengi og tæknilegri umgjörð eins og best verður á kosið. Rafræn tenging er auðveld og til þess fallin að hafa umræðuna samtímis þótt fram fari víða. Þessi aðstaða þarf að vera til reiðu á hverjum tíma.

Byggja þarf upp sérþjálfað lið lóðsa (umræðustjóra), sem hægt er að kalla til í hvert sinn sem umræðan fer fram. Á sama hátt og björgunarsveitir, sem eru til taks hvenær sem kallið kemur, mundu verða til einskonar lýðræðissveitir, sem hefðu það hlutverk að skapa nauðsynlega umgjörð í samræðunni til þess að fá fram bestu mögulegu niðurstöðu.

Vönduð umræða og fjölbreytt sjónarmið myndar hljómbotn í umfjöllun um mikilvæg málefni og framtíðarsýn samfélagsins. Þannig skilar umræðan tóni sem innifelur nauðsynlega breidd til þess að vera samfélaginu til heilla.

Alþingi er ekki í góðu sambandi við almenning, a.m.k. ef marka má mælingar á trausti. Umræðan einkennist af formsatriðum og sífelldum endurtekningum og þráhyggju og virkar eins og óþægilegt suð sem veldur einungis pirringi. Að tengja umræðuna á Alþingi við vandaða og skipulagða umræðu meðal almennings með formlegum hætti mundi vafalítið bæði tengja löggjafarsamkunduna betur við fólkið í landinu og breyta umræðuhefðinni. Fámenni, upplýsing, tæknivæðing og menntunarstig ásamt þeim sterku samfélagslegu innviðum sem við höfum eru borðleggjandi skilyrði til þess að við gætum verið fyrirmynd annarra samfélaga í þessu efni.

# Hornsteinn í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna

Samstarf

**Belinda Theriault**
Blaðamaður og hestakona



Markmið Fulbright-áætlunarinnar er að auka skilning á milli þjóða, treysta vináttubönd og stuðla að samstarfi. Síðan 1957 hafa íslensk og bandarísk stjórnvöld rekið Fulbright-stofnun á Íslandi og átt farsælt samstarf á sviði mennta- og menningarmála í gegnum hana.

Vinátta Íslands og Bandaríkjanna hefur verið báðum þjóðunum mikilvæg, allt frá 1944, þegar Bandaríkin viðurkenndu sjálfstæði Íslands. Þó að ýmislegt hafi breyst í samstarfi landanna á undanförnum áratugum, er í dag jafn mikilvægt og fyrr að hlúa að vináttu ríkjanna og treysta samvinnuna, hvort sem er á stjórnmálasviðinu, í viðskiptum eða í mennta- og menningarmálum.

Einn sá hornsteinn í tvíhliðasamskiptum landanna sem stendur óhaggaður er Fulbright-samstarfið, sem hefur verið farsælt og báðum þjóðum til hagsbóta í 55 ár. Fulbright er í dag ein helsta táknmynd hins jákvæða í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna og hefur styrkt tengsl landanna á ótal sviðum.

Nálægt 1.400 Íslendingar og Bandaríkjamenn hafa hlotið Fulbright-styrk á þessum tíma, bæði námsmenn í framhaldsnámi og fræðimenn. En þar með er ekki öll sagan sögð. Háskólar á Íslandi og nemendur þeirra hafa notið þess að fá hingað fræðimenn á ótal sviðum, sem auðgað hafa íslenskt háskólalíf með kennslu og rannsóknum. Ekki má heldur gleyma framlagi bandarískra nemenda og listamanna, en þessir aðilar snúa síðan heim til Bandaríkjanna með það besta frá Íslandi í farteskinu og halda flestir tryggð við land og þjóð. Þetta fólk heldur áfram að byggja brýr á milli einstaklinga og stofnana í löndunum tveimur.

Þá auðga íslenskir fræðimenn og nemendur bandarískt háskólalíf og þjóðfélag, áður en þeir snúa aftur heim með þekkingu og færni til gagns fyrir íslenskt samfélag. Varanleg vinátta myndast á milli einstaklinga, samtaka og stofnana, en það styrkir tengslin yfir Atlantshafið til lengri tíma. Þannig er Fulbright mikils virði fyrir samband Íslands og Bandaríkjanna og fyrir þjóðfélagið í heild.

Fulbright stendur jafnframt vörð um ákveðin gildi sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi stofnunarinnar á Íslandi. Lögð er áhersla á að Fulbright-styrkþegar gefi til baka til samfélagsins og láti gott af sér leiða. Samfélagsleg ábyrgð, persónuleg ábyrgð einstaklingsins, víðsýni og gagnrýn hugsun eru meðal þeirra gilda sem Fulbright stendur fyrir. Þegar styrkþegar eru valdir, þá eru þessi atriði ekki síður mikilvæg en námsárangur og leiðtogahæfni.

Fulbright er öflugt vörumerki sem nýtur virðingar um heim allan. Það er ákveðin viðurkenning fyrir námsmann eða fræðimann að geta titlað sig Fulbright-styrkþega og sú nafnbót opnar ýmsar dyr, meðal annars að bestu háskólum Bandaríkjanna. Það er því ekki að ástæðulausu sem ríki heims keppast við að fá aukna þátttöku í starfi Fulbright. Þó að Fulbright sé starfandi í einhverjum mæli í um 100 löndum, þá er samstarfið langsterkast þar sem Fulbright-stofnun er starfandi. Slíkar stofnanir eru einungis starfræktar í 50 löndum. Í dag vilja mörg ríki fá Fulbright-stofnun, en Bandaríkin hafa haft þá stefnu að fjölga þeim ekki. Þannig nýtur Ísland forréttinda sem færir landinu margfaldan ávinning miðað við stærð landsins og fjárframlag.

Tengsl Íslands og Bandaríkjanna rista djúpt, því löndin deila að mörgu leyti sameiginlegri sýn og lífsgildum og eiga sameiginlega hagsmuni, þó að vissulega geti ríkin verið á öndverðum meiði í einstaka málum. Þegar við tökum það besta sem hvort landið hefur upp á að bjóða, sameinum krafta okkar, deilum hugmyndum og þekkingu og vinnum saman, þá græða allir. Svo einfalt er það.


COME AND BE
INSPIRED BY ICELAND
ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ
TIL HAMINGJU
ÍSLENDINGAR
CANNES LIONS
59TH INTERNATIONAL FESTIVAL OF CREATIVITY
17-23 JUNE 2012
Við óskum samstarfsaðilum „Ísland – allt árið" og Íslendingum öllum til hamingju með árangur Inspired by Iceland á auglýsingahátíðinni í Cannes. Inspired by Iceland vann Gullna ljónið í flokknum „Best International PR Campaign".
Við vonum að „Ísland – allt árið" njóti áfram krafta og áræðni Íslendinga og íslenskra fyrirtækja.

# Nýju fötin forsetans

Forsetakosningar

Sverrir Björnsson
hönnuður



Áhugafólk um pólitík og almannatengsl fylgist nú af miklum áhuga með slagnum um forsetastólinn því þar fer mikinn fremsti spunameistari þjóðarinnar, Ólafur Ragnar Grímsson. Ólafur á sviðið, stýrir áherslum og umræðuþáttum af þvílíkri röggsemi að andstæðingarnir líta út út eins frambjóðendur til forseta nemendafélags.

Fyrir 16 árum var sett Íslandsmet í spuna. Ólafi tókst þá að breyta ímynd sinni úr því að vera orðhvass og ófyrirleitinn vinstri maður í hófsaman og bljúgan frambjóðanda sem birtist í forsetabúningnum fínn og strokinn mörgum mánuðum fyrir kosningar. Nýja ímyndin virkaði, Ólafur vann og þjóðin fékk það sem hún kaus; fljúgandi kláran og mælskan talsmann og lét sér vel líka. Hlutverk milda landsföðursins klæddi Ólaf ekki eins vel en hlutverkin urðu fleiri og dramatískari.

Árið 2004 setti Ólafur á sig grímu Guy Fawkes og varpaði sprengju inn í þinghúsið. Forsetinn neitaði að skrifa undir fjölmiðlalög sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafði fengið samþykkt. Það sauð á hægrimönnum en vinstrimenn kættust. Hér birtist forsetinn í algerlega nýju hlutverki sem varðmaður þjóðarinnar gagnvart Alþingi. Málskotsrétturinn var virkjaður í fyrsta sinn frá stofnun lýðveldisins. Beiting málskotsréttarins er aldrei hlutlaus, við synjun laga skipar forsetinn sér í hóp þeirra sem efast um umrædd lög og hefur þannig mikil áhrif á almenningsálitið. Davíð játaði sig sigraðan og afturkallaði fjölmiðlalögin fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna. Snilld Ólafs Ragnars birtist ekki síst í því að þeir sem hötuðu hann þá elska hann nú; 180 gráðu snúningur á 10 árum! Ólafur gerir sér grein fyrir að í forsetaembættið er aldrei kosinn já-maður sitjandi ríkisstjórna. Hann hefður sér því kirfilega í stjórnarandstöðu í núverandi kosningum þó hjarta hans slái líklega enn vinstra megin – hver veit?

Þegar góðæðið tók við settist forsetinn við vefstólinn og spann sér glæsileg ferðaföt úr oflofi, þjóðrembu og meirimáttarkennd. Þær flíkur voru engum til sóma og síðar baðst forsetinn afsökunar á þeim í ávarpi. Neitar reyndar í dag að hafa nokkurn tíma átt einkaþotubúning.

Eftir hrun var ímynd forsetans í ruslflokki hjá almenningi og góð ráð dýr. Á þeim miklu óvissutímum í sögu þjóðarinnar klæddist Ólafur huliðsskikkju og hvarf sjónum manna. Nokkru síðar er allir hér heima voru uppteknir við að slökkva eldana eftir hrunið taka að berast fréttir utan úr heimi að gamli sjónvarpsmaðurinn Ólafur Ragnar Grímsson fari mikinn í erlendum fjölmiðlum og verji þar fimlega málstað Íslands. Upphefðin kemur að utan og beygð þjóðin fékk í hnén. Endurreisn Ólafs var hafin.

Endurreisnin fullkomnast síðan í mynd frelsishetjunnar, hinum goðum líka Ísseifi sem stekkur fram á völlinn og bjargar þjóðinni frá erlendri kúgun og langvarandi skuldaklafa. Penninn er máttugri en sverðið, jafnvel ónotaður. Ímyndarstökk Ólafs við þessa atburði var gríðarlegt og má jafna við fræg stökk þeirra Skarphéðins og Gunnars á söguöld.

Nú dregur að forsetakosningum árið 2012 og því sem allir töldu verða síðasta áramótaávarp Ólafs Ragnars sem forseta Íslands. Í því birtist hann óvænt í dressi véfréttarinnar. Eftir ávarpið vissi enginn hvað Ólafur Ragnar hefði sagt, hvort hann ætlaði aftur fram eða fram aftur eða hvað? Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir fjölmiðla næstu vikur fékkst ekki skýrara svar fyrr en klökkur og þakklátur forsetinn tók við rúmlega 30 þúsund undirskriftum (um 10.000 færri en stefnt var að) með áskorun um að hann gæfi áfram kost á sér. Uppákoman kom gjörsamlega flatt upp á Ólaf sem var líklega eini maðurinn í landinu sem ekki vissi af undirskriftasöfnuninni. Hrærður lagðist hann undir feld, kom undan honum eftir viku og bauð sig fram til fimmta kjörtímabilsins í nýjum forsetabúningi; Fimmti landvætturinn er mættur, öryggisventill Íslands! Vargöld vofir yfir, að steðjar þvílík óvissa og ógn að Ólafur getur hreinlega ekki vikist undan því að verja þjóðina á óvissutímum. Áframhaldandi valdaseta hans er algjörlega óumflýjanleg í stöðunni. Óttinn er besti bandamaður stjórnmálamanna í kosningakreppu og oft síðasta hálmstrá þeirra. Kannski ekki stórmannleg aðferð en virkar; svo ég vitni orðrétt í aldraða móður mína: „Ég veit að Ólafur er tækifærissinni sem hugsar fyrst og fremst um sjálfan sig en vegna þeirrar ógnar sem steðjar að innanlands og utan þori ég ekki annað en kjósa hann.“ Staðreyndin er hins vegar sú að það er engin sú hætta í nánd að vel menntuð og greind þjóðin ráði ekki fram úr henni. Það er lélegt að taka þjóðina á taugum þegar hún er að rísa upp eftir mikla erfiðleika og þarf miklu frekar á hvatningu að halda. Hér ríkir greinilega ofar öðru leiðarstef stjórnmálarefsins: „Það sem er gott fyrir mig er best fyrir þjóðina.“

> Það er lélegt að taka þjóðina á taugum þegar hún er að rísa upp eftir mikla erfiðleika og þarf miklu frekar á hvatningu að halda.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

MAGNAÐAR RITDEILUR

vísir - oft á dag

# Fremstur meðal jafningja – og stjórnmálaflokkur eins manns

Forsetakosningar

Tryggvi Gíslason
fyrrverandi skólameistari



Árið 1968 var Kristján Eldjárn kjörinn forseti með 65% greiddra atkvæða, þótt á móti honum færi einn af mikilhæfustu stjórnmálamönnum aldarinnar, hógvær lærdómsmaður, Gunnar Thoroddsen, sem hlaut aðeins tæp 35%, enda þótt að baki honum stæði Sjálfstæðisflokkurinn heill og óskiptur auk margra valdamanna þjóðarinnar. Stuðningsmenn Kristjáns Eldjárns völdu honum einkunnarorðin fremstur meðal jafningja.

En hvers vegna kaus íslenska þjóðin til forseta hógværan og lítillátan fræðimann, sem einkum var kunnur almenningi af útvarps- og sjónvarpsþáttum um forna menningu þjóðarinnar, en höfnuðu margreyndum stjórnmálamanni á þeim miklu umbrota- og átakatímum sem ríktu í landinu – og raunar heiminum öllum?

Átök þessara ára voru mikil og mikil óvissa ríkjandi. Kalda stríðið var í algleymingi og heiftúðug átök innan NATO vegna valdaráns herforingjanna í Grikklandi. Eftir vorið í Prag gerði Varsjárbandalagið innrás í Tékkóslóvakíu í ágúst 1968 og heimurinn rambaði á barmi styrjaldar. Gengi íslensku krónunnar var þetta ár lækkað um 35,3% vegna lélegra aflabragða og lækkandi fiskverðs. Hatrammar deilur urðu á Alþingi og ASÍ mótmælti „harðlega, eindregið og einhuga þeirri stórfelldu árás á launakjör alþýðu“. Aðsúgur var gerður að forsætisráðherra á götum úti og þúsundir Íslendinga fluttust af landi brott vegna atvinnuleysis. Hafís var fyrir Norðurlandi og Austfjörðum og ísbrú milli Íslands og Grænlands.

Árið 1968 – þegar Kristján Eldjárn var kjörinn forseti – var því ekki síður umbrota- og óvissutími en nú – á því herrans ári 2012. Engum Íslendingi datt hins vegar í hug árið 1968 að forseti Íslands ætti að bjarga atvinnuvegum og efnahag þjóðarinnar eða húsnæðismálum – allra síst forsetanum sjálfum. Slíkt stórlæti var Kristjáni Eldjárn fjarlægt. Frá því hann talaði fyrst til þjóðarinnar við embættistöku sína 1. ágúst 1968 þar til að hann ávarpaði Alþingi við þinglausnir 25. maí 1980 lagði hann áherslu á það sem sameinaði þjóðina – og hann talaði til allrar þjóðarinnar – ekki einkum til afreksmanna á sviði viðskipta og atvinnulífs – og hann lagði áherslu á það sem sameinaði þjóðina og gerði Íslendinga að þjóð. Enginn efaðist heldur um heiðarleika og einlægni Kristjáns Eldjárns sem forseta.

Nú tala skillitlir menn um, að Ólafur Ragnar Grímsson verði að „standa vaktina“ áfram sem forseti og sjá til þess að Ísland – og jafnvel heimurinn allur bjargist – komist klakklaust út úr þeim vanda – óvissutímanum sem að steðjar. Sjálfur fer Ólafur Ragnar Grímsson fremstur í þeim flokki og þykist ekki gera sér grein fyrir, að það eru aðrir sem eiga að standa þá vakt í þingræðis- og lýðræðislandi: löggjafarþing, ríkisstjórn – og dómstólar. Aldrei minnist Ólafur Ragnar Grímsson í kosningabaráttu sinni á „land, þjóð og tungu“, sögu þjóðarinnar eða það sem sameinar hana – heldur miklar fyrir sér og öðrum óvissuna og hættuna, sem að steðjar. Slíkt hentar betur í þeim hræðsluáróðri sem hann notar í málrófi sínu og virðist falla mörgum vel.

Sannarlega eru blikur á lofti – eins og verið hafa í þúsund ára sögu þjóðarinnar. En það er ekki hræðslan sem bjargar Íslendingum – né öðrum þjóðum, heldur samstaða og sameiginlegur arfur, réttlæti og heiðarleiki, heiðarlegur forseti sem þekkir takmörk sín, stendur sína plikt sem forseti, ekki sem stjórnmálamaður – stjórnmálaflokkur eins manns.

> Sannarlega eru blikur á lofti - eins og verið hafa í þúsund ára sögu þjóðarinnar. En það er ekki hræðslan sem bjargar Íslendingum - né öðrum þjóðum, heldur samstaða og sameiginlegur arfur, réttlæti og heiðarleiki.

# Menningarminjar okkar allra

Menning

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Ný löggjöf um menningarminjar var samþykkt frá Alþingi í vikunni. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögunum er einnig ætlað að auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum, skýra hugtök er þær varða og greiða fyrir rannsóknum.

Víðtækt samráð hefur verið um lagasetninguna. Frumvarp að þessum lögum var kynnt opinberlega á vegum ráðuneytisins og leitað umsagna um það haustið 2008. Frá þeim tíma hefur verið leitað til ýmissa sérfróðra aðila sem og hagsmunaaðila um ýmis atriði þess. Haustið 2010 var ýmsum hagsmunaaðilum boðið til fundar í ráðuneytinu og farið yfir frumvarpsdrögin. Frumvarpið var síðan kynnt af nefndum Alþingis og fjölmargar ábendingar bárust um efni þess og inntak. Verður því að telja að vinnuferlið hafi verið gagnsætt og þeir sem starfa í þessum geira hafi verið vel upplýstir um framgang málsins. Endanlegur texti laganna endurspeglar að tekið hefur verið tillit til fjölmargra þeirra ábendinga og athugasemda sem hafa komið fram í þessu samráðsferli.

Árið 2001 voru gerðar miklar breytingar á lögum um fornleifar og minjavörslu. Sett voru sérstök lög um ýmsa þætti sem áður var fjallað um sameiginlega í eldri lögum, þ.e. lög um húsafriðun, lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, safnalög og ný þjóðminjalög. Stjórnsýsluþáttur fornleifaverndar var þá skilinn frá Þjóðminjasafni Íslands og Fornleifavernd ríkisins sett á laggirnar til að annast þau mál. Á sama tíma var Húsafriðunarnefnd gerð að formlegri stjórnsýslustofnun með lögum.

Reynslan af framkvæmd laganna frá 2001 hefur leitt í ljós að stjórnsýsla, ábyrgð og verkaskipting þarf að vera skýrari og að þessu er stefnt með nýjum lögum um menningarminjar. Helstu stjórnsýsluþættir minjavörslunnar verða sameinaðir í eina stjórnsýslustofnun, Minjastofnun Íslands. Þessi stofnun mun taka við hlutverki Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar, en þær stofnanir verða lagðar niður. Nýja stofnunin hefur yfirumsjón með heildarstefnu um verndun og varðveislu menningarminja og sér einnig um umsýslu tveggja sjóða, fornminjasjóðs og húsafriðunarsjóðs.

**Betri yfirsýn**

Nýmæli í nýjum lögum um menningarminjar eru nokkur. Þar má nefna að Þjóðminjasafni Íslands og Minjastofnun Íslands er gert að halda skrár yfir þjóðminjar fyrir íslenska menningarsögu, annars vegar yfir lausamuni og hins vegar jarðfastar minjar. Stefnt er að því að minjaráð geti verið virkur samráðsvettvangur hvert á sínu svæði, en í þeim geta setið fulltrúar sveitarfélaga, safna, skipulagsyfirvalda og annarra hagsmunaaðila. Einnig er gert ráð fyrir að minjaverðir, sem falla undir Minjastofnun Íslands, sinni víðtækara hlutverki en þeir gera samkvæmt gildandi þjóðminjalögum.

Hin nýju lög um menningarminjar voru undirbúin í samhengi við þrenn lög, sem voru afgreidd frá Alþingi á síðasta ári, þ.e. safnalög, lög um Þjóðminjasafn Íslands og lög um skil menningarverðmæta til annarra landa. Öll þessi lög munu taka gildi frá 1. janúar 2013, og verður tíminn fram undan notaður til að undirbúa framkvæmd laganna sem best. Ég tel þessa löggjöf sem samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum á Alþingi vera fagnaðarefni og vona að allir sem starfa á þessu sviði sameinist um að vinna farsællega í samræmi við ákvæði laganna.

Ég hvet alla til að kynna sér umrædda löggjöf vel; hér er um að ræða lög um menningarminjar allra landsmanna, sem ber að vernda og skila óspilltum til komandi kynslóða.

> Ég tel þessa löggjöf sem samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum á Alþingi vera fagnaðarefni og vona að allir sem starfa á þessu sviði sameinist um að vinna farsællega.

# Sumargleði Fjarðarkaupa

## Taktu þátt í **skemmtilegum** leik þar sem heppinn viðskiptavinur getur unnið **iPhone4.**




Fylltu út þátttökuseðilinn og skilaðu honum í kassann. Vinningar eru dregnir út í beinni útsendingu á Rás 2 - 28. júní, 14. júlí og 2 ágúst. Fjöldi vinninga.

| ÓB ódýrt bensín | HÓTEL ÖRK | FK FJARÐARKAUP |
| --- | --- | --- |
| Bensínútekt | Sælulykilar á Hótel Örk | Matarkörfur |

## Gleðilegt SUMAR!

**Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag**

FK FJARÐARKAUP
- Einstök verslun

# tímamót

timamot@frettabladid.is



56 **MICHEL PLATINI,** fyrrverandi landsliðsmaður Frakka í knattspyrnu og formaður UEFA, á afmæli í dag.

*„Suma leiki vinnur maður, sumum tapar maður og í sumum gerir maður jafntefli.“*

---

†



Elskulegur eiginmaður minn,

**SVERRIR GUÐMUNDUR HESTNES**
**Sundstræti 34, Ísafirði,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu Ísafirði þann 15. júní 2012. Útför fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 23. júní 2012 klukkan 14.00.

**Guðmundína Þorláksdóttir Hestnes**
**og aðstandendur.**

---

†



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR SVEINSSON**
**tæknifræðingur, Hagaseli 32,**

lést mánudaginn 18. júní á Landspítalanum. Útför hans fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 27. júní kl. 13.00.

**Ingibjörg Jónsdóttir**
**Hanna Ólafsdóttir**
**Guðríður Ólafsdóttir** **Ársæll Már Arnarsson**
**Freydís Sif Ólafsdóttir** **Árni Már Rúnarsson**
**Þórdís Jóna Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Elskulegur sonur okkar, bróðir og mágur,

**EIRÍKUR MUSSIMA QUAN-BIRGISSON**
**fæddur 4. janúar 2003,**
**dáinn 16. júní 2012,**

lést eftir stutt veikindi.
Jarðarförin fer fram þriðjudaginn 26. júní frá Keflavíkurkirkju, kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð sem stofnaður hefur verið til minningar um Eirík, sem nýttur verður til góðgerðarmála tengt barnastarfi Sameinuðu þjóðanna; kt.: 120769-3679, banki: 0542-14-3679.

**Birgir Guðbergsson** **Sike Quan**
**Jóna Kristín Birgisdóttir** **Jóhannes Stefánsson**
**Hjálmtýr Birgisson** **Tinna Rósantsdóttir**
**Gunnar Birgisson**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

**SIGURÐUR SIGURJÓNSSON**
**húsgagnasmíðameistari,**
**Suðurhlíð 38C, Reykjavík,**

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut laugardaginn 16. júní, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. júní kl. 11.00.

**Áslaug Emilía Jónsdóttir**
**Ingibjörg Bryndís Sigurðardóttir** **Örn Halldórsson**
**Sif Arnardóttir**
**Halldór Smári Arnarson**
**Kjartan Sigurjónsson** **Bergljót S. Sveinsdóttir**
**Sigurjón Bolli Sigurjónsson** **Jóhanna E. Vilhelmsdóttir**
**Bryndís Sigurjónsdóttir** **Guðmundur Þorgeirsson**

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN INGIBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR**
**frá Fáskrúðsfirði,**
**Lækjasmára 6, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudag 13. júní. Jarðsett verður frá Digraneskirkju föstudaginn 22. júní kl. 13.00.

**Eggert Oddur Össurarson**
**Sigurður Þórir Eggertsson** **Ingileif Kristinsdóttir**
**Valdimar Eggertsson** **Ásta Sigurjónsdóttir**
**Guðbjörg Eggertsdóttir** **Ásmundur Karl Ólafsson**
**Ásdís Eggertsdóttir**
**Gunnar Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Mikið úrval

Allir legsteinar á kr. 75.000,-



Miðhraun 22 b, 210 Garðabæ, Sími 571 0400 granit@granit.is


---

## HULDAR BREIÐFJÖRÐ RITHÖFUNDUR: FAGNAR FERTUGSAFMÆLI SÍNU Í DAG

# Þessi elli er bara dulargervi

„Þessi áfangi leggst vel í mig, en hann er líka svolítið fyndinn. Einu sinni hélt ég að ég yrði einhvern tíma fullorðinn og myndi þá alltaf taka réttar ákvarðanir, en núna er að renna upp fyrir mér að það mun aldrei gerast. Ég verð aldrei þannig fullorðinn. Þessi elli er í raun bara einhvers konar dulargervi til að láta mann líta betur út,“ segir rithöfundurinn Huldar Breiðfjörð sem er fertugur í dag.

Í tilefni tímamótanna ákvað Huldar að leggjast í ferðalög, en slíkir áfangar hafa áður kallað á svipaðar æfingar hjá skáldinu. „Þegar ég varð þrítugur var ég til dæmis staddur á Kínamúrnum. Núna er ég nýkominn aftur í bæinn eftir hálfsmánaðarlangt ferðalag um landið. Ég ferðaðist um Vestfirði og Norðurland og var í Hrísey í nokkra daga, þessari eyju sem Hallgrímur Helgason hefur kallað sníp Íslands. Ég skil hann mjög vel því það er unaðslegt að vera í Hrísey, þar sem engin umferð er og tempóið hægt og þægilegt. Það eina sem gefur vísbendingu um að tíminn líði í Hrísey er ferjan sem siglir yfir fjörðinn á tveggja tíma fresti.“

Sjálfum afmælisdeginum eyðir Huldar í miðborg Reykjavíkur og segist lítið hafa velt fyrir sér plönum varðandi hann. „En svo er ég á leiðinni til útlanda. Ég ætla upp í Pýreneafjöllin og flakka svo um Spán og Suður-Frakkland. Ég hlakka til og er ánægður með að fagna fertugsafmælinu á þennan hátt,“ segir Huldar, sem vinnur þessa dagana að bók sem hann hyggst gefa út haustið 2013, leikriti og kvikmyndahandriti. „Ég er aðeins að sigla út úr því sem ég hef verið að gera í síðustu bókunum mínum,“ segir Huldar. kjartan@frettabladid.is



**FERTUGUR** Huldar Breiðfjörð rithöfundur leggst í ferðalög í kringum fertugsafmælið. Þannig finnst honum skemmtilegast að fagna slíkum áföngum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

†



Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs sonar míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**SVAVARS KRISTJÓNSSONAR**
**Eikjuvogi 17, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk 13E á Landspítalanum við Hringbraut fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Guðný Ásbjörnsdóttir**
**Guðný Svavarsdóttir** **Sveinn Óttar Gunnarsson**
**Jörundur Svavarsson** **Sif Matthíasdóttir**
**Erla Kristín Svavarsdóttir** **Sigríkur Smári Ragnarsson**
**Lilja Steinunn Svavarsdóttir** **Bjarni Jónsson**
**Auður Ólína Svavarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**ÓLAFÍA KRISTÍN HANNESDÓTTIR**
**sjúkraliði,**
**Drekavöllum 26, Hafnarfirði,**
**áður Bólstaðarhlíð 33, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. júní kl.15.00.

**Auðlín Hanna Hannesdóttir** **Ólafur G. Vigfússon**
**Þorsteinn Óli Hannesson** **Ágústa Guðmundsdóttir**
**og aðrir vandamenn.**

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**SIGRÍÐUR BJÖRG EGGERTSDÓTTIR**
**Skjólvangi 6, Hafnarfirði,**

sem lést 10. júní sl. verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju mánudaginn 25. júní kl. 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

**Guðmundur Geir Jónsson**
**Jón Eggert Guðmundsson**
**Jóhannes Geir Guðmundsson** **Pamela Perez**
**Björgvin Guðmundsson**
**og barnabörn.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**FINNBOGI <u>REYNIR</u> GUNNARSSON**
**Langeyrarvegi 20, Hafnarfirði,**

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 14. júní verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 22. júní kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag nýrnasjúkra, s. 561 9244 .

**Þórdís Egilsdóttir**
**Gunnar Egill Finnbogason** **Halla Jónsdóttir**
**Málfríður Finnbogadóttir** **Jóhannes Tómasson**
**Reynir Þór Finnbogason** **Kristín Waage**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær faðir minn og afi,

**HINRIK AÐALSTEINSSON**
**áður til heimilis að Mýrarseli 3,**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk að kvöldi laugardagsins 16. júní. Útförin fer fram frá Langholtskirkju miðvikudaginn 27. júní kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Klara Berta Hinriksdóttir**
**Róbert Arnar Sigurþórsson**

---

†



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**KRISTVEIG SKÚLADÓTTIR**
**Hlíðarvegi 45, Siglufirði,**

verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 23. júní kl. 14.00.

**Steinþóra Vilhelmsdóttir** **Atli Benediktsson**
**Ágúst Vilhelmsson** **Hildur M. Egilsdóttir**
**Jakobína Vilhelmsdóttir** **Ólafur Ólafsson**
**Auður Vilhelmsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA HELGADÓTTIR (DIDDA)**
**Rjúpufelli 42,**

verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 22. júní kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á slysavarnadeild kvenna í Reykjavík.

**Árni Jón Konráðsson**
**Pálína Kristín Árnadóttir** **Guðbrandur Ingimundarson**
**Sigríður Árnadóttir** **Kristmar O. Höskuldsson**
**Ásta Árnadóttir** **Sigurjón Jónsson**
**Valgerður Árnadóttur** **Baldvin Skúlason**
**Konráð Árnason** **Svandís Ölversdóttir**
**Hafliði Ingibergur Árnason** **Lúvísa Sigurðardóttir**
**Árni Árnason** **Lilja Björk Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARÍA S. GUÐRÖÐARDÓTTIR**
**Ögri,**

lést á Kvennadeild Landspítalans 18. júní síðastliðinn. Jarðarför auglýst síðar.

**Halldór Halldórsson**
**Guðfinna M. Hreiðarsdóttir**
**Leifur Halldórsson** **Steinunn Einarsdóttir**
**Hafliði Halldórsson** **Heiða Sigurbergsdóttir**
**Harpa Halldórsdóttir**
**Guðmundur Halldórsson** **Auður Marteinsdóttir**
**Halla María Halldórsdóttir** **Þórólfur Sveinn Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



**MIÐNÆTURHLAUP**

**Tuttugasta miðnæturhlaup Suzuki fer fram í Laugardalnum annað kvöld og hefst kl. 21.20. Hlaupið verður hálft maraþon í fyrsta sinn og nýjar hlaupaleiðir eru 5 og 10 kílómetrar. Fjölmargir hlaupa á hverju ári enda einstök stemning að hlaupa í fallegu umhverfi Laugardalsins og nágrenni seint að kvöldi í miðnætursól.**

NÝKOMINN AFTUR !!



Teg. DECO - létt fóðraður og saumlaus í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 9.660,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Lokað á laugardögum í sumar
Vertu vinur

Eirberg
Nuddrúlla
-mýkir upp stífa vöðva
Verð: 5.470 kr.



sissel
Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Vertu vinur okkar á Facebook
-20% afsláttur af ÖLLUM buxum
yfir 150 tegundir
Kvartbuxur – Bómullarstretchbuxur
Gallabuxur – Sparibuxur
vandaðar buxur í mismunandi síddum fyrir hávaxnar sem og lágvaxnar konur í stærðum 36-52
Tilboðsverð frá 7.190
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16

# VANTAR FLEIRI TÍMA Í SÓLARHRINGINN

**ORKUSTEINAR** *Hlín Ósk Þorsteinsdóttir hannar Óskabönd sem eru skartgripir fullir af orku. Börnin hennar taka virkan þátt í gerð skartgripanna með henni.*



**FULL AF ORKU**
Hlín Ósk hannar skartgripi úr orkusteinum sem eiga meðal annars að hjálpa fólki að vera skipulagt og jákvætt.
MYND/GVA

Óskabönd eru handunnir íslenskir skartgripir úr náttúrulegum orkusteinum, silfri, eðalmálmi, hrauni, kristöllum og skrautsteinum. Þeir eru hannaðir af Hlín Ósk Þorsteinsdóttur. „Mér finnst ofboðslega gefandi og skemmtilegt að sjá skartgripina mína verða til og hugmyndirnar eru óþrjótandi,“ segir Hlín Ósk.

Hún býr til hálsfestar, bæði stuttar og síðar, armbönd fyrir konur, karla og börn, bæði einföld og tvöföld, og eyrnalokka með ekta silfurkrókum. Hver gripur er einstakur og kemur í gjafaöskju með lesningu um orkuna sem hver gripur býr yfir. „Mér finnst orkusteinarnir ofsalega fallegir og svo hef ég mikla trú á að þeir geri okkur gott, bæði fyrir líkama og sál. Ég trúi að þeir jarðtengi okkur, verndi okkur fyrir rafbylgjum og hjálpi okkur að vera skipulögð og jákvæð. Ég hef lesið mér mikið til um orkusteina og er oft spurð að því hvaða orku hver steinn gefi. Svo eru einnig margir sem velja sér armband og lesa svo um steininn og þá er það akkúrat sá rétti fyrir viðkomandi.“

„Öll börnin mín hafa hjálpað mér á einhvern hátt við Óskaböndin nema kannski sú yngsta sem er þriggja ára, hún er aðallega í því að róta í steinunum. Strákurinn minn sem er að verða fimmtán ára sér alveg um að gera fyrir mig kassana og pakka fyrir mig. Mér finnst alveg ómetanlegt að geta leyft þeim að taka aðeins þátt í þessu með mér. Það er helst að það vanti aðeins fleiri tíma í sólarhringinn til að geta framkvæmt allt sem mig langar til að gera í Óskaböndunum mínum.“

Hluti af söluandvirðinu á Óskaböndum rennur til góðs málefnis sem tengist börnum á Íslandi. „Mér finnst alveg ómetanlegt að geta látið gott af mér leiða með hönnuninni. Ég hef styrkt ýmis félög og börn sem eiga um sárt að binda og valið það sem er í brennidepli hverju sinni.“

Nánari upplýsingar um Óskaböndin má finna á heimasíðunni oskabond.is og á facebook.

■ lilja.bjork@365.is



**SÖLUANDVIRÐIÐ TIL GÓÐA**
Hluti af söluandvirðinu á Óskaböndum rennur til góðs málefnis sem tengist börnum á Íslandi.
MYND/GVA

*3,5% lántökugjald
SUMAR ÚTSALA
12 mánaða vaxtalausar greiðslur*
Gerið gæða- og verðsamanburð
Svefn & heilsa
www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.

SAGA/FREYJA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA/FREYJA
Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



TERNABOX - ÚTSALA
2x90x200
299.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum


ÚTSALA HAFIN!
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

## ÍSLENSK HÖNNUN Í BERLÍN

**SPENNANDI SÝNING** **Tískuvikan í Berlín stendur nú sem hæst. Þar sýna íslensku fatamerkin Mundi, Eygló og Dísdís hönnun sína og hafa einnig sett upp Pop upverslunina Dóttir dóttir í félagi við grænlenska og færeyska hönnuði. Hulda Rós Guðnadóttir myndlistarmaður í Berlín er sýningarstjóri. Á www.vogue.de segir Hulda tilganginn að sýna hversu spennandi og einstök norræn hönnun er. Einkum sé íslenska hönnunarsamfélagið ótrúlega lifandi.**





**GAMAN SAMAN** Hægt er að klæðast þægilegum en flottum fötum í útilegunni.

# KLÆDDU ÞIG FLOTT FYRIR ÚTILEGUNA

**VERTU SMART Í HLÝJUM FÖTUM** *Þó svo að það sé kalt í útilegum er vel hægt að fylgja tískustraumunum og vera vel klæddur.*

Það er komið sumar sem þýðir ekkert annað en að útilegurnar eru byrjaðar. Vandamálið við útilegur á Íslandi er að veðrið er fljótt að breytast. Myndir birtast af stjörnunum á netinu þar sem þær eru á útihátíðum í flottum og léttum fötum, enda venjulega hlýrra handan hafsins.

Íslendingar mega þó ekki láta kalda veðrið á sig fá heldur finna út hvernig hægt er að vera flottur í tauinu þótt kalt sé í veðri.

Ef byrjað er á höfðinu er klassískt að hafa hárband, helst með blómum eða öðru sumarlegu. Aviator-sólgleraugu eru alltaf töff á sumrin, sérstaklega ef maður er með hárbandið. Vertu spör á andlitsfarðann, leiðin liggur ekki út á lífið í miðbænum.

Sýndu þjóðlegu hliðina og vertu í lopapeysu. Það er alltaf jafn flott að klæðast fallegri, íslenskri peysu úr ull og ekki skemmir fyrir að hún er hlý. Hafðu vettlinga til öryggis ef kólnar snögglega í veðri sem gerist oft.

Gott er að vera í leggings undir buxunum en við mælum með því, ef ætlunin er að vera í flottum fötum, að vera ekki í víðum íþróttabuxum. Vertu frekar í gallabuxum eða nokkrum leggings.

Timberland-skórnir voru mikið í tísku í vetur og ef þú átt slíka skaltu endilega vera í þeim. Annars er flott að vera í gúmmístígvélum eða annars konar hlýjum skóm. Við bendum þó á að ef markmiðið er að vera flott klæddur er best að sleppa gönguskónum.

**gunnhildur@365.is**



**LOPAPEYSAN GÓÐA** Engum verður kalt í góðri, íslenskri lopapeysu.



**GÖNGUSKÓR** Nauðsynlegt er að vera vel skóaður í sveitinni.



**SÓLGLERAUGUN** Nauðsynlegt er að verjast sólinni.

## HÁTÍSKA OG HANDVERK Í HANDTÖSKU

*Jardins Florian hannar náttúruvænar töskur í samstarfi við The Good Flock.*

Franska hönnunarhúsið, vefverslunin og -tímaritið Jardins Florian hefur sent frá sér náttúruvæna handtösku í samstarfi við bandaríska handverksmenn, The Good Flock.

The Good Flock framleiðir einungis vörur úr umhverfisvænum efnum. Vörurnar eru ekki fjöldaframleiddar í vélum heldur unnar af handverksfólki en Jardins Florian leitaði eftir samstarfi við The Good Flock einmitt vegna þess að ætlunin var að hanna endingargóða og notadrjúga tösku. Taskan átti ekki endilega að vera hátískuvara heldur taska fyrir bæði kyn sem hægt væri að grípa með sér við hvaða tækifæri sem er en vera þó stælleg líka. Einungis 25 stykki hafa verið framleidd. Taskan fæst í tveimur útgáfum – einlit svört og svo blá og brún – á vefverslun Jardins Florian, www.jardinsflorian.com.

**heida@365.is**



**HANDGERT** Taskan er úr vaxbornum striga og leðri.


SAFT
RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN
Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
www.saft.is

Alþjóðleg ferðaráðgjöf
IATA UFTAA Authorised Training Centre
Ferðamálaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa" til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðaþjónustu. www.menntun.is

Ferðamálaskóli Íslands
Bíldshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22



E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

GLYMSKRATTINN
MEÐ SMUTTY SMIFF FÖSTUDAGSKVÖLD KL. 22
X 97-7

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



**FJÖLBREYTT** Þórfríður reynir að framleiða aðeins fáein hálsmen af hverri gerð. Hálsmenin hafa verið svo vinsæl að Þórfríði hefur þótt nóg um.

# BÝR TIL KÖGURHÁLSMEN

**SITUR EKKI AUÐUM HÖNDUM** *Þórfríður Soffía Haraldsdóttir lætur ekki duga að vera tveggja barna móðir í fullu námi heldur framleiðir hálsmen eftir pöntun.*

Þórfríður Soffía Haraldsdóttir hefur haft margt fyrir stafni síðastliðin ár. Eftir menntaskóla nam hún myndlist í fornáminu í Myndlistarskólanum í Reykjavík en sneri sér í kjölfarið að hjúkrunarfræði. Í millitíðinni átti hún sitt fyrsta barn og nú eru þau orðin tvö. Það er því nóg að gera en hún lætur það ekki á sig fá og heldur ótrauð áfram. Henni er margt til lista lagt og hefur nú í rúm tvö ár framleitt hálsmen sem hún selur á Facebook-síðu sinni, Fresh Fringe Design. Þar getur fólk skoðað myndir af alls konar hálsmenum og pantað sér það sem því líst best á. Hálsmenin hafa verið gríðarlega vinsæl og stundum svo að Þórfríði hefur þótt nóg um. „Já, ég hef oftar en einu sinni næstum verið hætt við þetta allt saman.“ **halla@365.is**



**HANNAR HÁLSMEN** Þórfríður Soffía hannar hálsmen í tugatali og selur á Facebook.

# MUHAMMAD ALI NÝTT ANDLIT LOUIS VUITTON

**FLOTT FYRIRMYND** *Boxarinn Muhammad Ali var myndaður ásamt barnabarni sínu af Annie Leibovitz.*

Hnefaleikakappinn Muhammad Ali er nýjasta andlit nýju Louis Vuitton-auglýsingaherferðarinnar „Core Values“ ásamt barnabarni sínu. Ali, sem er þrefaldur heimsmeistari í hnefaleikum, var myndaður af ljósmyndaranum heimsfræga, Annie Leibovitz. Slagorð herferðarinnar er „Sumar stjörnur vísa þér veginn, Muhammad Ali og upprennandi stjarna.“

Yves Carcelle, stjórnarformaður Louis Vuitton, segir að Muhammad hafi verið fullkominn í auglýsinguna þar sem hann er lifandi goðsögn og góð fyrirmynd. Muhammad fetar í fótspor stórstjarnanna Angelinu Jolie, Keith Richards og Bono sem öll hafa setið fyrir í „Core Values“-herferð. Þær eiga að sýna alvöru fólk á stöðum sem skiptir það miklu máli.

Tískuhúsið Louis Vuitton var stofnað árið 1854 af Frakkanum Louis Vuitton Malletier. Merkið er þekktast fyrir LV-munstrið sem er á flestum vörum fyrirtækisins. Fyrstu árin framleiddi LV aðeins ferðatöskur en á þeim tíma voru þetta framúrskarandi góðar töskur sem margir reyndu að gera eftirlíkingar af.

Árið 1867 hóf Vuitton að berjast gegn eftirlíkingum á töskunum sínum og enn í dag er fyrirtækið í baráttu gegn eftirlíkingum. Lögmannateymi og rannsóknarmenn vinna við að stöðva þessar eftirlíkingar. Til að forðast eftirlíkingar hannaði Vuitton LV munstrið sem gerði síðar töskurnar eina af helstu tískuvöru heims.

Frá upphafi hefur fyrirtækið markaðssett sig sem lúxusfyrirtæki og í ár var Louis Vuitton merkið verðmætasta lúxusmerkið sjöunda árið í röð. Fyrirtækið sérhæfir sig í töskum úr leðri og eru þær enn handgerðar að mestu leyti. Það tekur um það bil 60 klukkustundir að gera eina stóra ferðatösku. Viðurinn sem notaður er í töskurnar er 30 ára gamall þurrkaður viður. Einkenni þeirra eru, eins og svo margir vita, gylltu LV-stafirnir á brúna bakgrunninum.

Stærsta Louis Vuitton-búðin er staðsett á frægustu verslunargötu heims, Champs Elysees í París, en sú búð var opnuð árið 1913 og er enn í dag tekjuhæsta búðin. Í dag eru Louis Vuitton-búðir um allan heim og stendur til að opna fyrstu flugvallarbúðina í Suður-Kóreu. Í dag er Marc Jacobs, fatahönnuðurinn frægi, listrænn stjórnandi og hefur þróað fyrirtækið upp á nýtt stig. Hann hannaði fyrstu skartgripalínuna ásamt fatalínu fyrir merkið og hefur Louis Vuitton aldrei gengið betur en í dag. **gunnhildur@365.is**



**ÆTTARSVIPUR** Muhammad og barnabarn hans voru myndaðir á heimili hins fyrrnefnda.






Ný sending af sumarkjólum

SYBEL Ophilia xtwo

Stærðir 40-56

Verslunin Belladonna á Facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is



GRILL KÓNGURINN

ELDHEIT ÍSLENSK HÖNNUN

SVUNTA
HANSKI
HÚFA
Í HANDSKREYTTUM GJAFAPOKA

Útsölustaðir:

Kokka - Dúka - Grillbúðin - Álafoss - 18 Rauðar Rósir - Þjóðminjasafnið - Dalía - Blómasmiðjan - Garðheimar - Hús handanna, Egilsstöðum - Pottar og Prik, Akureyri, Aðalbúðin, Siglufirði - Þröstur Ormsson, Ísafirði - Motivo, Selfossi - Hverablóm, Hveragerði - Póley, Vestmannaeyjum.

**Dreifing: Auntsdesign, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi - s. 618 - 3022**

Brúðkaups og útskriftarkjólar
Ný sending

20% afsl. af öllum vörum





Nýtt kortatímabil

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Vertu vinur

# KASSAKERFI
## &SJÓÐSVÉLAR

**Kynningarblað** Ráðgjöf, viðskiptahugbúnaður, pinnið, tækniþróun, strikamerki og viðskiptalausnir.




NORDICPHOTOS/GETTY



Nú er mikilvægt að leggja pin-númerið á minnið og skrifa það hvergi niður. MYND/GETTY

# Pinnið á minnið

**Nýjum posum hefur verið komið fyrir í verslunum landsins og leysa þeir brátt gamla kerfið af hólmi. Kerfið byggir á greiðslukortum með örgjörva og krefja viðskiptavininn um pin-númer. Verkefnið ber heitið „Pinnið á minnið“ og vísar til mikilvægi þess að muna pin-númerið.**

Nú er ekki nóg að rétta afgreiðslufólki greiðslukortið og skrifa svo undir kvittunina þegar verslað er. Líklega hafa flestir landsmenn tekið eftir þessum breytingum en nú eru sérstakir posar sem lesa örgjörva í greiðslukortinu og krefja viðskiptavini um leyninúmer. Þetta kerfi er smám saman að verða almennt og ný greiðslukort frá bönkunum eru öll með örgjörva.

Ef viðskiptavinurinn man ekki pin-númerið eða er ekki kominn með örgjörvakort er enn hægt að nota segulröndina. Sá möguleiki verður þó aðeins til staðar meðan verið að koma kerfinu í almenna notkun. Þegar gömlu kortin eru komin úr umferð verður ekki lengur hægt að greiða fyrir viðskipti án þess að stimpla inn leyninúmerið. Allir landsmenn fá nýtt örgjörvakort í síðasta lagi þegar gildistími núverandi korts rennur út.

### Aukið öryggi

Korthafar þurfa ekki lengur að láta kortið sitt af hendi þegar greitt er fyrir vörur og þjónustu. Þeir setja sjálfir kortið í posann og staðfesta viðskiptin með því að slá inn pin-númerið sitt í stað þess að skrifa undir. Þeir fá kvittun á sama hátt og áður.

Markmiðið með nýja kerfinu er að auka öryggi í kortaviðskiptum. Alþjóðleg glæpasamtök gera skipulagðar tilraunir til komast yfir kortaupplýsingar. Með því að nota örgjörva í stað segulrandar og staðfesta viðskipti með leyninúmeri en ekki undirskrift eru kortaviðskipti gerð enn öruggari.

### Hver er ábyrgð korthafa?

Þegar nýja kerfið hefur tekið yfir mun verslunarfólk ekki lengur taka við kortunum og þannig hverfur ábyrgðin alfarið frá þeim. Því skiptir miklu máli að tilkynna bankanum strax um glötuð kort. Einnig er mikilvægt að leggja pin-númerið á minnið en skrifa það ekki á miða sem geymdur er í veskinu, því ef veskinu er stolið og númerið fylgir með getur þjófurinn hæglega notað kortið sem sitt eigið. Komi til þessa ber eigandi kortsins ábyrgð á úttektum. **halla@365.is**

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson, benediktkj@365.is, s. 512 5411.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




Svava hefur staðið vaktina í verslun Guðsteins Eyjólfssonar í tuttugu ár. Hún hefur þó verið viðloðandi fyrirtækið frá barnsaldri. MYND/PJETUR

# Þurfti að ná í bréfin úr faxi á pósthúsinu

**Tækninni hefur fleygt fram á undanförnum árum. Kaupmenn hafa ekki farið varhluta af þeim breytingum sem orðið hafa á því sviði.**


FLOTTI GRILLARINN, grísakótilettur, grísasíða og lambainnralæri



**1998 kr. kg**

STEIKAR GRILLARINN, ungn.entrecote, grísahnakki og grísaspjót

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# menning

menning@frettabladid.is

**MINJASAFN REYKJAVÍKUR** býður gestum og gangandi til sögugöngu í kvöld klukkan 20. Lagt verður upp frá Grófinni, milli Tryggvagötu 15 og 17. Gengið verður um miðborgina og athygli göngumanna vakin á skrautlegum húsum. Allir eru velkomnir og þátttaka ókeypis.

# CARLOS FUENTES KVADDUR

**Mexíkóski rithöfundurinn Carlos Fuentes lést í maí, 83 ára að aldri. Fuentes var einn virtasti rithöfundur Rómönsku-Ameríku og þekktur bæði fyrir skáldsögur og ritgerðir um stjórnmál og menningu. Hjónin Kristín Guðrún Jónsdóttir og Jón Thoroddsen fara yfir feril Fuentes.**

Söknuðurinn kom á óvart. Það var ekki fyrr en við andlátsfregn Carlosar Fuentes að við gerðum okkur grein fyrir því hversu miklu máli rödd hans hafði skipt okkur. Hvað okkur þótti í raun vænt um hann. Já, okkur var brugðið. Dauða hans bar brátt að, hann hafði ekki verið alvarlega veikur og því kom fréttin eins og þruma úr heiðskíru lofti. Samt var hann orðinn 83 ára gamall og við slíku að búast. En hann var sívinnandi fram í andlátið; sama dag og hann lést birtist grein eftir hann í dagblaðinu *Reforma* um forsetakosningarnar í Frakklandi.

### Aðalsprautan í „búmm"

Fuentes fæddist árið 1928 og var einn helsti rithöfundur sem Mexíkó hefur alið. Hann nam lögfræði en krókurinn beygðist snemma í átt að ritstörfum. Fyrsta verk hans var smásagnasafnið *Los días enmascarados*, sem kom út 1954, en hann er þekktastur fyrir skáldsögur sínar, sem eru ótrúlega margbreytilegar, og ritgerðir um menningu, listir og stjórnmál. Einnig hefur hann samið leikrit, kvikmyndahandrit og vinsæla sjónvarpsþætti um sögu Spánar og Rómönsku-Ameríku og listir í Mexíkó.

Fyrsta skáldsaga hans kom út 1958 þegar hann var 29 ára gamall; það var tímamótaverkið *La región más transparente*: margradda mynd af Mexíkóborg sjötta áratugarins, með sterka tilvísun í forsögu og framtíð landsins. Segja má að við útkomu bókarinnar hafi margir rithöfundar álfunnar vaknað af dvala. Eftir Fuentes liggja hátt í sextíu verk, má þar nefna skáldsögurnar *La muerte de Artemio Cruz* og *Terra nostra.*

Við þetta má bæta að Fuentes var aðalsprautan í samfélagi rithöfunda frá þessum heimshluta þegar þeir urðu áberandi á heimsvísu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og eru kenndir við hið svonefnda „búmm".

Fuentes bjó víða í æsku, en faðir hans starfaði í utanríkisþjónustunni. Hann dvaldi á ungdómsárum sínum m.a. í Argentínu, Ekvador, Úrúgvæ, Brasilíu og Síle ásamt Bandaríkjunum. Aftur á móti var hann á sumrin í Mexíkó og hélt með því móti tengslum við land sitt. Þegar hann var 15 ára gamall flutti hann alfarið til heimalandsins. Þessi ár utan landsins hjálpuðu honum að horfa á heimaland sitt úr fjarlægð og með gagnrýnum augum.

### Skoðaði allt með gagnrýnu hugarfari

Margir hafa bent á hversu víðtæk menntun og áhugamál Fuentesar voru og tíðum er orðið endurreisnarmaður notað í því sambandi. Ekkert virtist honum óviðkomandi. Að því leyti var hann ekki ólíkur landa sínum, Nóbelskáldinu Octavio Paz. Fuentes var legið á hálsi fyrir að reyna að koma öllu fyrir í verkum sínum, og má kannski segja að það hafi komið niður á listbrögðum hans. En fyrir öðrum eykur þetta á lífsþorstann sem bækur hans vekja með lesendum. Þessi mikla þekking gerir Fuentes kleift að hjálpa lesandanum að velta fyrir sér nánast öllum mögulegum sjónarhornum viðfangsefnisins. Oftar en ekki spilar hann með minnið og minningarnar með þeim alvarlega undirtóni að sá sem ekki lítur til fortíðar kveður upp dauðadóm yfir framtíðinni.

Hann var oft orðaður við Nóbelsverðlaunin og hefði verið vel að þeim kominn en kannski réði einhverju þar um að landi hans Paz hlaut þau árið 1990. Aftur á móti hlaut Fuentes mörg önnur virt bókmenntaverðlaun svo hann fór ekki slyppur frá viðurkenningunum. Undir lok síðustu aldar urðu vinslit milli þessara tveggja skáldjöfra vegna pólitískra skoðana. Paz þótti sem Fuentes væri fastur í úreltum vinstri hugmyndum. En vera má að dómur sögunnar reynist málstað Fuentes hliðhollur þegar hugað er að lýðræðinu. Ef lýðræði á að vera heilbrigt verður það að búa við átök andstæðra skoðana og hagsmuna. Vinstri hugmyndir hans voru alltaf hluti af samræðu en ekki endanlegar og lokaðar. Á endanum urðu stjórnmálaskoðanir Paz full einhæfar og ekki í takt við lýðræðisþróun í landinu. Fuentes var í mun að allir jaðarhópar fengju rödd sína viðurkennda í samfélaginu. Nægir þar að nefna Zapatistana og hreyfingu þeirra. Þetta sama hugarfar gerði að verkum að Fuentes var bæði stuðningsmaður og gagnrýnandi kúbönsku byltingarinnar. Það var ekki til neitt svart-hvítt í hans huga; allt varð að skoða með sama gagnrýna hugarfarinu frá mismunandi sjónarhornum.

> Þetta sama hugarfar gerði að verkum að Fuentes var bæði stuðningsmaður og gagnrýnandi kúbönsku byltingarinnar. Það var ekki til neitt svart-hvítt í hans huga; allt varð að skoða með sama gagnrýna hugarfarinu frá mismunandi sjónarhornum.

Eins og minnst var á hér að ofan er höfundarverk hans ótrúlega metnaðarfullt. Skáldsögur hans eru ekki aðeins margradda, heldur takast á í þeim margir tímar og margar leiðir til að skynja tímann og ólík söguskeið. Hann vekur lesandann sífellt til umhugsunar með spurningum sem hafa ekki einhlítt svar en varða þó líf okkar mannanna. En það er sama hversu flókið viðfangsefni hans er, það verður aldrei þvælið í meðförum hans. Þarna hjálpar til hversu skýr í hugsun Fuentes var. Stundum bar mælgin hann kannski ofurliði vegna þess að hann kom ekki hugmyndum sínum fyrir í lifandi persónusköpun. Þetta verður ef til vill að skrifast á stöðugar stíltilraunir hans.

### Skýr hugsun og skáldleg sýn

Þegar mikill listamaður og hugsuður eins og Fuentes er kvaddur er orðið þakklæti efst í huga. Hann hélt lesendum sínum á jörðinni með því að hefja sig hvað eftir annað upp yfir hana. Hann stillti okkur upp gagnvart spurningunni hvernig við upplifum samtímann. Erum við fórnarlömb óviðráðanlegra aðstæðna eða náum við að skynja okkur sem hluta í stóru heildarsamhengi þar sem tilfinningum og persónu er gefin hlutdeild í atburðum? Þessu nær mikill skáldskapur, sérstaklega þegar saman fer skýr hugsun og skáldleg sýn. Hann gerði heiminn sem við lifum í persónulegan og skáldlegan og hjálpaði okkur að móta afstöðu gagnvart honum.

Fuentes þótti einkar glæsilegur maður. Síðastliðið haust sátum við að kvöldverði með landa hans, ljóðskáldinu Alberto Blanco, sem var hér gestur á bókmenntahátíð, og hann sagði sögur af persónulegum samskiptum við ýmsa listamenn Mexíkó. Einhverju sinni var Blanco staddur í New York skömmu fyrir jól



CARLOS FUENTES „Skáldsögur hans eru ekki aðeins margradda, heldur takast á í þeim margir ólík söguskeið. Hann vekur lesandann sífellt til umhugsunar með spurningum sem hafa ekki e





tímar og margar leiðir til að skynja tímann og einhlítt svar en varða þó líf okkar mannanna.“

ásamt Patriciu Revah konu sinni. Hann var ánægður yfir því að geta horfið í mannhaf stórborgarinnar, að verða að engu, þurfa ekki að svara fyrir neitt. En þar sem þau hjón eru á gangi í jólaösinni eftir einu breiðstrætinu sjá þau hvar birtist skyndilega út úr einni versluninni maður klæddur skósíðum loðfeldi, hlaðinn pinklum. Eitthvað könnuðust þau við hann: þetta var landi þeirra, enginn annar en vinur þeirra Carlos Fuentes. Fuentes nemur staðar þegar hann sér hið hógværa skáld Alberto ásamt Patriciu og öll verða þau vandræðaleg um stund, en þau hjón ákveða að láta sem ekkert sé og halda áfram göngu sinni. En þá kallar Fuentes eftir þeim stundarhátt: „Nú munt þú yrkja ljóðið It Was on Fifth Avenue.“

Ekki er því að neita að Fuentes hafði vissulega húmor fyrir eigin hégómaskap. Leikaraeðlið var honum samgróið og það hjálpaði honum í hvers konar opinberum viðburðum. Þeir sem komu fram með honum segja að hann hafi þó aldrei skyggt á aðra heldur veitti þeim hlutdeild í því andrúmslofti sem hann töfraði fram. Þetta örlæti við aðra kom einnig fram í því að hann tók verk yngri rithöfunda alvarlega og greiddi götu þeirra.

Fuentes kvæntist eftirlifandi konu sinni, blaðakonunni Silviu Lemus, eftir að hann skildi við fyrri konu sína, leikkonuna Ritu Macedo, en með henni átti hann dótturina Celiu sem lifir föður sinn. Fuentes eignaðist tvö börn með Silviu, Carlos (f. 1973) og Natöshu (f. 1976), sem létust langt fyrir aldur fram, eða þegar þau voru 25 og 30 ára. Skáldið hefur litið tjáð sig um harmrænan dauðdaga barna sinna en hefur tileinkað þeim mörg verka sinna. Eftir jarðarför hans í Mexíkóborg þann 16. maí, þar sem borgarar gátu vottað honum virðingu sína, var Fuentes brenndur og aska hans flutt til Parísar þar sem börn þeirra hjóna hvíla.

Heimurinn hefur misst mikið með þessum gáfaða mannvini.

*Kristín Guðrún Jónsdóttir er greinarformaður í spænsku, Deild erlendra tungumála við Háskóla Íslands. Jón Thoroddsen kennir heimspeki í Laugalækjarskóla.*

# Leita styrkja fyrir sýningarferð

„Við nennum ekki að sitja heima og bora í nefið,“ segir leiklistarneminn Dagur Snær Sævarsson, eða Daily Snow líkt og hann er kallaður erlendis, sem ferðast um landið í sumar með frumsaminn einleik ásamt Magnúsi Þór Ólafssyni gítarleikara. Dagur nemur leiklist við leiklistarskólann í Holberg og Magnús er á kandídatsári við Konunglega danska Konservatoríið. Leikritið ber heitið Pabbi er dáinn og er fyrsta leikritun Dags. Verkið segir frá 26 ára gömlum Kára sem vitjar leiðis föður síns, mánuði eftir andlát hans, til að tala við hann eftir tuttugu ára aðskilnað.

„Hér er litla vinnu að fá og þetta var hið eina sem kom til greina,“ segir Dagur um ástæðu hringferðarinnar. „Við viljum kynna okkar vinnu fyrir Íslendingum og safna í leiðinni peningum fyrir áframhaldandi námi.“ Stefna þeir á að sýna á fimmtán stöðum víðs vegar um landið á tímabilinu 14. júlí til 8. ágúst og er ókeypis inn á flestar sýningar. Að leggja upp í slíka sýningarferð er kostnaðarsamt. „Við höfum leitað að styrkjum hjá sjóðum og fyrirtækjum en því miður eru ekki mörg fyrirtæki spennt fyrir því að styrkja óþekkta nema,“ segir Dagur, sem leitar því til almennings við fjáröflunina. „Ef 700 manns styrkja okkur um þúsund krónur verður ferðin möguleg.“

Listnemarnir munu yfir sumarið setja þætti á veraldarvefinn þar sem fylgjast má með framleiðslunni, æfingum, og svo loks hringferðinni sjálfri. - hþt



**FYRSTA LEIKVERK** Dagur túlkar og skrifar leikritið Pabbi er dáinn, sem hann vonast til að sýna á fimmtán stöðum um landið.



# Megas og kammer

Tónlist ★★★★☆

**Lokatónleikar Reykjavík Midsummer Music**

Ýmsir flytjendur

**Eldborg, Hörpu 19. júní**

Maður skyldi ætla að tónlistarhátíð í Reykjavík örskömmu á eftir Listahátíð væri eins og að eiga afmæli 27. desember.

En hin svokallaða Reykjavík Midsummer Music hátíð var vel sótt. Hátíðin var haldin í Hörpu núna í kringum helgina. Sennilega var hún stíluð á annan áheyrendahóp. Enskur titillinn var væntanlega til að laða að túristana.

Fyrstur á dagskránni á lokatónleikunum á þriðjudagskvöldið var hinn svokallaði Forleikur um hebresk stef eftir Prokofiev. Hann hljómaði undarlega. Hljómburðurinn var furðu dauflegur; það var ekki fyrr en um miðbik verksins að ég áttaði mig á að þarna var m.a. Ástríður Alda Sigurðardóttir að leika á píanó. Klarinetta Einars Jóhannessonar var líka fremur litlaus. Samt var flutningurinn fínn, nákvæmur og lifandi.

Skýringin á þessu var sú að „þakið“ fyrir ofan sviðið, sem er stillanlegt, var of hátt fyrir órafmagnaða tónlist. Það var vegna hátalaranna sem héngu úr því. Þeir voru of stórir til að vera neðar. Hljóðið endurkastaðist því ekki nægilega vel til áheyrenda. En hátalararnir þurftu að vera þarna; Megas var væntanlegur síðar um kvöldið, og hann notar hljóðnema.

Sellósónatan eftir Ligeti í meðförum Sigurgeirs Agnarssonar kom að mörgu leyti betur út en Prokofiev. Hugsanlega vegna þess að sellóleikarinn var framar á sviðinu; ég hreinlega veit það ekki. En leikur hans var í það heila stórbrotinn og glæsilegur.

Enn magnaðra var horntríó eftir sama tónskáld. Þar spilaði Víkingur Heiðar Ólafsson, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, ásamt Stefáni Jóni Bernharðssyni hornleikara og Sigrúnu Eðvaldsdóttur fiðluleikara. Þetta er einstök tónlist, hnitmiðuð og djörf. Og túlkunin var ótrúlega glæsileg.

Eftir hlé var komið að tónsmíð eftir Daníel Bjarnason, Bow to String. Þetta er skemmtileg tónlist, byrjar með miklum eldglæringum, en fellur svo í djúpa kyrrð. Þarna var Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari í aðalhlutverki. Leikur hennar var íhugull, litríkur og fallegur.

Megas var svo rúsínan í pylsuendanum. Lögin hans eru hreinustu perlur. Hér söng hann við undirleik sem var útsettur af syni hans, Þórði. Annars vegar lék strengjakvintett (Sigrún, Hávarður Tryggvason, Bryndís Halla og Þórunn Ósk Marinósdóttir), hins vegar Víkingur Heiðar.

Útsetningarnar voru fagmannlegar og snyrtilegar. Strengjaútsetningarnar voru samt dálítið knúsaðar. Þær skyggðu of mikið á sönginn. Ég tók eftir því að þegar kontrabassaleikarinn var ekki að spila þá hljómaði röddin betur. Þarna voru árekstrar á milli tíðnisviðs hljóðfærisins og raddar Megasar.

Píanóútsetningarnar voru betri, en einnig þar hefði minna verið meira. Og möguleikar alls hljómborðsins hefðu mátt vera betur nýttir. Píanóið var oft á sama stað og röddin. Fyrir bragðið var dúettinn þeirra Víkings og Megasar eins og samræða þar sem hvor talar upp í annan.

Það var samt gaman að Megasi. Hann var svo frjálslegur og öðruvísi! Og í það heila voru þetta flottir tónleikar. Vissulega voru þeir ekki gallalausir, en topparnir voru svo mikil snilld að allt annað fyrirgefst. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Glæsileg kammertónlistarveisla.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 21. júní 2012**

### Tónleikar

**12.00** Fyrstu fimmtudagstónleikar Alþjóðlegs orgelsumars verða haldnir í Hallgrímskirkju. **Lazlo Petö,** organisti Stykkishólmskirkju, leikur á Klais-orgel. Miðaverð er kr. 1.500 en ókeypis er fyrir félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

**21.00** **Einar Lövendal** spilar á Café Rosenberg.

**21.00** Hljómsveitin **Múgsefjun** heldur útgáfutónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** **Tónleikar til styrktar Davíð Erni Arnarssyni og fjölskyldu hans** í Austurbæ. Meðal tónlistarmanna eru Björgvin Halldórsson, Jón Jónsson og Sigga Beinteins. Miðaverð er kr. 3.500.

**22.00** Tónlistarkonan **Ólöf Arnalds** heldur tónleika á Café Flóru í Grasagarðinum í tilefni sumarsólstaða. Miðaverð er kr. 3.000.

**22.00** Sumarskemmtunin Veislufjör 2012 verður í Pakkhúsinu á Höfn í Hornafirði. Það eru **Snorri Helgason, Mr. Silla og Hugleikur Dagsson** sem sjá um dagskrána. Miðaverð er kr. 2.000.

### Fræðsla

**20.00** **Minjasafn Reykjavíkur** býður til sögugöngu um miðbæinn. Lagt verður af stað frá Grófinni, milli Tryggvagötu 15 og 17. Skrautleg hús, fálkaskjöldur með kórónu, útskorið skip og fálkar skoðaðir. Aðgangur ókeypis.

**20.00** **Árleg Jónsmessuganga** menningarnefndar Seltjarnarness verður farin frá bílastæðinu við Bakkatjörn. Skoðuð verður jarðfræði Seltjarnarness undir leiðsögn dr. Helgi Torfason, jarðfræðings. Aðgangur er ókeypis.

### Leiðsögn

**17.00** **Hallgrímur Helgason** verður með leiðsögn um sýninguna Myndveiðitímabilið 2012 í Gerðubergi.

### Fyrirlestrar

**14.00** **Þrýstingur** er yfirskrift fræðslufundar á vegum **Stoðar hf.** sem haldinn verður í hjálpartækjasal Stoðar, Trönuhrauni 8 í Hafnarfirði. Það eru þau Franz Krapfenbauer, Gíslný Bára Þórðardóttir og Vala Þórólfsdóttir sem tala á fundinum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



# SKJÁTÖLVA

reddot design
winner 2011

## SKJÁTÖLVA MEÐ SNERTISKJÁ !

**Glæsileg sambyggð tölva og 24" snertiskjár í háskerpu. Þráðlaust lyklaborð og mús, fjarstýring með lyklaborði, HD vefmyndavél og Dolby hljóðkerfi.**




## SÉRSTAKT
## KYNNINGARVERÐ

| | |
|---|---|
| 21,5" | 139.990 |
| 24" | 159.990 |

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**SPARAÐU BORÐPLÁSS**
Mun minni fyrirferð en með venjulegri borðtölvu . Öflug og örþunn tölva sem er sambyggð við 24" LED háskerpuskjá.

**SJÓNVARP OG STAFRÆN UPPTAKA**
Ekki missa af neinu. Háskerpusjónvarp með tímastilltri starfrænni upptöku. Fjarstýring fylgir með lyklaborði á bakhlið.

**MARGMIÐLUNARTÖLVA MEÐ SJÓNVARPI**
Clear.fi margmiðlunarspilari fyrir bíómyndirnar, tónlistina og ljósmyndirnar. Aðgengilegt og notendavænt viðmót.

**FULLKOMINN SNERTISKJÁR**
Einfaldara líf og fleiri notkunarmöguleikar með snertiskjá af bestu gerð með hraðri svörun og multi-touch.

**HÁSKERPA ALLA LEIÐ**
HDMI tengi sem breytir tölvunni í stóran skjá fyrir minni tæki eins og spjaldtölvur. HDMI út tengi gefur kost á að tengja við hljóðkerfi heimilisins.

**DOLBY HOME THEATER V4**
Hágæða Dolby hljómur með vönduðum hátölurum. Frábær og kraftmikill hljómur.

**ALLT ÞRÁÐLAUST**
Stílhreint og flott þráðlaust lyklaborð og mús fylgir með.

**5° TIL 60° HALLI**
Hægt er að halla tölvunni 5-60°. 60° halli gerir mörg snertiforrit aðgengilegri og skemmtilegri í notkun.

**HD VEFMYNDAVÉL**
Frábær myndgæði í innbyggðri HD vefmyndavél.

**INTEL ÖRGJÖRVI OG ÓTAL TENGIMÖGULEIKAR**
Kemur með 3.1 Ghz Intel i3 örgjörva, USB3 tengjum, HDMI inn og út, loftnetstengi, kortalesara og hljóði inn og út.

tl.is

## STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS




**OPIÐ**
**10-18**
**ALLA VIRKA DAGA**

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

tonlist@frettabladid.is



**HILDUR GUÐNADÓTTIR** **Leyfðu ljósinu** ★★★★

*„Þriðja plata Hildar Guðnadóttur fyrir Touch-útgáfuna er athyglisvert sambland af raftónlist og nýklassík.“* -TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**



**OJBA RASTA** Ojba Rasta spilar eftir sýningu Rise Up í Bíó Paradís í kvöld.

# Reggísumar í Reykjavík

Bíó Paradís er fyrir löngu búið að sanna sig sem gleði- og menningarhús og griðastaður fyrir allar þær áhugaverðu kvikmyndir sem ekki fá inni í hinum kvikmyndahúsunum. Þar eru gjarnan haldnar kvikmyndahátíðir af ýmsu tagi og ein slík hefst í kvöld og stendur fram á sunnudagskvöld. Hún heitir Reggísumar, en á henni verða sýndar tvær reggíkvikmyndir, hljómsveitirnar Ojba Rasta og Amaba Dama halda tónleika og meðlimir Reykjavík Soundsystem snúa skífum.

Upphaflega stóð til að nýja heimildarmyndin um Bob Marley yrði sýnd, en dreifingaraðilar myndarinnar hættu við á síðustu stundu. Ég sá Marley í París í síðustu viku og hún er í einu orði sagt frábær, þannig að vonandi berst hún hingað til lands fljótlega, þó hún verði ekki sýnd í þetta skiptið.

Þær tvær myndir sem verða sýndar eru samt allrar athygli verðar. Rockers er sígild reggíhasarmynd frá 1978, tekin upp í Kingston. Í henni koma fram nokkrir af snillingum reggítónlistarinnar, meðal annars Burning Spear, Gregory Isaacs, Big Youth og Dillinger. Myndin átti upphaflega að vera heimildarmynd, en þróaðist út í leikna mynd með söguþræði.

Rise Up er heimildarmynd um reggíkúltúrinn á Jamaíku, gerð af Luciano Blotta árið 2007. Í henni er bæði fylgst með nýjum nöfnum í reggílífi eyjarinnar (þar á meðal Kemoy Reid) og litið til baka og talað við gamlar hetjur eins og Sly Dunbar, Robbie Shakespeare og Lee „Scratch“ Perry.

Eftir sýningu Rise Up í kvöld spilar heitasta reggísveit Reykjavíkur þessa dagana, Ojba Rasta, og eftir sýningu á Rockers annað kvöld spilar Amaba Dama. Frekari upplýsingar má fá á vefsíðu Bíós Paradísar.

## Í SPILARANUM



Múm - **Early Birds**



Byzantine - **Shilouette**



Melchior - **Matur fyrir tvo**








**Á TÓNLEIKUM** Forsprakkinn Joe Duplianter á tónleikum með Gojira. Fimmta plata sveitarinnar er á leiðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gojira syngur um frelsið

**Franska þungarokkssveitin Gojira gefur út sína fimmtu hljóðversplötu eftir helgi. „Þroskaðri en fyrri verk,“ segir forsprakkinn Joe Duplantier.**

Frönsku þungarokkararnir í Gojira gefa eftir helgi út sína fimmtu hljóðversplötu, L´Enfant Sauvage. Hún er jafnframt sú fyrsta sem kemur út hjá bandarísku útgáfunni Roadrunner Records, undirfyrirtæki Warner Music Group.

Gojira var stofnuð árið 1996 í Bayonne í Frakklandi og hét reyndar Godzilla fyrstu fimm árin. Hljómsveitin er skipuð bræðrunum Joe og Mario Duplantier, Christian Andreu og Jean-Michel Labade. Eftir að hafa spilað saman í nokkur ár og meðal annars hitað upp fyrir Cannibal Corpse urðu þeir að breyta nafninu af ótta við lögsókn en Gojira er einfaldlega Godzilla eins og Japanar myndu skrifa það.

Eftir að hafa gefið út tvær plötur sem fengu fínar viðtökur í heimalandinu vildu Duplantier og félagar stækka aðdáendahópinn. Þeir sömdu við frönsku útgáfuna Listenable Records og gáfu út plötuna From Mars to Sirius. Umslaginu þótti svipa mjög til lógós hvalaverndunarsamtakanna Sea Shepherd, sem meðlimir sveitarinnar styðja. Tónleikaferð um Evrópu fylgdi í kjölfarið og meðal annars spilaði Gojira á Airwaves-hátíðinni 2006 á Nasa. Áheyrendurnir voru ekki margir en Frakkarnir létu það ekki á sig fá og skiluðu sínu með miklum sóma. Sumir erlendir miðlar sögðu tónleikana einn af hápunktum hátíðarinnar.

Síðan þá hefur vegur Gojira vaxið jafnt og þétt úti um allan heim. Hún nær til breiðs hóps þungarokkara enda er hún ófeimin við að blanda saman dauðarokki, framsækinu þungarokki og thrash-metal. Textarnir hafa oft og tíðum fjallað um náttúruvernd, sem er óvenjulegt í þungarokkinu.

Platan The Way of All Flesh leit dagsins ljós fyrir fjórum árum og fékk góðar viðtökur og núna er L´Enfant Sauvage á leiðinni. „Frelsi fylgir ábyrgð og þess vegna spyr ég: „Hvað er frelsi? Hvaða þýðingu hefur það fyrir mig?“ L´Enfant Sauvage fjallar um þetta,“ segir söngvarinn og gítarleikarinn Joe Duplantier. „Hún er þroskaðri en fyrri verk okkar. Það er minni vitleysa í gangi en á sama tíma er krafturinn og einfaldleikinn meiri.“ **freyr@frettabladid.is**

# Stal frá Pearl Jam

Maður sem eitt sinn annaðist fjármálin fyrir Pearl Jam hefur verið ákærður fyrir að stela tæpum fimmtíu milljónum króna frá rokkurunum.

Maðurinn starfaði hjá fyrirtæki sem sér um málefni Pearl Jam þegar hann var sakaður um fjárdráttinn. Hann er sagður hafa stolið peningunum á árunum 2006 til 2010, en þá var hann rekinn. Hann á að hafa notað peningana til að borga skuldir sínar og eiginkonu sinnar.

Einnig er hann sakaður um að hafa notað greiðslukort fyrirtækisins til að borga fyrir frí sem hann fór í með fjölskyldunni og fyrir áfengi.

Eddie Vedder og félagar láta þetta leiðindamál ekki á sig fá því þeir eru á tónleikaferð um Evrópu og spila á Isle of Wight-hátíðinni í Bretlandi á laugardaginn.



**REIÐUR VEDDER** Fyrrum starfsmaður Pearl Jam er ásakaður um þjófnað. NORDICPHOTOS/GETTY

## LAGALISTINN
Vikuna 14. - 20. júní 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Loreen | *Euphoria* |
| ▲ | 2 | Valdimar | *Þú ert mín* |
| ▼ | 3 | Jason Mraz | *I Won't Give Up* |
| ▶ | 4 | Tilbury | *Tenderloin* |
| ▲ | 5 | Maroon 5 / Wiz Khalifa | *Payphone* |
| ▲ | 6 | Olly Murs | *Dance With Me Tonight* |
| ▼ | 7 | KK | *Frelsið* |
| ▲ | 8 | Kiriyama Family | *Weekends* |
| ▼ | 9 | Carly Rae Jepsen | *Call Me Maybe* |
| ▼ | 10 | Ásgeir Trausti | *Sumargestur* |

## TÓNLISTINN
Vikuna 14. - 20. júní 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Sigur Rós | *Valtari* |
| ▶ | 2 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▲ | 3 | Bubbi Morthens | *Þorpið* |
| ▲ | 4 | Ýmsir | *Pottþétt 57* |
| ▼ | 5 | Ýmsir | *Eurovision Song Contest 2012: Baku* |
| ▶ | 6 | Hafdís Huld | *Vögguvísur* |
| ▶ | 7 | Mugison | *Haglél* |
| ▶ | 8 | Tilbury | *Exorcise* |
| ▶ | 9 | Adele | *21* |
| ▲ | 10 | Gus Gus | *Arabian Horse* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

Nikon
*At the heart of the image*

# I AM YOUR SUMMER DEAL

## D3200




**Verð frá 139.995.-**

KAUPAUKI




Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:**
Kælitaska fyrir sex gosdósir, svifdiskur, strandbolti, spilastokkur að virði 5.995.-

## COOLPIX

**Verð 24.995.-**




KAUPAUKI



**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:** Kælihulstur fyrir gosdós, farsímavasi fyrir ströndina, spilastokkur að virði 2.495.-

Nikon School D-SLR Intro
– 2.5 klst kynningarnámskeið
ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir
með D3200 að verðmæti 25.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

Með öllum Nikon vélum
fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**
Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**359** KR. 480 G
10 STK. BÓNUS PYLSUR




**159** KR. 5 STK.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ



**639** KR. 560 G
SS VÍNARPYLSUR 10 STK.




**98** KR. 200 G
EUROSHOPPER STEIKTUR LAUKUR




**259** KR. 770 GR
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770 GR



**298** KR. KG
MYLLU MÖNDLUKAKA 420 GR.



**198** KR. 4 STK.
KORNKUBBAR NÝBAKAÐIR 4 TEG.

## BÓNUS FETI
Í GRÆNMETISSALATIÐ




**298** KR. 250 GR
OSTUR Í KRYDDOLÍU
OSTUR OG ÓLÍFUR Í KRYDDOLÍU




**398** KR. 200 G
FERSKT BÓNUS SPÍNAT




**139** KR. 2 STK.
BÓNUS HEILKORNA HAMBORGARABRAUÐ

**1698** KR. 10 STK.
10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR




**139** KR. 1 LTR.

## EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR 900 GR
# 1498 KR.









**79** KR. DÓSIN




EMMESS SKAFÍS
DAIM - SÚKKULAÐI - VANILLU
**498 KR.**




BÓNUS 24 STK. ÍSPINNAR
GRÆNIR OG BLÁIR **698 KR.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLANDS NAUT
100% NAUTAKJÖT
398 KR. 2 STK.
ÍSLANDSNAUT FERSKIR 2 X 140 GR.
UNGNAUTA -HAMBORGARAR
100% NAUTAKJÖT
GÓÐ KAUP
BÓNUS borgarar
10 stk. x 120 g
1598 KR. PK.
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
10 STK X 120 GR.
HEINZ TOMATO KETCHUP
20% EXTRA FREE
Hunt's
195 KR. 552 G
HEINZ TÓMATSÓSA
198 KR. 680 G
HUNT´S TÓMATSÓSA
RÚLLU LEIKURINN
Glæsilegir vinningar í boði: Reiðhjól, hlaupahjól, tölvur, hótelgisting víða um land og margt fleira.
fjóla
898 KR. 9 RÚLLUR
Rúlluleikur Fjólu Papco
Leynist vinningur í þínum pakka
af Fjólu salernispappír?
ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ
798 KR.KG
mix
Mountain Dew
Egils APPELSÍN
MAX
pepsi
79 KR. DÓSIN
ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU
359 KR.KG
KOOPMAN EINNOTA PLASTMÁL
50 STK 198 KR
KOOPMAN EINNOTA DISKAR 22 CM
50 STK 579 KR
ÍSLENSKUR LAX
BEINT Á GRILLIÐ
FROSINN
1898 KR. KG.
NORÐANFISKUR LAX GRILL-
KRYDDAÐUR BEINHR. M.ROÐI
GARÐYRKJUSTÖÐIN GUFUHLÍÐ
íslensk gúrka
ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR
149 KR STK.
FROSINN
1898 KR. KG
NORÐANFISKUR ÍSLENSKUR LAX
FROSINN BEINHR. M.ROÐI
NÝ UPPSKERA
FRÁ FRAKKLANDI
KARTÖFLUR
259 KR.KG
UPPFRISKANDE
EJ FILTRERAD
100% REN JUICE
PURE PINEAPPLE JUICE
Ferskur ananassafi
eingöngu úr ferskum
pressuðum ananas
1. litr brúsar.
398 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**BJÓ Í RÆKTINNI** Anne Hathaway viðurkennir að hún hafi bókstaflega búið á líkamsræktarstöðinni til að komast í búning kattarkonunnar fyrir nýjustu Batman-mynd Christopher Nolan, The Dark Knight Rises. Myndin er frumsýnd í lok júlí en ásamt Hathaway leika Christian Bale, Tom Hardy og Marion Cotillard í myndinni.

# Hæst launuðu leikkonur Hollywood

Leikkonan Kristen Stewart trónir á toppi lista Forbes yfir hæst launuðu leikkonur í heimi með tæpa sex milljarða íslenskra króna í laun á síðasta ári. Stewart skýtur mörgum eldri og reyndari leikkonum í Hollywood ref fyrir rass á listanum en í fyrra var hún í fimmta sæti. Ástæðan fyrir góðu ári Stewart er frumsýning myndarinnar Snow White and the Huntsman og Twilight-myndanna en Stewart náði að rúmlega tvöfalda laun sín fyrir síðustu tvær myndirnar í seríunni ásamt því að hún fékk hluta af ágóðanum.

Í öðru sæti listans má finna Cameron Diaz með rúmlega fjóra milljarða íslenskra króna í laun sem má rekja til velgengni myndarinnar Bad Teacher sem hún lék aðalhlutverkið í. Sandra Bullock er í þriðja sæti og Angelina Jolie í því fjórða. Jennifer Aniston situr í tíunda sæti listans góða.



**1. SÆTI** Kristen Stewart.



**4. SÆTI** Angelina Jolie.



**2. SÆTI** Cameron Diaz.



**3. SÆTI** Sandra Bullock.



**ROKKGOÐIÐ** Tom Cruise fer með hlutverk Stacee Jaxx í söngvamyndinni Rock of Ages sem frumsýnd var í gær.

# AF BROADWAY Í BÍÓHÚS

**Söngvamyndin Rock of Ages var frumsýnd í kvikmyndahúsum í gær. Leikstjóri myndarinnar er Adam Shankman, en sá gerði einnig söngvamyndina Hairspray.**

Rock of Ages er byggð á samnefndum söngleik er slegið hefur í gegn á Broadway. Líkt og söngleikurinn inniheldur kvikmyndin meðal annars slagara á borð við Waiting For a Girl Like You með sveitinni Foreigner, Can't Fight This Feeling með REO Speedwagon og Every Rose Has Its Thorn með Poison. Kvikmyndin gerist í Los Angeles árið 1987 og segir frá barþjóninum og rokksöngvaranum Drew Boley og söngkonunni Sherrie Christian sem bæði eiga sér þann draum að slá í gegn sem söngvarar. Bæði starfa þau á hinum vinsæla skemmti- og tónleikastað The Bourbon Room á Sunset Strip sem er þekktur fyrir að hýsa villta rokktónleika. Eigandi staðarins, Dennis Dupree, sannfærir rokkstjörnuna Stacee Jaxx um að halda eina tónleika á staðnum í þeirri von að græða nóg til að geta borgað skuldir staðarins. Eiginkona borgarstjórans er þó ósátt við þau áform og reynir hvað hún getur til að koma í veg fyrir tónleikana og að fá syndabælinu lokað í eitt skipti fyrir öll.

Tónlistin spilar veigamikið hlutverk í myndinni og má heyra lög með sveitum á borð við Def Leppard, Journey, Poison, Twisted Sister og Foreigner óma þegar persónurnar bresta í söng og því dugði ekkert minna en að ráða söngvara í aðalhlutverk myndarinnar. Diego Andrés González Boneta fer með hlutverk Drew Boyle en sá hefur getið sér gott orð sem söngvari og leikari í heimalandi sínu, Mexíkó.

Þjóðlagasöngkonan og dansarinn Julianne Hough fer með hlutverk Sherrie Christian, en hún fór einnig með aðalhlutverkið í endurgerð kvikmyndarinnar Footloose. Með önnur hlutverk fara Russell Brand, Paul Giamatti, Catherine Zeta-Jones, Mary J. Blige, Malin Åkerman, Alec Baldwin og Tom Cruise sem leikur rokkgoðið Stacee Jaxx.

Þó valinn maður sé í hverju rúmi hefur það ekki forðað myndinni frá slæmri gagnrýni og á vefsíðunni Rottentomatoes.com fær myndin aðeins 42 prósent ferskleikastig. Flestum þykir söguþráðurinn þunnur og leikurinn ósannfærandi og fær Tom Cruise að auki misjafna dóma fyrir hlutverk sitt sem Stacee Jaxx.

## DANSAÐI MEÐ PAULU ABDUL

Leikstjórinn Adam Michael Shankman hóf feril sinn sem dansari á Broadway og kom einnig fram í myndbandi söngkonunnar Janet Jackson við lagið Amazing og í myndbandi söngkonunnar Paulu Abdul við lagið Opposites Attract. Hann hefur lengi unnið sem danshöfundur og samdi meðal annars dansana fyrir tónleikaferðalög Spice Girls á sínum tíma. Hann er einnig dómari í sjónvarpsþáttunum So You Think You Can Dance og hefur sinnt því starfi frá því að þriðja þáttaröðin fór í loftið.

Shankman hefur leikstýrt nokkrum kvikmyndum í fullri lengd en einnig leikstýrt einstaka sjónvarpsþáttum og ber þar helst að nefna Glee og Modern Family.

# Meðganga, reggí og kómedía

Hin stórskemmtilega gamanmynd What to Expect When You're Expecting var frumsýnd í gær. Þar segir frá fimm pörum sem tengjast öll á ævintýralegan hátt. Hvert þeirra stendur frammi fyrir þeirri breytingu að eignast barn en nýju aðstæðurnar reynast þrautin þyngri. Sagan er innblásin af samnefndri metsölubók, sem er leiðarbók fyrir verðandi foreldra, og fjallar meðal annars um stjörnuparið Jules, sem Cameron Diaz leikur, og Evan, leiknum af Matthew Morrison, sem eiga erfitt með að sameina stjörnulífernið og óvæntar uppákomur á meðgöngunni. Jafnframt kemur Jennifer Lopez fyrir sögu sem ljósmyndari sem reynir að sannfæra manninn sinn um að ættleiða með sér. Pörin lenda í ótrúlegustu aðstæðum vegna þessa sem ætti að kitla hláturtaugarnar.

Sumrinu verður fagnað í Bíói Paradís með eins konar reggíhátíð sem hefst í dag og stendur til sunnudags. Á dagskrá verður heimildarmyndin Rise Up!, sem tekur saman sögu reggí-tónlistarinnar á Jamaíku, og reggígrínmyndin Rockers frá 1978.

Bíó Paradís frumsýnir einnig á morgun kolsvörtu komedíuna Bernie, sem segir frá útfararstjóra sem myrðir óþolandi vinkonu sína og reynir að leyna því. **- hþt**



**FÖÐURHLUTVERKIÐ** Tveir meðlimir „gauraklúbbsins“ sem Holly, leikin af Jennifer Lopez, lætur manninn sinn hitta til að sannfæra hann um ágæti föðurhlutverksins.




FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
MAGNAÐAR RITDEILUR
vísir - oft á dag

# SJÁÐU ÞETTA VERÐ!

26. júní

## PORTÚGAL

~~41.500 kr.~~

**24.900 kr.**

á mann m.v. flug aðra leiðina með flugvallasköttum til Portúgal

sjá nánar á www.vita.is

26. júní-10. júlí
2 vikur

## PORTÚGAL

~~156.200 kr.~~

**85.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/ 1 svefnh.
á Albufeira Sol 26. júní í **tvær vikur.**
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 146.340 kr.** og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 105.900 m.v. 2+2
**Verð án Vildarpunkta 156.340 kr. m.v. 2.

sjá nánar á www.vita.is

27. júní, 4. og 11. júlí

## ALICANTE

~~38.510 kr.~~

**24.900 kr.**

á mann m.v. flug aðra leiðina með flugvallasköttum til Alicante.

sjá nánar á www.vita.is

**Hvar finnur þú eitthvað í líkingu við þetta?**

vita

# TILBOÐ

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 60245 06/12



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

# Gengur ekki upp að vera með hávaða á sviðinu

**Ian Anderson úr Jethro Tull spilar á tvennum tónleikum í Hörpu í kvöld og á morgun. Hann er að koma til Íslands í fimmta sinn og hlakkar til að spreyta sig í Eldborgarsalnum.**

Tónlistarmaðurinn heimsfrægi Ian Anderson úr Jethro Tull er kominn til landsins ásamt hljómsveit sinni til að flytja meistarastykki sitt Thick as a Brick í heild sinni í Hörpu. Einnig verður framhald hennar, Thick as a Brick 2, sem kom út fyrr á árinu, flutt.

Fyrstu tónleikar Andersons og félaga voru í Bretlandi í apríl. Síðan þá hafa þeir spilað víða um heim og núna eru þeir bókaðir þangað til í nóvember á næsta ári. „Venjulega höldum við um eitt hundrað tónleika á ári. Við ætluðum bara að spila Thick as a Brick á þessu ári en við höfum fengið mörg tilboð, þar á meðal frá Ástralíu, Nýja Sjálandi og Japan. Svo verðum við líka á evrópskum tónlistarhátíðum,“ segir Anderson í spjalli í Hörpu.

Áður en viðtalið hófst neitaði Anderson að taka í höndina á blaðamanni, ekki af illgirni, heldur af ótta við sýkla enda afar slæmt að kvefast í miðri tónleikaferð. „Ég tek aldrei í hendurnar á fólki á tónleikaferðum,“ sagði hinn varkári Anderson sem tekur starf sitt greinilega alvarlega.

Aðspurður segist hann aldrei hafa búist við að spila Thick as a Brick fjörutíu árum eftir að hún kom út. „Ég hlustaði á plötuna og fannst það vonlaust að spila hana alla á tónleikum, því á henni er ég oft með tvær flautur, tvo gítara og raddir á sama tíma,“ segir Anderson, sem tókst þó ætlunarverkið með hjálp hljómsveitarinnar. „Við spilum frekar hljóðlega. Ég lærði það fyrir löngu að það gengur ekki að vera með mikinn hávaða og kraftmikla magnara á sviðinu. Því hljóðlegra, þeim mun betra fyrir hljóðmanninn, hljóðkerfið og áhorfendurna.“

Hinn 64 ára gamli Anderson, sem kemur frá Skotlandi, er að spila hér á landi í fimmta sinn og hlakkar til að stíga á svið í Hörpu. „Ég hef séð hana rísa upp úr engu. Efnahagsástandið hefur örugglega haft eitthvað að segja um byggingarferlið en vonandi á hún eftir að reynast Íslendingum vel. Það væri samt gaman að sjá nokkrar litlar byggingar eins og þessa annars staðar á landinu. Ég væri mjög til í að spila úti á landi en því miður sjá tónleikahaldarar ekki hag sinn í að halda slíka tónleika.“

Hann er frægur fyrir þverflautuleik sinn og að standa á öðrum fæti á sama tíma. Aðspurður segist hann spila á „þjófaflautuna“ sína þegar hann er á tónleikaferðalagi af ótta við að henni verði stolið. Hann hefur samt aldrei lent í því. Önnur flauta sem hann á hvarf reyndar í sex mánuði. „Þegar ég sá hana loksins mundi ég hvað varð um hana. Hún hafði ferðast eitt hundrað milljón kílómetra frá því ég sá hana síðast,“ segir hann. Geimfari um borð í Alþjóðlegu geimstöðinni, sem er áhugaflautuleikari, hafði þá fengið hana lánaða. „Við spiluðum flautudúett þegar hún var úti í geimi. Þetta var í beinni útsendingu í Rússlandi þegar fimmtíu ár voru liðin síðan Júrí Gagarín fór út í geiminn.“

Anderson lofar skemmtilegum tónleikum í Eldborgarsalnum. Þeir verða tvennir. Uppselt er á þá fyrri í kvöld en eitthvað er til af miðum á tónleika föstudagsins.

freyr@frettabladid.is



**Á ÖÐRUM FÆTI** Ian Anderson stendur á öðrum fæti með flautuna í hendi eins og hann er svo þekktur fyrir.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bætir, hressir og kætir

Bíó ★★★★☆

**Intouchables**

Leikstjórn: Olivier Nakache, Éric Toledano

**Leikarar:** François Cluzet, Omar Sy, Audrey Fleurot, Clotilde Mollet, Anne Le Ny

Franska gamanmyndin Intouchables segir frá smákrimmanum Driss sem gerist aðstoðarmaður lamaða auðmannsins Phillippe. Sá ríki er einmana en nokkuð brattur, harðneitar að láta vorkenna sér, er mikill menningarviti og fer bæði í óperuna og á málverkasýningar. Driss er hins vegar dóni og letihaugur, en með gott hjarta. Þrátt fyrir ólíka skapgerð og þjóðfélagsstöðu verða þeir hinir mestu mátar og eins og í öllum alvöru andstæðumyndum ná þeir á endanum að læra eilítið hvor af öðrum.

Þessi formúla er litlu yngri en sjálf kvikmyndalistin og virðist enn kæta áhorfendur um allan heim. „Broddborgarinn sem reykir sig skakkan í fyrsta sinn“ og „Lágstéttarmaðurinn sem kennir uppskafningunum að skemmta sér“ eru meðal kunnuglegra atriða í myndinni, en það eru aðalstjörnurnar tvær, þeir François Cluzet og Omar Sy, sem hífa verkið upp um marga gæðaflokka með stórkostlegum samleik sínum. Persóna Cluzet er lömuð frá hálsi og fær leikarinn því aðeins að nota andlitið. Þetta er eflaust erfitt en hann gerir þetta virkilega vel, þótt stundum skyggi Sy á hann með óborganlegum töktum sínum.

Dramatíkin er til staðar þó hún risti ekki djúpt, en grínið leikur lausum hala frá upphafi til enda og höfðar þar að auki til allra aldurshópa. Og þó boðskapurinn sé klisjukenndur er sannleiksgildi hans ótvírætt. Góðir vinir létta okkur ekki bara lundina, heldur gera okkur að betri manneskjum. Ef þú getur ekki tekið undir það er ef til vill tímabært að endurskoða vinahópinn. Eða draga skarann á Intouchables.

Haukur Viðar Alfreðsson



**FRÁBÆRIR** Aðalleikarar myndarinnar hífa verkið upp um marga gæðaflokka með stórkostlegum samleik sínum.

**Niðurstaða:** Sígild saga í fallegum búningi.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| WHAT TO EXPECT | 5.50, 8, 10.15 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |
| MADAGASKAR 3 2D | 4 |
| PROMETHEUS 3D | 10.20 |
| SNOW WHITE | 7, 10 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is

| SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5% | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING LÚXUS | KL. 5.35 - 8 | L |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MADAGASCAR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| PRIANHA 3DD ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 10.30 | 16 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5% | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOONRISE KINGDOM | KL. 8 - 10.10 | L |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 | 10 |

| BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN... | KL. 5.45 - 8 - 10 | 12 |
| PIRANHA 3D | KL. 10.20 | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5.45 - 8 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is
FRÁ LEIKSTJÓRA HAIRSPRAY KEMUR PARTÝMYND SUMARSINS ROCK OF AGES
ÞAU HAFA EITT TÆKIFÆRI TIL AÐ KOMAST AFTUR HEIM
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI - SÝND Í 2D OG 3D

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| ROCK OF AGES LUXUS VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| LOL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 2D | 12 |
| PROMETHEUS | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 5:30 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL | KL. 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTEXTUÐ ENSKU. TALI | KL. 10:10 | 3D | L |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| WHAT TO EXPECT... | KL. 8 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas
FRUMSÝND Á MORGUN 22. JÚNÍ BERNIE JACK BLACK MATTHEW McCONAUGHEY SHIRLEY MACLAINE
UNG
BÍÓ ★ PARADÍS
FIMMTUDAGUR: REGGÍSUMAR: RISE UP+TÓNLEIKAR OJBA RASTA 20:00 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 17:50, 20:00, 22:10 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ TYRANNOSAUR 18:00 ■ *BLACK'S GAME* 20:00, 22:00
Út að borða og í bíó á **Sumartíð** og **Ung**! Sushisamba og Tapasbarinn.
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# SPENNANDI SUMAR

## GRÍPTU KRIMMA Í FRÍIÐ




★★★★

*„Áhugamenn um íslenskar sakamálasögur munu gleðjast yfir þessum nýja höfundi.“*

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
FRÉTTATÍMINN

*„Persónusköpun Sólveigar er einstaklega góð … vel gerð glæpasaga sem hélt mér spenntri alla leið til loka.“*

INGVELDUR GEIRSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ




★★★★

„… feikispennandi og fyrsta flokks afþreying.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
FRÉTTATÍMINN




„Vel skrifaður og spennandi krimmi með óvæntri fléttu.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ




„… líklega besta bók Åsu Larsson til þessa.“

BOOKLIST




„Sannleikurinn er sá að Reacher verður betri og betri.“

THE NEW YORK TIMES

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍSLENSKA KVENNALANDSLIÐIÐ Í FÓTBOLTA** spilar við Búlgaríu í dag í undankeppni EM. Noregur og Belgía unnu sína leiki í gær og fyrir vikið datt íslenska liðið niður í 3. sæti í riðlinum. Íslensku stelpurnar geta endurheimt toppsætið með sigri í dag en þær búlgörsku lágu 6-0 í fyrri leiknum í Laugardalnum. Leikur hefst klukkan 15.00 að íslenskum tíma.

**BREIÐABLIK 2-1 KR**

Kópavogsv., áhorf.: 1388 | Magnús Þórisson (7)

**0-1 Þorsteinn Már Ragnarsson (73.), 1-1 Kristinn Jónsson (79.), 2-1 Sverrir Ingi Ingason (86.).**

**Skot (á mark):** 9-9 (5-4)
**Varin skot:** Ingvar 3 - Hannes 3

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Ingvar Þór Kale 6 - Gísli Páll Helgason 6, Renee Trost 6, Sverrir Ingi Ingason 7, ***Kristinn Jónsson 8**, Finnur Ingi Margeirsson 7, Olgeir Sigurgeirsson 5(81., Rafn Andri Haraldsson, -), Andri Rafn Yeoman 6 , Haukur Baldvinsson 5, Tómas Óli Garðarson 6(81., Guðmundur Pétursson -), Petar Rnkovic 5.

**KR (4-5-1):** Hannes Þór Halldórsson 5, Haukur Heiðar Hauksson 5, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 5, Rhys Weston 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 5, Bjarni Guðjónsson 5(71., Egill Jónsson -), Atli Sigurjónsson 5(45., Baldur Sigurðsson 5), Viktor Bjarki Arnarsson 4, Óskar Örn Hauksson 5(67., Dofri Snorrason 6), Kjartan Henry Finnbogason 5, Þorsteinn Már Ragnarsson 6.

* MAÐUR LEIKSINS

**FH 2-2 STJARNAN**

Kaplakriki, áhorf.: 1910 | Kristinn Jakobsson (7)

**0-1 Ellert Hreinsson (2.), 0-2 Garðar Jóhannsson (24.), 1-2 Guðjón Árni Antoníusson (42.), 2-2 Guðjón Árni (84.).**

**Skot (á mark):** 15-7 (11-6)
**Varin skot:** Gunnleifur 4 - Ingvar 9

**FH (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 5 - Guðjón Árni Antoníusson 8, Brynjar Ásgeir Guðmundsson 3 (***46., Hólmar Örn Rúnarsson 8**), Guðmann Þórisson 6, Danny Justin Thomas 5 - Pétur Viðarsson 6, Bjarki Gunnlaugsson 6, Björn Daníel Sverrisson 7 - Ólafur Páll Snorrason 4 (62., Emil Pálsson 6), Atli Guðnason 5, Atli Viðar Björnsson 5.

**STJARNAN (4-5-1):** Ingvar Jónsson 7 - Jóhann Laxdal 6, Baldvin Sturluson 6, Daníel Laxdal 6, Hörður Árnason 5 (90., Hilmar Þór Hilmarsson -) - Alexander Scholz 6, Kennie Chopart 5 (46., Mads Laudrup 4), Halldór Orri Björnsson 6, Atli Jóhannsson 7, Ellert Hreinsson 6 - Garðar Jóhannsson 7 (55., Bjarki Páll Eysteinsson 6).

* MAÐUR LEIKSINS

**GRINDAVÍK 1-3 ÍBV**

Grindavíkurv., áhorf.: 536 | Þorvaldur Árnason (8)

**0-1 Guðmundur Þórarinsson (65.), 0-2 George Baldock (72.), 0-3 Tonny Mawejje (90.), 1-3 Magnús Björgvinsson (90.+2)**

**Skot (á mark):** 7-18 (4-12)
**Varin skot:** Óskar 9 - Abel 3

**GRINDAVÍK (4-5-1):** Óskar Pétursson 6 - Matthías Örn Friðriksson 4, Björn Berg Bryde 5, Ólafur Örn Bjarnason 5, Mikael Edlund 6, Ray Anthony Jónsson 7 - Paul McShane 6 (72.,Hafþór Ægir Vilhjálmsson 6), Alexander Magnússon 7, Marko Valdimar Stefánsson 3, Scott Mckenna Ramsay 6(81., Óli Baldur Bjarnason -) - Tomi Ameobi 6 (81., Magnús Björgvinsson -).

**ÍBV (4-5-1):** Abel Dhaira 6 - George Baldock 7 (81., Ragnar Leósson -), Brynjar Gauti Guðjónsson 6, Rasmus Christiansen 6, Matt Garner 6 - Víðir Þorvarðarson 7, ***Þórarinn Ingi Valdimarsson 7**, Guðmundur Þórarinsson 7, Tryggvi Guðmundsson 5 (78., Gunnar Már Guðmundsson -), Ian David Jeffs 6 (76., Tonny Mawejje -) - Christian Steen Olsen 7.

* MAÐUR LEIKSINS

**FRAM 0-2 KEFLAVÍK**

Laugardalsv., áhorf.: Óuppg. | Vilhjálmur Þórarins. (7)

**0-1 Frans Elvarsson (7.), 0-2 Guðmundur Steinarsson (20.)**

**Skot (á mark):** 8-8 (4-6)
**Varin skot:** Ögmundur 4, Ómar 4.

**FRAM (4-5-1):** Ögmundur Kristinsson 5 - Allan Lowing 5, Kristján Hauksson 6, Hlynur Atli Magnússon 5, Sam Tillen 5 - Jón Gunnar Eysteinsson 4 (45., Daði Guðmundsson 4-), Halldór Hermann Jónsson 5, Samuel Hewson(30., Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 6 -), Almarr Ormarsson 5, Hólmbert Aron Friðjónsson 6 (69., Sveinbjörn Jónasson 5 -) - Steven Lennon 5

**KEFLAVÍK (4-5-1):** Ómar Jóhannsson 6 – Grétar Atli Grétarsson 7, ***Haraldur Freyr Guðmundsson 8**, Gregor Mohar 7, Jóhann Ragnar Benediktsson 7 – Arnór Ingvi Traustason 6, Einar Orri Einarsson 6, Frans Elvarsson 7, Jóhann B.Guðmundsson 6 (71., Hilmar Geir Eiðsson -), Sigurbergur Elísson 6 (81., Ísak Örn Þórðarson -) - Guðmundur Steinarsson 7 (64., Magnús Sverrir Þorsteinsson 5 -)

* MAÐUR LEIKSINS

Allt um leiki gærkvöldsins
er að finna á
vísir.is



**VÍTIÐ SEM RÉÐ ÚRSLITUM Á HLÍÐARENDA** Kári Ársælsson togar hér niður Kolbein Kárason í lok leiksins í gær. Víti var dæmt og Rúnar Már Sigurjónsson skoraði sigurmark Valsmanna úr vítaspyrnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Toppliðin töpuðu stigum

**FH er með eins stigs forskot á toppi Pepsi-deildar karla eftir 8. umferðina. Öll þrjú toppliðin töpuðu stigum og Blikar og Valsmenn nálguðust efstu liðin eftir góða heimasigra, Valur 2-1 á ÍA og Breiðablik 2-1 á Íslands- og bikarmeisturum KR.**

**FÓTBOLTI** Spennan jókst á toppi Pepsi-deildar karla eftir leiki 8. umferðarinnar í gær. FH var eina toppliðið sem náði í stig en tvö mörk bakvarðarins Guðjóns Árna Antoníussonar tryggðu liðinu 2-2 jafntefli á móti Stjörnunni. Valsmenn og Blikar sýndu bæði styrk sinn með góðum heimasigrum. Rúnar Már Sigurjónsson og Kristinn Jónsson voru bestu menn vallarins í sigrum sinna liða.

### Rúnar Már hetja Valsmanna

Valsmenn unnu 2-1 sigur á Skaganum í dramatískum leik á Hlíðarenda. Rúnar Már Sigurjónsson var hetja Valsmanna. Miðjumaðurinn skoraði frábært mark í fyrri hálfleik eftir mikinn einleik og tryggði svo heimamönnum sigur úr vítaspyrnu skömmu fyrir leikslok.

„Þetta mót er galopið og við viljum sérstaklega gera heimavöll okkar að miklu vígi,“ sagði Rúnar Már í leikslok.

Skagamenn voru afar ósáttir við dóma undir lok leiksins þar sem Valsmenn fengu víti að því er virtist réttilega en fengu aftur á móti ekkert fyrir sinn snúð skömmu síðar á hinum enda vallarins.

„Þetta var virkilega ósanngjarnt. Þeir fá gefins víti. Hlægilegur dómur,“ sagði Þórður Þórðarson þjálfari ÍA ósáttur í leikslok en þetta var annað tap Skagamanna í röð.

### Sverrir tryggði Blikum sigur

Blikar stoppuðu fimm leikja sigurgöngu KR með því að vinna Íslands- og bikarmeistarana 2-1. Blikar eru þar með búnir að vinna þrjá leiki í röð og eru nú farnir að nálgast efstu liðin. Það var hinn 19 ára gamli Sverrir Ingi Ingason sem skoraði sigurmarkið fjórum mínútum fyrir leikslok með skalla eftir aukaspyrnu Kristins Jónssonar.

Kristinn hafði sjö mínútum áður jafnað leikinn eftir að Þorsteinn Már Ragnarsson kom KR í 1-0 á 73. mínútu. Leikurinn var dapur framan af. KR-ingar komast yfir gegn gangi leiksins en heimamenn svöruðu frábærlega og unnu verðskuldaðan sigur.

Kristinn Jónsson, leikmaður Breiðabliks var frábær í leiknum en hann skoraði fyrra mark Blika og lagði upp það síðara. „Við vorum frábærir í þessum leik og áttum við skilið að vinna leikinn. Það voru allir að leggja sig fram fyrir félaga sína og uppskárum við eftir því. Við erum búnir að bæta okkur upp á síðkastið og erum einungis á uppleið,“ sagði Kristinn Jónsson, leikmaður Breiðablik í leikslok.

### Hólmar breytti leiknum

FH og Stjarnan skildu jöfn 2-2 í flottum fótboltaleik í Kaplakrika í gær. Stjarnan fékk sannkallaða óskabyrjun þegar liðið komst yfir á 2. mínútu og eftir 24 mínútur var staðan orðin 2-0.

FH náði að minnka muninn fyrir hálfleik og liðið réð lögum og lofum á vellinum í seinni hálfleik og náði verðskuldað að jafna leikinn en FH hefði hæglega getað stolið sigrinum í lokin.

Hólmar Örn Rúnarsson kom inn á í hálfleik og kom með mikinn kraft í leik liðsins. „Ég var mjög svekktur að fá ekki að byrja í dag og þá þarf maður að bíta á jaxlinn og nýta tækifærið. Við skorum tvö mörk og það á að vera nóg. Við áttum að refsa þeim fyrir að bakka í seinni hálfleik,“ sagði Hólmar.

**- ktd, -shf, -gmi, -óój**

**VALUR 2-1 ÍA**

Vodafonev., áhorf.: 1272 | Þóroddur Hjaltalín (5)

**1-0 Rúnar Már Sigurjónsson (26.), 1-1 Garðar Gunnlaugsson (71.), 2-1 Rúnar Már Sigurjónsson, víti (88.)**

**Skot (á mark):** 13-12 (8-3)
**Varin skot:** Ásgeir 2 - Páll Gísli 6

**VALUR (4-3-3):** Ásgeir Þór Magnússon 6 - Úlfar Hrafn Pálsson 6, Atli Sveinn Þórarinsson 6, Matarr Jobe 7, Brynjar Kristmundsson 6 - Haukur Páll Sigurðsson 8, Guðjón Pétur Lýðsson 6 (81., Atli Heimisson -), ***Rúnar Már Sigurjónsson 8** - Hörður Sveinsson 5, Matthías Guðmundsson 4 (66., Kristinn Freyr Sigurðsson), Kolbeinn Kárason 6 (91., Hafsteinn Briem -).

**ÍA (4-4-2):** Páll Gísli Jónsson 6 - Guðmundur Böðvar Guðjónsson 5, Ármann Smári Björnsson 7, Kári Ársælsson 5, Einar Logi Einarsson 6 - Jón Vilhelm Ákason 4 (76., Andri Adolphsson -), Jóhannes Karl Guðjónsson 6, Arnar Már Guðjónsson 5, Ólafur Valur Valdimarsson 5 (89., Eggert Kári Karlsson -) - Gary Martin 3 (57., Dean Martin 5), Garðar Bergmann Gunnlaugsson 7.

* MAÐUR LEIKSINS

**SELFOSS 1-2 FYLKIR**

Selfossvöllur, áhorf.: 735 | Erlendur Eiríksson (6)

**0-1 Ingimundur Níels Óskarsson (73.), 0-2 Finnur Ólafsson (77.), 1-2 Ólafur Karl Finsen (90.)**

**Skot (á mark):** 17-9 (10-5)
**Varin skot:** Duracak 3 - Bjarni Þórður 9

**SELFOSS (4-5-1):** Ismet Duracak 4 - Ivar Skjerve 5, Stefán Ragnar Guðlaugsson 4, Endre Ove Brenne 5, Robert Johann Sandnes 5 (79., Ólafur Karl Finsen –), - Babacar Sarr 6, Jon Andre Royrane 6, Jón Daði Böðvarsson 6, Moustapha Cisse 5 (66., Josep Edward Tillen 5), Tómas Leifsson 6 (74., Sigurður Eyberg Guðlaugsson –), - Viðar Örn Kjartansson 6.

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 7 - Andri Þór Jónsson 6 (78., Árni Freyr Guðnason –), Kristján Valdimarsson 6, David Elebert 6, Tómas Þorsteinsson 6 - ***Ásgeir Börkur Ásgeirsson 8**, Davíð Þór Ásbjörnsson 6, Oddur Ingi Guðmundsson 7 - Ingimundur Níels Óskarsson 7, Björgólfur Hideaki Takefusa 6 (84., Magnús Þórir Matthíasson –), (46., Finnur Ólafsson 7).

* MAÐUR LEIKSINS

## Staðan í Pepsi-deild karla:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **8** | **5** | **2** | **1** | **20-7** | **17** |
| KR | 8 | 5 | 1 | 2 | 16-11 | 16 |
| **ÍA** | **8** | **4** | **2** | **2** | **12-13** | **14** |
| Stjarnan | 8 | 3 | 4 | 1 | 16-14 | 13 |
| **Breiðablik** | **8** | **4** | **1** | **3** | **7-7** | **13** |
| Valur | 8 | 4 | 0 | 4 | 13-10 | 12 |
| **Fylkir** | **8** | **3** | **3** | **2** | **10-15** | **12** |
| ÍBV | 8 | 3 | 2 | 3 | 15-9 | 11 |
| **Keflavík** | **8** | **3** | **1** | **4** | **12-13** | **10** |
| Selfoss | 8 | 2 | 1 | 5 | 10-15 | 7 |
| **Fram** | **8** | **2** | **0** | **6** | **7-12** | **6** |
| Grindavík | 8 | 0 | 3 | 5 | 11-23 | 3 |

**NÆSTU LEIKIR:**

| | |
|---|---|
| **Fös. 29. júní:** | **ÍBV - Valur** |
| **lau. 30. júní:** | **ÍA - FH** |
| **Sun. 1. júlí:** | **KR - Grindavík** |
| **mán. 2. júlí:** | **Keflavík - Selfoss** |
| **mán. 2. júlí:** | **Stjarnan - Fram** |
| **mán. 2. júlí:** | **Fylkir - Breiðablik** |

Helga Margrét Þorsteinsdóttir hefur átján daga til að ná lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana í London:

# Stífna upp og tapa hraða í sprettunum

**FRJÁLSAR** Sjöþrautarkonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir var nokkuð frá sínu besta á Norðurlandamóti ungmenna í sjöþraut í Noregi um síðustu helgi. Frestur til að ná Ólympíulágmarki í greininni rennur út 8. júlí en Helga var ekki sátt við frammistöðuna ytra sem skilaði henni þó öðru sæti.

„Þetta var ekki nógu gott. Ég renndi nokkuð blint í sjóinn eftir að hafa komið heim, breytt um æfingar og þjálfara. Svo var grenjandi rigning og rok á laugardeginum sem var ekki til að hjálpa. Þetta small ekki í þetta skiptið en kom mér þó á óvart hve hátt stigaskorið var miðað við hvað mér fannst þrautin illa heppnuð,“ segir Helga Margrét og er spennt fyrir sínu síðasta tækifæri til að ná lágmarkinu.

„Það þarf mjög lítið að takast til þess að ég nái lágmarkinu. Það væri frábær plús en ef ekki held ég bara áfram að berjast í þessu,“ segir Helga Margrét.

Helga Margrét hlaut 5.645 stig um liðna helgi en Íslandsmet hennar frá júní 2009 er 5.878 stig. Ólympíulágmarkið er 5.950 stig og Helga Margrét segir að það vanti upp á úthaldið hjá sér.

„Ég stífna alltaf upp og tapa hraða í lokin í 100 og 200 metra hlaupi auk grindarhlaupsins. Við erum að leita að ferskleika, þetta er orðið svolítið vélrænt,“ segir Helga Margrét sem ætlar að reyna við Ólympíulágmarkið í síðasta sinn helgina 7.-8. júlí.

„Ég gæti keppt á móti í Frakklandi en svo eru líka mót í Belgíu og Hollandi. Við erum að skoða hvað hentar mér best.“

Helga Margrét hlaut á þriðjudaginn 300 þúsund króna styrk auk niðurfellingu 60 þúsund króna skráningargjalds frá Háskóla Íslands. 26 nýnemar við skólann voru verðlaunaðir ýmist fyrir framúrskarandi námsárangur eða árangur á öðru sviði, til dæmis íþrótta. Í tilfelli Helgu Margrétar



**HELGA MARGRÉT** Tekur á því með kúluna á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

á bæði við en hún var semídúx frá Menntaskólanum við Hamrahlíð vorið 2011 með 9,83 í meðaleinkunn.

„Styrkurinn mun koma sér mjög vel,“ segir Helga sem segir hvetjandi og gott að vita að háskólanámið standi til boða, en Helga Margrét stefnir á nám í næringarfræði. „Það er auðvitað mikið óvissuástand hjá mér og ég veit ekki hvað tekur við næsta haust,“ segir Helga sem telur þó líklegra að æfingar samhliða námi í HÍ verði lendingin.

„Ég tek einn dag í einu á meðan ég vinn að því að ná Ólympíulágmarkinu. Svo tek ég stöðuna hvað verður í haust,“ segir Helga Margrét.

**- ktd**

# FYRIR HEIMILIÐ

Verið velkomin í Húsgagnahöllina

HÚSGAGNAHÖLLIN

FALLEG HÚSGÖGN & SMÁVARA SEM LÍFGA UPP Á HEIMILIÐ ÞITT



**STORY** 2 sæta sófi. B:170 D:87 H:80 cm.
3 sæta sófi. B:210 D:87 H:80 cm.
Ljóst áklæði.

2 SÆTA **129.990**

3 SÆTA **159.990**



**MELBOURNE** svefnsófi. B:242 D:91/168 H:85.
Dýna: 147x200 cm. Dökkgrátt áklæði.

NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**143.990**

FULLT VERÐ: 179.990



**PLECTOR** eldhúsborð.
120x111 cm H:74 cm
**MERIT** borðstofustóll.
Grátt áklæði.

BORÐ **109.990**

STÓLL **14.990**
FULLT VERÐ: 24.990



NÚNA 50% AFSLÁTTUR

**SÁPUPUMPUR**
Fást í rauðu,
appelsínugulu
og bláu.

**495**
FULLT VERÐ: 990



**GALZONE OG SPICY** krúsir.
Margir litir.

Verð frá Kr. **390**



**BECKY** stofuborð
L:110 cm B:70 cm H:40 cm

**39.990**



**KENYA** hægindastóll.
Svart leður áklæði

**79.990**






GLÆSILEG LA-Z-BOY DEILD KOMDU TIL OKKAR OG PRÓFAÐU



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**71.990**
FULLT VERÐ: 119.990

LAZBOY

**COLE** La-z-boy stóll. Vínrautt, natur, svart eða röndótt áklæði.
B:80 D:73 H:102 cm.



**129.980**

LAZBOY

**RIALTO** La-z-boy stóll. Vínrautt, grænbrúnt
eða brúnt áklæði. B:80 D:90 H:105 cm.



**159.980**

LAZBOY

**PINNACLE** La-z-boy stóll. Svart eða
hvítt leðuráklæði Einnig til í natur, brúnu,
svörtu eða grænu áklæði. B:82 D:81 H:102 cm.

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða MasterCard VISA

**HÚSGAGNAHÖLLIN** Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 **SUNNUDAGA LOKAÐ.**

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**1904** **VAR SÍÐAST KEPPT** í golfi á Ólympíuleikum.

**17.000** **MANNS** eru í golfklúbbum hér á landi.



**FRAMTÍÐARMENN** Þessir ungu herramenn létu ljósmyndun ekkert á sig fá við æfingar í gær. Uppgangur í íþróttinni á undanförnum árum hefur þegar skilað stórum hópi af ungu fólki sem getur náð langt fái það svigrúm til æfinga og fjármagn til að láta drauma sína rætast.

# Ólympíuleikar eru takmarkið

**Í tilefni af Ólympíuviku ÍSÍ stóð Golfsamband Íslands fyrir sérstökum golfdegi í gær. Fyrir liggur að keppt verður í golfi á Ólympíuleikunum í Brasilíu árið 2016 í fyrsta sinn frá árinu 1904, og því ekki seinna vænna að hefja undirbúning. Fjöldi golfklúbba tók á móti börnum og unglingum og kynnti þeim golfíþróttina. Markið er sett hátt enda er golf næstvinsælasta íþrótt landsins í dag. Myndir *Daníels Rúnarssonar* ljósmyndara sýna að það er hugur í yngstu kynslóðinni, en allir aldurshópar komu saman við æfingar í gær og nutu dagsins.**



**MIKILVÆGASTA KYLFAN** Það voru margir sem tóku púttarann í gær enda hefur það verið haft fyrir satt að sá sem ekki æfir sig á flötunum verður alltaf í vandræðum.



**ÍÞRÓTT FYRIR ALLA** Það voru ekki allir sem mættu til golfiðkunar í gær sem hafa Ólympíuleikana 2016 sem gulrót til að ná árangri.


ÚTILÍF
25%
AF HJÓLUM
SÚPERTILBOÐ Í HJÓLADEILDINNI Í HOLTAGÖRÐUM.
JAMIS
ÞÚ FÆRÐ ALLAR TEGUNDIR REIÐHJÓLA, HJÓLAFATNAÐAR, HJÁLMA OG AUKAHLUTA Í ÚTILÍF.
TILBOÐ: 19.990 KR.
JAMIS LADY BUG
12" barnahjól.
Almennt verð: 26.990 kr.
TILBOÐ: 19.990 KR.
JAMIS HOT ROD
12" barnahjól.
Almennt verð: 26.990 kr.
TILBOÐ: 22.490 KR.
JAMIS MISS DAISY
16" barnahjól.
Almennt verð: 29.990 kr.
TILBOÐ: 22.490 KR.
JAMIS LASER 1.6
16" barnahjól.
Almennt verð: 29.990 kr.
TILBOÐ: 26.490 KR.
JAMIS LASER 2.0
20" barnahjól. Með fótbremsu.
Almennt verð: 34.990 kr.
TILBOÐ: 33.690 KR.
JAMIS X 20
20" Barnahjól. Álstell, 6 gírar.
Almennt verð: 44.990 kr.
TILBOÐ: 37.490 KR.
JAMIS X 24
24" barnahjól. Álstell,14 gírar.
Almennt verð: 49.990 kr.
TILBOÐ: 37.490 KR.
JAMIS XR
26" fjallahjól. 21 gír. Einnig til í unglingastærðum.
Almennt verð: 49.990 kr.
TILBOÐ: 44.990 KR.
JAMIS TRAIL X1
26" fjallahjól. Álstell, framdempari, 21 gír. Einnig til í unglingastærðum.
Almennt verð: 59.990 kr.
TILBOÐ: 44.990 KR.
JAMIS TRAIL X1
26" fjallahjól. Álstell, framdempari, 21 gír. Einnig til í unglingastærðum.
Almennt verð: 59.990 kr.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM, GLÆSIBÆ, KRINGLUNNI, SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

> **Fringe**

**Stöð 2 kl. 21.35**

***Fjórða þáttaröðin af Fringe hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Olivia Dunham er sérfræðingur hjá FBI sem vinnur með feðgunum Peter og Walter Bishop við rannsókn yfirnáttúrulegra mála. Fjórða þáttaröð hefst einni viku eftir að Peter hvarf og það eru engin ummerki um tilvist hans í þessum heimi. En eins og aðdáendur þáttanna vita þá er ekkert eins og það sýnist vera.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON HORFIR Á EM

# *Sérfræðingar sem bæta engu við*

Við-tækis-skrifari horfir á Evrópumótið í fótbolta. Það er góð skemmtun. Þrátt fyrir hin venjulegu og háværu harmakvein þeirra hópa sem hafa ekki ánægju af því að horfa á íþróttir í sjónvarpi þá hefur RÚV þorað að bjóða upp á svokallaða EM-stofu að loknum leikjum hvers dags. Líkt og tíðkast í slíkum samantektarþáttum eru fengnir sérfræðingar til að greina það sem átti sér stað á hverjum leikdegi. Oftast ríkir eftirvænting eftir þannig þáttum í nærumhverfi Við-tækis-skrifara, en svo er ekki í þetta sinn. Í kjarna sérfræðingahópsins hafa nefnilega valist annars vegar eintóna og lágstemmdir menn, og hins



vegar menn sem hvorki hafa þekkingu né áhuga á að sinna þessu starfi. Fyrir áhugamenn um fótbolta er algjört lágmark að sérfræðingarnir bjóði upp á einhverja innsýn, greiningu og viðbótarfróðleik sem þeir höfðu sjálfir ekki áttað sig á til að halda þeim við tækin. Því miður hefur það ekki tekist. RÚV valdi að fara þá hefðbundnu leið að fá gamlar fótboltahetjur til að setja sig í sérfræðistellingarnar. Í ljósi árangursins er kannski umhugsunarvert að skipta um taktík í því vali fyrir næsta stórmót og einblína á að fá einhverja sem vita raunverulega eitthvað um hvað þeir eru að tala.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Ástmögur þjóðarinnar **14.00** Fréttir **14.03** Leiksýning í Rósenborgargarði **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Matartíminn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Liðast um landið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarhátíðin Reykjavík Midsummer Music 2012 **21.30** Kvöldsagan: Egils saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Meðal annarra orða - Bernska **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.00 Baráttan um Bessastaði - Frambjóðendur kynntir** (6:8) (Andrea Ólafsdóttir) (e)
**14.30 Leiðarljós** (Guiding Light)
**15.15 Táknmálsfréttir**
**15.25 Þeir fiska sem róa**
**16.10 Sólskinsdrengurinn** (e)
**18.00 Fréttir og veður**
**18.25 EM stofa** Hitað upp fyrir leik á EM í fótbolta.
**18.45 EM í fótbolta** (Tékkland-Portúgal, átta liða úrslit) Bein útsending frá leik Tékka og Portúgala í átta liða úrslitum.
**20.40 EM kvöld** Farið yfir leiki dagsins á EM í fótbolta.
**21.10 Vitlausir í óperur: Caffè Taci í New York** (Verrückt nach Oper - Das Caffè Taci in New York) Þýsk heimildarmynd um samfélagið á Caffè Taci á Manhattan þar sem demantakaupmenn, söngvarar, umboðsmenn, óperuunnendur og bóhemar hittast og lífið er eins og ópera.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Veðurfréttir**
**22.30 Glæpahneigð** (132:138) (Criminal Minds VI) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Vera** (Vera) (e)
**00.45 Fréttir**
**01.10 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 When Harry Met Sally**
**10.00 Love Wrecked**
**12.00 Artúr og Mínímóarnir**
**14.00 When Harry Met Sally**
**16.00 Love Wrecked**
**18.00 Artúr og Mínímóarnir**
**20.00 The Hangover**
**22.00 Wedding Daze**
**00.00 The Lookout**
**02.00 Sicko**
**04.00 Wedding Daze**
**06.00 The Russell Girl**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (156:175)
**10.15 Glee** (8:22)
**11.00 Extreme Makeover. Home Edition** (8:25)
**11.45 Lie to Me** (6:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 When In Rome**
**14.40 Smallville** (7:22)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (6:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Simpsons**
**19.40 Arrested Development** (3:18)
**20.05 Masterchef USA** (5:20) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.
**20.50 The Closer** (7:21) Sjöunda þáttaröðin um líf og starf morðrannsóknardeildar hjá lögreglunni í Los Angeles. Þar fer Brenda Johnson með völd, en hún býr yfir einstakri næmni og hæfileika til að skyggnast inn í líf fórnarlamba og grunaðra.
**21.35 Fringe** (1:22) Fjórða þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem talin eru eiga sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**22.20 Rescue Me** (18:22)
**23.05 Dallas** (1:10)
**00.00 Rizzoli & Isles** (2:15)
**00.45 The Killing** (6:13)
**01.30 House of Saddam** (2:4)
**02.25 Tyson**
**04.10 When In Rome**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.10 Pepsi mörkin**
**17.00 Selfoss - Fylkir**
**18.50 Pepsi mörkin**
**20.00 Norðurálsmótið** Sýndar eru svipmyndir frá Norðurálsmótinu á Akranesi þar sem strákar í 7. flokki láta ljós sitt skína.
**20.50 Sterkasti maður Íslands**
**21.20 Tvöfaldur skolli** Skemmtilegur þáttur þar sem Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina.
**21.55 Pepsi mörkin**
**23.10 Miami - Oklahoma**
**01.00 Miami - Oklahoma** Bein útsending frá leik Miami Heat og Oklahoma City Thunder. Þetta er fimmti leikur liðanna í úrslitaeinvígi NBA.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Man. Utd. - Wolves**
**19.40 PL Classic Matches: Tottenham - Chelsea, 1997**
**20.10 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.40 Arsenal - Liverpool**
**22.25 Season Highlights 2003/2004**
**23.20 Swansea - Blackburn**

## 2 EXTRA

**19.55 The Doctors** (141:175)
**20.35 In Treatment** (59:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Stóra þjóðin** (4:4)
**22.15 New Girl** (19:24)
**22.40 2 Broke Girls** (7:24)
**23.05 Drop Dead Diva** (3:13)
**23.50 Gossip Girl** (19:24)
**00.35 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (3:7)
**01.30 In Treatment** (59:78)
**01.55 The Doctors** (141:175)
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 The Biggest Loser** (6:20) (e)
**16.40 Being Erica** (7:13) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.05 The Firm** (17:22) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.20 30 Rock** (3:23) (e)
**19.45 Will & Grace** (7:27) (e)
**20.10 Eldhús sannleikans** (7:10) Sigmar B. Hauksson snýr nú aftur með nýja seríu matreiðsluþátta.
**20.35 Solsidan** (10:10) Hér segir frá tannlækninum Alex og kærustu hans Önnu og kynnum þeirra af undarlegum fígúrum hverfisins sem þau eru nýflutt í. Brúðkaupið er yfirvofandi og í þessum lokaþætti fer allur undirbúningurinn og öll vinnan út um þúfur fyrir brúðhjónin Alex og Önnu.
**21.00 Blue Bloods** (19:22) Vinsælir bandarískir sakamálaþættir sem gerast í New York borg. Drengur krefst þess að Danny taki upp gamalt mál, eitthvað segir honum að hlusta á drenginn. Hetjudáð Jamie í eldsvoða gæti komið upp um gervið hans.
**21.50 The River** (1:8) Hrollvekjandi þáttaröð um hóp fólks sem lendir í yfirnáttúrulegum aðstæðum í Amazon. Þátturinn fjallar um björgunarleiðangur sem heldur til Suður-Ameríku í kjölfar þess að þekktur sjónvarpsmaður hverfur á ferð sinni um regnskóga Amazon.
**22.40 Jimmy Kimmel** (e)
**23.25 Law & Order: Criminal Intent** (3:16) (e)
**00.10 Unforgettable** (9:22) (e)
**01.00 Blue Bloods** (19:22) (e)
**01.50 Camelot** (2:10) (e)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** US Open 2012 (4:4) **12.00** Golfing World **12.50** US Open 2012 (4:4) **18.35** Inside the PGA Tour (25:45) **19.00** Travelers Championship - PGA Tour 2012 (1:4) **22.00** Golfing World **22.50** Ryder Cup Official Film 2008 **00.05** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**11.50** QI **12.20** QI **12.45** Keeping Up Appearances **13.15** Keeping Up Appearances **13.45** My Family **14.15** My Family **14.45** The Graham Norton Show **15.30** QI **16.00** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **18.40** QI **19.10** The Best of Top Gear **20.00** The Royal Bodyguard **20.30** Twenty Twelve **21.05** The Graham Norton Show **21.50** Live at the Apollo **22.35** The Best of Top Gear **23.24** QI **23.59** The Royal Bodyguard **00.30** Twenty Twelve **01.05** The Graham Norton Show

## DR 1

**11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies australske kokkeskole **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.25** Rosa fra Rouladegade **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det Søde Sommerliv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** EURO 2012 **18.45** Fodbold: Euro 2012 **19.30** TV Avisen **19.40** Fodbold: Euro 2012 **20.30** EURO 2012 **21.00** Taggart **22.05** OBS **22.10** Ved du hvem du er? **23.10** Lægerne

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Sjøsprøyt **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Toppidrettsveka **18.00** Fotball: Euro 2012 **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Farlig spill **21.00** Kveldsnytt **21.20** Kalde føtter **22.05** Toppidrettsveka **22.35** Cat dancers **23.50** På vei til Sel **00.20** Bitt av naturen **00.50** Farlig spill **05.00** Morgennytt

## svt1

**07.30** Extra Rapport **14.00** Rapport **14.05** Minnenas television **15.10** Det ljuva livet i Alaska **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** En dag i Tallinn **17.05** En man och hans bil **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sommarsverige idag **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Fotboll. Euro 2012 **21.00** Humor godkänd av staten **21.10** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.25** Gravid i höga klackar **22.10** Stulet barn **23.40** Rapport **23.45** Nordkalotten 365 **00.15** Det ljuva livet i Alaska

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing 21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur 21.30 Perlur úr myndasafni**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |







Íslenska og Brooklyn Brothers í London hlutu nú í vikunni Gullna ljónið á hinni virtu auglýsingahátíð í Cannes í flokknum „Best International PR Campaign“. Verðlaunin eru veitt fyrir heimboð Íslendinga síðastliðið haust en þau voru hluti af markaðsátakinu Inspired by Iceland.

Íslenska þakkar þeim fjölmörgu gestrisnu Íslendingum sem tóku þátt í herferðinni fyrir samstarfið.

Íslenska
Laufásvegi 49-51, 101 Reykjavík
Sími 591 4300 – islenska.is

**SUMARFRÍIÐ**



*„Við erum að fara fjölskyldan í íbúðaskipti til Barcelona. Þetta er í fyrsta skipti sem við heimsækjum borgina og það er mikil stemning fyrir þessu.“*

Valur Freyr Einarsson, leikari og leikskáld.

# Felur „fjársjóði“ á tökustöðum

Íslenskir og erlendir ferðalangar geta núna tekið þátt í ævintýralegri „fjársjóðsleit“ hér á landi tengdri kvikmyndum. Geochase er vinsæl alþjóðleg „fjársjóðsleit“ eða ratleikur sem styðst við GPS-tækni. Leikurinn gengur út á að hver sem er getur falið „fjársjóðsbox“ hvar sem er í heiminum í gegnum síðuna Geochasing.com.

Kvikmyndagerðarmaðurinn Eysteinn Guðni Guðnason hefur komið fyrir fjórtán kvikmyndaboxum víðs vegar um Ísland. „Þemað var að fela þetta á frægustu tökustöðunum. Þetta eru bæði víðförlir staðir og líka úr leið,“ segir Eysteinn Guðni. Um er að ræða tökustaði mynda á borð við Batman Begins, Prometheus, Flags of Our Fathers og Die Another Day sem voru allar teknar upp að hluta til hér á landi, auk mynda eins og Börn náttúrunnar, Pappírs Pési og Nói albínói. „Þetta er mjög skemmtileg leið til að fara á staði sem maður fer annars ekki á,“ segir hann. „Þetta eru líka staðir sem maður fer kannski oft á án þess að vita að þar voru teknar upp frægar bíómyndir.“

Í boxunum sem hann útbjó eru gestabók, útprentaðar ljósmyndir úr kvikmyndunum og minjagripir. „Þetta vekur athygli á íslenskri kvikmyndasögu og nú þegar eru margir útlendingar byrjaðir að taka þátt í leiknum.“

Þátttakendum er bent á að fara inn á síðuna Kvikmyndir.is/geotrail til að hefja leikinn. Á Kvikmyndir.is er einnig hægt að finna tökustaði íslenskra og erlendra kvikmynda hér á landi með aðstoð Google Maps, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. **- fb**



**Á TÖKUSTAÐ** Eysteinn Guðni Guðnason með eitt boxanna sem hann faldi á tökustað Batman Begins á Svínafellsjökli.



**MIÐLA ÞEKKINGU SINNI** Eurovision-fararnir Greta Salóme og Friðrik Ómar hittu Töru Þöll og miðluðu reynslu sinni og þekkingu til hennar til að hjálpa henni að undirbúa sig fyrir keppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

TARA ÞÖLL DANÍELSDÓTTIR: ALDREI TEKIÐ ÞÁTT Í JAFN STÓRRI KEPPNI

# Greta og Friðrik Ómar hjálpa til við undirbúning

„Ég er svolítið stressuð en aðallega bara rosalega spennt,“ segir hin 18 ára gamla Tara Þöll Danielsen Imsland sem mun keppa fyrir hönd Íslands í European Song Competition á Írlandi dagana 27. - 29. júní.

European Song Competition er alþjóðleg söngvakeppni fyrir fólk með þroskahömlun og er þetta í fyrsta skipti sem Ísland tekur þátt. Keppnin fer fram í Cork borg á Írlandi og eru um 20 þátttakendur víðs vegar að úr Evrópu sem mæta til leiks. Tara Þöll hefur aldrei æft söng en segist þó hafa sungið mikið í gegnum tíðina. „Ég hef oft tekið þátt í alls kyns söngvakeppnum í skólanum og Hinu húsinu, en aldrei í neinni jafn stórri og þessari,“ segir hún. Tara mun syngja lagið Bad Romance með Lady Gaga við undirspil sinfóníuhljómsveitar og verður án efa glæsileg á sviði íklædd kjól frá Arfleið. „Hún Ágústa í Arfleið gaf mér kjólinn sem hún hannaði sérstaklega handa mér. Hann er alveg í mínum stíl og meðal annars gerður úr hreindýraleðri og fiskiroði,“ segir Tara.

Það er Hitt húsið og List án landamæra sem standa fyrir þátttöku Íslands í keppninni í ár. Haldin var forkeppni síðasta haust þar sem Tara Þöll fór með sigur af hólmi og var í kjölfarið valin til þátttöku af aðstandendum keppninnar úti, en ekki komust allir þar að sem sóttu um. Hún segir undirbúninginn hafa verið mikinn undanfarna daga, en sjálf heldur hún utan þann 21. júní í nokkurra daga frí með foreldrum sínum áður en hún hittir hópinn í Cork.

Keppnin er hálfgert ígildi Eurovision-söngvakeppninnar nema fyrir þroskaskerta og segist Tara vera mikill Eurovision-aðdáandi. „Ég hef fylgst vel með Eurovision síðan árið 2000 og á mér mörg uppáhalds lög,“ segir hún. Greta Salóme og Friðrik Ómar, Eurovisionfarar með meiru, hafa hitt Töru Þöll á æfingum og lagt sitt af mörkum til að hjálpa henni að undirbúa sig undir það sem koma skal. „Ég er mjög þakklát Gretu og Friðriki fyrir að gefa sér tíma til að hjálpa mér. Mér finnst Greta alveg frábær og finnst hún og allur hópurinn hafa staðið sig rosalega vel í Eurovision í ár,“ segir Tara Þöll að lokum. **tinnaros@frettabladid.is**

# Myndirnar á á Times Square

„Það var verið að auglýsa eftir listamönnum til að taka þátt í sýningunni og ég ákvað að senda inn nokkrar myndir. Almenningur kaus svo um það hverjir kæmust áfram og ég náði þeim kvóta sem til þurfti og fékk því að vera með,“ útskýrir Björn Árnason ljósmyndari en myndir eftir hann voru sýndar á Times Square í New York á mánudag.

Að sýningunni stóðu samtökin Artists Wanted sem vinna að því að koma á samböndum milli listamanna og alþjóðlegra áhorfenda. Mikill fjöldi listamanna sendi inn verk og voru nokkur þúsund valin til sýningar að lokinni vinsældakosningu. Myndunum var síðan varpað á fjölda skjáa sem búið var að koma fyrir á hinu fræga Times torgi í miðborg New York.

Inntur eftir því hvort hann telji að þátttaka sín í sýningunni muni skila honum frægð og frama segist Björn óviss um það. „Ég veit ekki hvort sýningin sjálf muni gera nokkuð fyrir mig, það er frekar að fólkið sem skoðaði myndirnar á Netinu og gaf mér atkvæði sitt muni skila mér einhverju. Mig langar að halda áfram að reyna að byggja upp sambönd og vekja athygli á verkum mínum úti,“ segir Björn sem lauk námi við Ljósmyndaskólann í vor. Hann hefur stundað ljósmyndun undanfarin sjö ár og hyggst gefa út sína fyrstu ljósmyndabók á næstu misserum.

„Lokaverkefni mitt frá Ljósmyndaskólanum var að mynda Reykjanesið og ég ætla að halda áfram með það núna og stefni svo á að gefa út bók með verkunum,“ segir hann að lokum. Áhugasömum er bent á heimasíðu Björns www.bjornarnason.com. **- sm**



BJÖRN ÁRNASON



**Á TIMES SQUARE** Ein myndanna eftir Björn Árnason sem sýndar voru á Times Square í New York á mánudag. MYND/BJÖRN ÁRNASON



Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# SJÓNVÖRP Í MIKLU ÚRVALI

## HÁGÆÐATÆKI Á HAGSTÆÐU VERÐI!




**PS43E450A1WXXN**

**Samsung 43" Plasma**
HD-Ready / USB / DVB-T

**Verð: 119.995**
Verð áður: 149.995 **25%**

SAMSUNG

**Frí áskrift að Stöð 2 í tvo mánuði fylgir völdum LG sjónvörpum!**



**Verð: 89.996**
Verð áður: 99.995 **10%**

**32LV250** LG Life's Good

**LG 32" LED**
HD-Ready / USB / DivX-HD / DVB-T / Picture Wizard / Clear Voice



**Verð: 199.196**
Verð áður: 239.995 **17%**

**47LV450** LG Life's Good

**LG 47" LED**
100Hz / FullHD / DVB-T / USB / DivX-HD / Picture Wizard / TruMotion



**Verð: 149.396**
Verð áður: 179.995 **17%**

**42LV375** LG Life's Good

**LG 42" LED**
FullHD / SmartTv / DVB-T2 / DivX-HD Plus / TruMotion / DLNA / LAN / Picture Wizard II



**Verð: 79.196**
Verð áður: 89.995 **12%**

**32EL833** TOSHIBA

**Toshiba 32" LED**
HD-Ready / USB / DVB-T / 100Hz AMR



**Verð: 69.997**
Verð áður: 99.995 **30%**

**LET26C430** Haier

**Haier 26" LED**
FullHD / USB video / DVB-T



**Verð: 127.996**
Verð áður: 159.995 **20%**

**42HL833**

**Toshiba 42" LED**
FullHD / USB DVB-T / 100HZ AMR

TOSHIBA

PIPAR\TBWA • SÍA • 121913

Sérfræðingar Hátækni veita þér ráðgjöf um val á rétta sjónvarpinu fyrir þig.
Við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu.

Hátækni

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Rúvarar með Bjartmari

RÚV-prinsarnir Andri Freyr Viðarsson og **Helgi Seljan** voru sérstakir heiðursgestir á sextugsafmælistónleikum Bjartmars Guðlaugssonar í Hörpu um helgina. Helgi steig reglulega á stokk á tónleikunum og las lofræður frá aðdáendaklúbbi Bjartmars. Þá voru sveinarnir kynntir á svið til að syngja bakraddir í „Stúdentshúfunni", en létu ekki sjá sig. Það kom þó ekki að sök þar sem þeir bættu upp fyrir það með því að taka lagið í smellinum „Ég er ekki alki," við mikinn fögnuð viðstaddra. Annar heiðursgestur var Þorgeir Ástvaldsson, sem mætti draghaltur á svið af ótilgreindum ástæðum.



### Lady Gaga-jakkinn boðinn upp

Jakki sem fatahönnuðurinn **Vera Þórðardóttir** hannaði fyrir poppsöngkonuna frægu Lady Gaga er nú á uppboði á einni helstu uppboðssíðu Los Angeles, Julienslive.com. Jakkanum klæddist Lady Gaga er hún kom fram á árlegri góðgerðaskemmtun Eltons John árið 2010. Gert er ráð fyrir að jakkinn seljist á allt að sex þúsund dollara, eða um 750 þúsund íslenskar krónur. Vera er búsett í London en fylgist spennt með uppboðinu.

- sv / áp



## Mest lesið vísir

1. Kvartað undan öryggisvörðum Tom Cruise
2. Voyager 1 að sigla út fyrir ystu mörk sólkerfisins
3. Alþingi greiðir líkamsrækt fyrir þingmenn
4. Var handtekinn vegna morðs - fær 200 þúsund í bætur
5. Reykvíkingur ársins veiddi Maríulaxinn í Elliðaánum





